



2024 -2025

Skýrsla kennsluteyma

MENNTUN

GLEÐI

UMHYGGJA

FRAMFARIR

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. bekkur.....	3
2. bekkur.....	10
3. bekkur.....	16
4. bekkur.....	24
5. bekkur.....	31
6. bekkur.....	37
7. bekkur.....	49
8. bekkur.....	59
9. bekkur.....	72
10. bekkur.....	79
Íþróttir og sund.....	87
List- og verkgreinar.....	90
Textílmennt.....	90
Fatahönnun - valgrein.....	92
Hönnun og smíðar.....	93
Dans.....	95
Heimilisfræði.....	96
Myndmennt.....	98
Sérkennsluteymi Brekkuskóla.....	99

Inngangur

Skýrslan veitir heildstæða yfirsýn yfir starfsemi kennsluteymanna í öllum árgöngum skólans á skólaárinu. Hún varpar ljósi á ferli markmiðasetningar, uppbyggingu kennsluskipulags og framkvæmd námsmats, og sýnir hvernig þessir þættir fléttast saman í daglegu skólastarfi.

Í gegnum þetta ígrundandi ferli vinna kennsluteymin markvisst að því að:

- taka kerfisbundið saman og meta eigin starfshætti,
- greina hvernig nýtt er úr tiltækum björgum og kennslugögnum,
- móta framtíðarstefnu til áframhaldandi þróunar kennsluhátta.

Lykilþáttur í vinnunni er ítarleg rýni á kennsluáætlunum allra námsgreina. Þar samræma teymin námsmarkmið milli kennsluáætlana og hæfnikorta í Mentor kerfinu. Í því ferli greina þau þörf fyrir endurbætur og ráðast í úrbætur eftir því sem við á. Jafnframt kanna teymin með markvissum hætti möguleika Mentor kerfisins sem verkfæris fyrir skráningu, sérstaklega þegar kemur að lotu- og verkefnaskráningu með það að markmiði að hámarka notagildi þess í kennslu og námsmati.

1. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar voru tveir í 100% stöðu. Í október bættist við aðstoðarkennari í 65% stöðu og var fram í mars. Sérkennari kom að nokkrum nemendum yfir veturinn. Nemendur voru 31 í upphafi skólaárs, einn nemandi bættist við um miðjan september og einn í janúar. Nemendahópurinn endaði í 33 börnum.

Stuðningsfulltrúar voru þrír. Í upphaf skólaárs var einn stuðningsfulltrúi með teyminu og um miðjan september bættust tveir stuðningsfulltrúar (skólaliði var með hópnum fyrstu tvær vikurnar) í desember bættist sá fjórði við og annar hætti störfum.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum var skipt í fjóra hópa (einn, tveir, þrír, fjórir), tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og átta hóparnir rúlla á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-5 vikna millibili) en vegna aðstæðna rúlluðu hóparnir ekki á milli stofa. Hóparnir voru allt skólaárið í sömu hópnum hjá sama umsjónarkennara. Í Mentor var nemendum skipt á umsjónarkennarana tvo og unnið út frá því að það væru þeir hópar sem mættu í samtöl til viðkomandi kennara að hausti og í janúar.

Nemendum var síðan skipt í þrjá hópa í sundi (þríhyrningar, hjörtu, stjörnur) og sú skipting var stundum notuð þegar skipta þurfti árganginum í þrjá hópa í verkefnavinnu, stöðvavinnu eða hringekju.

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði og undir hvorum námsvegg var borð með tilheyrandi hjálpargögnum fyrir viðkomandi námsgrein. Rautt fyrir íslensku og blátt fyrir stærðfræði.

Uppröðun borða var að mestu leiti raðað í fjórar einingar, ýmist fjögur eða fleiri borð saman. Starfsfólk átti þá auðvelt með að fara á milli á kollum á hjólum en húsgögn í 1. bekk eru mjög lág. Nemendur voru síðan færðir til í sætum eftir þörfum og þegar sambýlið var ekki að ganga upp af einhverjum ástæðum.

Einn nemandi í árganginum vann í heimastofu og í skólastofu 137 fram til febrúar/mars en þá var breytt til og unnið mikið með nemandanum í rými 141 og inn í heimastofu.

Hlíðarfjall, sérkennslustofa – Sigrún Héðinsdóttir

Alls var gert ráð fyrir 3 - 5 kennslustundum í stoð/sérkennslu í þessum árgangi. Einn hópur úr 1. bekk kom í Hlíðarfjall í vetur þ.e. 5 - 6 nemendur í hópi. Einnig fór stoð/sérkennari inn í bekk þegar það átti við. Stoð/sérkennari tók m.a. þátt í stöðvavinnu í árganginum fyrstu vikur skólaársins til að auka fjölbreytni í verkefnum.

Í Hlíðarfjalli voru hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin var metin meðal annars út frá Lesskimun í okt. og lesfímiprófum. Unnið var út frá námskrá bekkjarins.

Sérstaklega var unnið með stafina og hljóð þeirra á fjölbreyttan hátt. Jafnframt var unnið með málþroska, orðaforða og hugtakaskilning. Umsagnir sérkennara voru vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum Byrjendalæsis. Einnig var unnið með bækurnar Lestrarlandið vinnubók 1+ og 2+. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir Byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða bókstafi var unnið með, hvert lykilorðið var og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, stafainnlögn ásamt allri vinnu sem henni viðkom og hljóðkerfisvitund. Við reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, textíl og samfélagsfræði. Lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við leir, lpad, svampstafi og ritun í myndum og orðum. Samstarf við sérkennara var afar gott og voru allar kennslustundir með ákveðin námsmarkið að leiðarljósi. Tekin voru lesfimispróf, lesskimun og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Góðar og markvissar vetraráætlanir í byrjendalæsi hjálpa mikið til að létta skipulagið þar sem við gátum haft fyrir áætlanir til hliðsjónar og nýtt það sem hentaði fyrir okkar kennslu. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna. Við settum upp námsvegg fyrir íslensku í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni.

Námsmat var unnið jafnt og þétt yfir veturinn, fyrst og fremst með því að fylgjast með nemendum í kennslustundum en einnig út frá niðurstöðum lesfimi, orðakannana og með því að fara yfir verkefni nemenda bæði jafn óðum og í lok skólaárs.

Stærðfræði

Við unnum með grunnþætti stærðfræðinnar. Viðfangsefnin voru tölurnar 1-20, samlagning, frádráttur, flokkun, mælingar, form og mynstur. Notaðar voru Sprotabækurnar 1a og 1b, bæði nemendabækur og æfingahefti. Nemendur voru líka með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í lpad, bæði í hringekju og sem aukaefni og einnig í gegnum spil og leiki.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hverrar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna: sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, spyrja sessunaut og svo biðja kennara um aðstoð. Við lögðum líka áherslu á það að nemendur hjálpuðu hverjum öðrum á réttan hátt, það er með því að útskýra aðferðina eða leiðina að svarinu en ekki segja þeim svarið.

Til að æfa einingar og tugi töldum við skóladagana frá upphafi vetrarins með því að telja rör og þau fest upp á námsvegginn fyrir stærðfræði. Hvert rör táknaði þá eina einingu og síðan voru sett saman 10 rör í búnt til að tákna tug. Þegar fyrsti bekkur hafði lokið 100 dögum í skólanum héldum við hundrað daga hátíð þar sem nemendur meðal annars töldu 10 x 10 stykki af góðgæti í poka sem þau máttu gæða sér á yfir mynd. Fjölbreytt verkefni í tengslum við hátíðina voru unnin og hengd upp á

vegg bæði í skólastofunni og á ganginum.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér.

Samfélagsfræðigreinar

Í samfélagsfræði voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni, til dæmis lærðum við um íslensku húsdýrin í tengslum við bókina Íslensku húsdýrin og Trölli. Meðal þess sem við gerðum var að skoða vef mms þar sem fjallað er um íslensku húsdýrin í máli og myndum og síðan gerðu nemendur bók um húsdýrin.

Við tókum fyrir fræðslu um fyrstu landnámsmenn í Eyjafirði þar sem nemendur fengu fræðslu um Helga magra og hans fylgdarlið og um ferðir víkinga fyrir á öldum. Nemendur lærðu um árstíðirnar og hvað einkennir hverja þeirra, umferðarreglur og umferðarmerki og rýndum aðeins í kort af Íslandi. Einnig ræddum við þjóðsönginn okkar, þjóðhátíðardaginn, íslenska fánann og forsetann. Við ræddum einnig mikilvægi fjölskyldu og vina og ýmsar fjölskyldugerðir. Við prufukeyrðum kennsluáætlun fyrir MSHA (miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri) út frá bókinni Héráholan. Texti bókarinnar tekur á því hvernig við getum tekið á því að missa einhvern. Hvernig manni getur liðið þegar besti vinur manns hverfur, hvort sem vinur/vinkona flytur í burtu eða einhver aðili fellur frá.

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 1. bekk sem og annarri vinnu sem tengdist Byrjendalæsi þar sem við nýttum tækifærið til að fræðast meira um leið og við unnum með markmið Byrjendalæsis.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

List- og verkgreinar

Markmið í textílmennt í 1. bekk, samkvæmt námsframvindumarkmiðum í Mentor, voru að nemendur gætu haldið rétt á skærum og beitt skærum á pappír, gætu þrætt spor í stífan pappa, gætu þæft einfaldan hlut og gætu þrætt saman tvo efnisbúta með þræðispori.

Verkefnin sem nemendur unnu voru ýmist tengd byrjendalæsisverkefnum eða árstíðabundnum verkefnum s.s. jólum eða páskum. Lögð var áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni. Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Verkefni vetrarins voru: saumuð mynd í pappa, ofin fígúra, þæfður túlípani, saumaður páskaungi með þræðispori og klippiverkefni.

Það gekk vel að vinna verkefnin og voru nemendur glaðir að fást við verklega vinnu. Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau, nemendum leiðbeint eftir þörfum og leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í Mentor.

Fjölbreytt myndlistarverkefni voru unnin. Við æfðum okkur að vinna með vatnsliti, þekjumálningu sem og tré-, túss- og vaxliti sem gjarnan prýddu 1. bekkjar ganginn. Nemendur unnu talsvert með

pappír þar sem reyndi á hæfni þeirra í fínhyfingum. Þar skal helst nefna ýmis verkefni þar bókstafir sem unnið var með hverju sinni voru föndraðir og klippimyndir t.d. í tengslum við bókina Greppikló.

Upplýsingatækni

Við unnum með lpada í stöðvavinnu. Markmið upplýsingatækni í 1. bekk snúa aðallega að því að þau kunni að kveikja á tækjunum og slökkva, að þau getið opnað öpp og lokað en einnig var farið vel yfir þær reglur sem gilda um notkun tækjanna í skólanum. Þessi vinna gekk vel og voru nemendur áhugasamir.

Uppbygging sjálfsaga / Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með bekkjarsáttmála, hlutverk nemenda og kennara, gildin og litahegðun. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við kynntum þarfirnar fyrir nemendum og þeir mátuðu sig við lýsingarnar á hverri fyrir sig. Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í Byrjendalæsi. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í vinnu með Hugarfar vaxtar. Síðan tókum við umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (GÆS, mistök, heilaleikfimi og fl.).

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Við unnum með hugarfrelsi reglulega yfir veturinn. Nemendur komu sér fyrir, ýmist á gólfi eða í sæti og hlustuðu á sögu á meðan þau einbeittu sér að öndun og slökun. Notast var við bækurnar *Siggi og Sigrún hugleiða* til að hugleiða með nemendum. Aðferðirnar í þessum bókum eru notaðar til þess að leiða hugann í ákveðna átt og efla innri ró. Með reglulegum hugleiðsluiðkun eykst hugarró, sjálfsmyndin batnar og einbeitingin eflist.

Heilahvöld var einnig reglulega á dagskrá. Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, „ísleikur“ upp á töflu þar sem nemendur keppa á móti kennurum, teygjur, yoga stellingar, fingrahreyfingar eftir myndböndum, þrekæfingar og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Á útivistardegi í september fórum við í gönguferð í Lystigarðinn þar sem við lékum okkur um stund og borðuðum nesti. Síðan héldum við gönguferðinni áfram á leikvöllinn í Suðurbyggð og lékum okkur þar í dágóða stund áður en gengið var aftur í skólann. Fínn dagur og skemmtileg ferð.

Árshátíðaratríðið var fléttað saman við Byrjendalæsis vinnuna og voru skrímsli alsráðandi í nóvember. 1. bekkur söng þrjú lög: Furðuverk, Lítið lasið skrímsli og Horn, haldi, klær sem við bjuggum til út frá laginu höfuð, herðar, hné og tær. Atríðið tókst vel og nemendur stóðu sig með prýði.

Okkur var boðið á blásturs og strengjasveitatónleika í Hofi þann 18. Nóvember þar sem nemendur úr grunnskólum Akureyrar spiluðu nokkur lög fyrir okkur. Við löbbuðum báðar leiðir sem gekk vel og nemendur voru til fyrirmyndar.

Akureyrarkirkja bauð 1. bekk upp á að taka þátt í jólaævintýri þar sem nemendur fengu að fara í búninga of labba um kirkjuna á meðan sögð var saga. Þetta fannst nemendum mjög spennandi og skemmtilegt verkefni.

Í jólapemavinnu 11. desember vann 1.-3. bekkur saman. Nemendahópunum var skipt upp í þrjá hóp og fóru hóparnir á þrjár stöðvar. Á einni stöð voru málaðar piparkökur, á þeirri næstu föndruðu nemendur piparkökukalla og grísi og á þeirri þriðju voru poka fyrir piparkökurnar skreyttir og nemendur bjuggu einni til jólahjörtu til að henga á jólatré.

Ákveðið var að koma nemendum að óvart þegar við löbbuðum í Listigarðinn þann 19. desember til að og skoða tréð okkar fyrir árstíðarverkefnið og jólaljósinn. Við vorum búin að útvega okkur heitt kakó og piparkökur til að gæða okkur á í Listigarðinum. Börnin skemmtu sér vel og voru hæðst ánægð með glaðninginn.

Samkvæmt venju hélt 1. bekkur upp á daginn þegar þau höfðu verið 100 skóladaga í grunnskóla en þann dag bar upp 3. febrúar þetta árið en við höldum upp á daginn 6. febrúar til þess að eiga allan skóladaginn undir hátíðinna. Við föndruðum kórónu, gleraugu og hálsmenn fyrir daginn og æfðum 100 daga hátíðarlagið. Á deginum fórum við síðan í skruðgöngu um skólann og sungum fyrir alla. Nemendur fengu að velja sér góðgæti í poka (10x10 – sjá stærðfræði) og í lok dags gæddu þau sér á því yfir mynd.

Í lok mars eða 21 var útivistardagur í Brekkuskóla og fengu allir árgangar að fara upp í fjall að þessu sinni, þar sem engan snjó var að finna í Kjarnaskógi. Það skemmtu sér allir konunglega vel í brekkunni hvort sem þau renndu sér sá sleðum eða skíðum brosandi allan tímann.

Þann 1. g 2. apríl voru þemadagar og þá hittu 1. bekkur vinabekkin sinn sem er 6. bekkur. Þeim var skipt niður í þrjá hóp og fóru allir hóparnir á þrjár mismunandi stöðvar sem fjölluðu um vatn, sem var þemað í ár. Samvinnan milli bekkjanna gekk mjög vel og voru hóparnir til fyrirmyndar.

Í maí voru haldnir Brekkuskólaleikar þar sem vinabekkirnir hittust aftur og fóru saman á fimm stöðvar. Það skemmtu allir sér vel og það gaman var að sjá hversu glöð þau voru að fá að vera aftur saman.

Okkur var boðið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi í loka maí þar sem við sáum Pétur og úlfinn.

Vorhátíðin fór fram þann 5. júní. Vegna veðurs voru stöðvarnar inni að þessu sinni og voru þær þrjár, hver stöð var í 20 mínútur. Allur fyrsti bekkurinn fór saman á milli stöðva ásamt starfsfólki.

Skólaslitin fóru fram föstudaginn 6. júní. Við hittumst inni í heimastofum, ræddum saman um skólalokin og fengu nemendur að fara í lestrar og stærðfræðileiki í Ipad. Nemendur fengu möppurnar sínar afhentar með ýmis konar myndmennta- og föndur verkefnum og fengu síðan að dunda við að lita og teikna þar til kominn var tími til að syngja. Við sungum með nemendum í 2. og 3. bekk í tröppunum inni vegna veðurs. Sungum lögin Vorvindar glaðir, Þúsund hjörtu, Krumla og Róa. Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Í lok dags komu foreldrar og skoðuðu ferilmöppur barna sinna áður en við kvöddumst og nemendur fóru í sumarfrí.

Vettvangsferðir / Grenndarkennsla

Við byrjuðum skólaárið á því að kynnast skólabyggingunni og nærumhverfinu strax í fyrstu kennsluviku í ágúst. Fórum öll saman út til að fara yfir mörk skólalóðar og skoða það sem skólalóðin hefur upp á að bjóða.

Nemendur 1. bekkjar fengu að heimsækja skautahöllina í febrúar og mars. Við tókum strætó í skautahöllina og til baka í skólann. Þessi ferð vakti ánægju meðal nemenda og kveikti áhuga margra á skautaíþróttinni.

Á vordögum fórum við með nestið okkar á Hamarkotstún og klettana við Helgamagrastræti, nutum þess að labba og borða úti í hitabylgjunni sem skall á þetta vorið. Að því loknu var gengið til baka í skólann og fræðsla um það sem fyrir augu bar svo sem stytur og nærumhverfið.

Útivistar- og samverustundir eru skemmtilegar, þroskandi og krefjandi í senn. Nemendur læra ýmislegt af þessum samverustundum, eins og t.d. að vera í röð og passa upp á félagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft nýjar hliðar af hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af.

Samvinna nemenda

Nemendur æfðu sig í samvinnu með fjölbreyttum verkefnum í ýmsum námsgreinum. Við unnum með hópaverkefni í stærðfræði og byrjendalæsi. Nemendur unnu ýmist í pörum eða í smærri og stærri hópum, á stöðvum eða í einstökum verkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfra samvinnu. Nemendur fengu þjálfun í að vinna saman og hjálpast að. Samvinna verður síðan æfð meira í næstu bekkjum.

Samvinna við aðra

Við hittum vinabekkinn okkar tvisvar sinni og sú vinna gekk mjög vel og eru allir mjög spenntir fyrir frekari samstarfi við þau.

Við kynntumst bókasafninu strax í upphafi skólaárs í lok ágúst. Nemendur fengu stutta kynningu á safninu og fengu að skoða bækur og velja svo í lesbókakassana okkar í kennslustofunum. Við fórum tvisvar aftur í slíkar heimsóknir til að skipta út bókum en ætlunin er að gera það oftár á næsta ári með þeim hætti. Einnig hefðum við mátt taka part úr kennslustund nokkrum sinnum yfir veturinn til að heimsækja bókasafnið og eiga þar stund.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu sem meðal annars kemur fram í því að við erum í sama takti með vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því nokkuð oft. Einnig vinnum við saman með blöndun á bekkjunum meðal annars í jólaþema. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Traustið á milli þessara teyma er líka gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda.

Við höfum verið í góðum samskiptum við bókasafnið, meðal annars vegna vinnunnar í byrjendalæsi

Þar sem við þurfum 2-4 eintök af hverri bók í þeirri vinnu. Í desember fórum við í sérstak lestrarátak í samvinnu við bókasafnið, jólastrarátak. Þá lesa nemendur fimm bækur, annað hvort sjálf eða með foreldrum eða systkinum, fór eftir lestarargetu hvers og eins og þegar þeir eru búnir með fimm bækur fá þeir að draga miða með nýju jólasveinanafni og fá viðurkenningu fyrir. Einnig lásu kennarar fimm jólabækur fyrir nemendur í nestist tímunum og fengu hver námshópur eina viðurkenningu fyrir með nýju jólasveinanafni.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs komu foreldrar með börnum sínum í samtöl til umsjónarkennara. Í þessum samtölum skráðu foreldrar sig á lista fyrir foreldrasamstarf til að hittast þrisvar yfir skólaárið utan skólans, foreldrar og börn. Við sátum fundi með foreldrahópnum og stjórnendum í foreldrasamstarfinu 1-3-5-8 í september og var vel mætt á þessa fundi. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra auk félagsfærnisögu þegar uppbrot voru framundan.

Um miðjan febrúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl en í þetta skiptið voru þau nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með nemendum og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsgöðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins.

Yfir veturinn voru kennarar í reglulegum samskiptum við foreldra nokkurra barna sem þurftu meira aðhald hvað varðaði hegðun. Ákveðið var að heimili og skóli yrðu í reglulegu sambandi til að stilla saman strengi með viðbrögð á báðum stöðum.

Í heildina var samstarf við foreldra gott.

2. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar: Gerður í 100% stöðu og Sólrún í 100% stöðu. Sérkennarar voru Sigrún og Rósa Mjöll sem starfaði með teyminu fram að áramótum en þá tók Helga Ester við. Nemendur voru 38 í upphafi skólaárs, einn nemandi bættist við í janúar.

Stuðningsfulltrúar voru: Sherii og Marinó sem studdu ákveðna einstaklinga. Síðar bættist Inga við sem almennur stuðningur í árganginum, hún lét af störfum í febrúar og þá tók Karen við. Þörf á stuðningi inn í bekk var mikill vegna ýmissa þroska- og hegðunarfrávika.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum var skipt í fjóra hópa (hjarta, spaði, tígull og lauf), tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og hóparnir voru síðan færðir til á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-4 vikna millibili). Um miðjan nóvember ákváðu umsjónarkennarar að láta af þessu skipulagi vegna óróleika í nemendahópnum. Nemendum fengu þá fasta heimastofu sem þeir héldu það sem eftir var vetrar. Mat umsjónarkennara var að það skipulag hentaði hópnum betur.

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Nokkrir nemendur nýttu sjónrænt skipulag á borðum sínum. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði og lífsleikni með lituðu límbandi. Uppröðun borða var misjöfn eftir stofum umsjónarkennara þar sem önnur stofan er minni og því hentaði ekki sama skipulag. Borðum var ýmist raðað í U eða raðir svo starfsfólk átti auðvelt með að fara á milli á kollum á hjólum en húsgögn í 2. bekk eru mjög lág. Nemendur sem sátu saman voru námsfélagar og var kennt að vinna saman í leit að lausnum og veita hvor öðrum stuðning. Með reglulegu millibili voru nemendur færðir til í sætum og fengu þá nýjan námsfélag.

Sérkennsla

Hlíðarfjall – Helga Ester Snorradóttir og Sigrún Héðinsdóttir

Alls var gert ráð fyrir 10 kennslustundum á viku í sérkennslu í þessum árgangi fyrir áramót og 14 kennslustundum á viku eftir áramót. Nokkrir nemendur úr 2. bekk komu í námsverið Hlíðarfjall í vetur. Auk þess kom nemendahópur í stofu 137. Stoð/sérkennarar fóru einnig inn í bekk þegar það átti við. Stoð/sérkennari tók m.a. þátt í stöðvavinnu til að auka fjölbreytni verkefna í árganginum.

Í Hlíðarfjalli voru hópar breytilegir miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Þörfin var metin meðal annars út frá, stafabekkingu að hausti, lesfímiprófum og Aston Index stafsetningarhluta. Lögð hefur verið áhersla á að nemendur nái tökum á lestrinum, auki leshraða, eflist í stafsetningu og ritun auk ýmissa þátta í málfræði. Einnig hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning auk félagsfærni og lífsleikni. Umsagnir stoð/sérkennara voru vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Íslenska

Framvindumarkmiðin í Mentor vor höfð að leiðarljósi við gerð vetraráætlunar. Unnið var með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Í áætlunum kom fram hvaða saga

var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru, þau voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg og einnig rædd. Frá áramótum var áhersla lögð á að velja byrjendalæsisbækur sem fjölluðu sérstaklega um samskipti, framkomu og dygðir. Það var gert til að auka félagsfærni þar sem það var mat umsjónarkennara að auka þyrfti samkennd og bæta samskipti í nemendahópnum.

Nemendur voru með eina stílabók í byrjendalæsi á hvorri önn sem nýttar voru fyrir verkefnavinnu. Einnig voru unnin málfræði- og lesskilningsverkefni í Ritun 1, Lestrarlandið 1 og Litlu lesrúnu. Aðaláherslan í vetur var á lestur, orðaforða, lesskilning og ritun. Umsjónarkennarar samþættu íslensku við aðrar námsgreinar eins og samfélagsfræði, stærðfræði, lífsleikni og myndmennt. Í íslenskukennslunni nýttum við meðal annars ýmis verkfæri byrjendalæsis s.s. hlutverkakortin, lykilorðavinnu, orðasúpur og unnum sérstaklega með orð og orðtök úr byrjendalæsisbókunum sem voru framandi og skemmtileg. Ýmis forrit í spjaldtölvum voru nýtt til kennslu s.s. Graphogame, Orðarugl, Orðagull og Book creature.

Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Það létti umsjónarkennurum skipulagið mikið að hafa aðgang að safni af góðum og markvissum vetraráætlunum í byrjendalæsi sem eru til í árgangamöppum. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna, markmið kennslunnar voru skýr bæði nemendum og kennurum á námsvegg sem auðveldaði sýnina á það hvert við stefndum.

Lestur og lesskilningur: Megin markmið okkar var að efla læsi nemenda. Í upphafi hvers skóladags var lögð mikil áhersla á lestrarstundir í um 20 mínútur, þar sem nemendur völdu sjálfir bækur sem þeim fannst skemmtilegar og áhugaverðar. Kennarar og stuðningsfulltrúar fóru á milli nemenda og hlustuðu á þá lesa og spurðu gjarnan um innihald textans. Auk þess var unnið með paralestur, kórlestur o.fl. Lesskilningur var kenndur í gegnum aðferðir byrjendalæsis þar sem unnið var með gæðatexta, hann ræddur og farið í orðskýringar. Mest var unnið sögubækur en fræðibækur voru einnig nýttar. Mikil áhersla var á ýmis konar skrifleg lesskilningsverkefni. Á haustönn var farið í lestrarátak þar sem nemendum var skipt í hópa eftir stöðu í lestri og fjölbreytt verkefni unnin. Þessu átaki var haldið áfram á vorönn þar sem það sýndi árangur, nýttist nemendum vel og auðveldaði kennurum að skipuleggja gæðastundir í minni hópum þar sem nemendur voru á svipuðum stað í lestrarnáminu.

Heimalestur: Nemendum var gert að lesa upphátt heima að minnsta kosti fimm sinnum í viku. Flestir sinntu því en einhver misbrestur var þó á því. Í þeim tilvikum var haft samband við foreldra.

Skrift: Nemendur unnu bókinni Skrift 1A. Markmiðið var að nemendur skrifuðu vandaða og læsilega skrift bæði í byrjendalæsisvinnubókinni og öðrum verkefnum.

Ritun: Markmiðið í ritun var að læra að skrifa fyrirmyndar málsgreinar og að hafa upphaf miðju og endi í sögugerð. Á námsvegg var markmiðið með fyrirmyndarmálsgrein sýnilegt nemendum sem nýttu sér það við ritun. Unnið var með ritun á ýmsan hátt. Á eftir lestrarstund á morgnana skrifuðu nemendur málsgrein dagsins í stílabók. Nemendur ákváðu sjálfir hvað þeir skrifuðu og fór heilmikill lærdómur fram í þessari vinnu. Einnig var ritun æfð með frásögnum, sóknarskrift og ýmsum byrjendalæsisverkefnum. Nemendur gerðu til dæmis sína eigin álfabók þar sem þeir bjuggu til sögu og myndskreyttu auk þess að búa til kápu utan um hana. Síðan lásu nemendur söguna sína fyrir bekkinn. Umsjónarkennarar sáu heilmiklar framfarir í skrift og ritun á skólaárinu

Framsögn: Markmiðið var að þjálfar nemendur í að tala fyrir framan aðra. Þau lásu álfasöguna sína upp, kynntu lausnir úr stærðfræðiprautum sem þau unnu saman að og sögðu frá vatnsverkefni sem unnið var að í tengslum við Græn fánann. Einnig var þetta þjálfað á bekkjarfundum. Á árshátíðinni fengu nemendur góða reynslu í því að koma fram og fara með texta og syngja lög. Árshátíðarverkefni nemenda var Píla pína og voru unnin íslensku verkefni í tengslum við það. Vel tókst til og börnin sýndu mikinn áhuga.

Námsmat: Nemendur voru metnir jafnt og þétt yfir skólaárið. Tekin voru lesfímipróf, Lesmál, Aston Index og einnig fóru nokkrir nemendur í stafakönnun og hljóðgreiningu sem eru aukapróf með Lesfími. Námsmatið var árangur nemenda úr könnunum, vinna og virkni í kennslustundum, vinnubrögð og frágangur í stílabók, sjálfstæði og frumkvæði sem og samvinna nemenda.

Íslenskukennslan var vel skipulögð, fjölbreytt og markviss. Umsjónarkennarar lögðu mikla áherslu á að vanda vetraráætlunina, hafa verkefni fjölbreytt um leið og þau voru aðlöguð að þörfum nemenda. Gott samstarfi var við sérkennara. Á heildina litið erum við ánægðar með íslenskukennsluna og sáum framfarir hjá öllum nemendum.

Stærðfræði

Við unnum með grunnþætti stærðfræðinnar. Viðfangsefnið voru tölurnar 1-100, samlagning, frádráttur, sléttar tölur/oddatalur, að þekkja hugtökin tvöfalt meira og helmingi minna og mælingar, form og mynstur. Notaðar voru Sprotabækurnar 2a og 2b, bæði nemendabækur og æfingahefti. Einnig æfðum við sömu þætti í Stærðfræðispæjarar 1 og 2. Nemendur voru líka með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Eitt af markmiðunum var að nemendur gætu unnið með öðrum að lausn þrauta og útskýrt lausnaferil sinn. Sú vinna var unnin í hópavinnu þar sem nemendur glímdu við opin dæmi og þrautir voru lagðar fyrir. Þrautirnar tengdust gjarnan byrjendalæsisbókunum sem unnið var með. Áhersla var lögð á að nemendur æfðu sig í að tala saman um stærðfræðina, finna lausn í sameiningu og æfðu sig í að útskýra fyrir öðrum hvernig lausnin var fundin. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í spjaldtölvum, bæði í hringekju og sem aukaefni.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hvernar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Umsjónarkennarar settu upp námsvegg fyrir stærðfræði í báðum kennslustofunum og þar voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna, sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, vinna með námsfélaga og svo biðja kennara um aðstoð.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér. Nemendur tóku kaflapróf til að kanna hvort þau hafi náð að tileinka sér það sem unnið var með í hverjum kafla. Brugðist var við þeim þáttum sem nemendum gekk illa að tileinka sér með aukaefni og lengri tími var gefin.

Samfélagsfræði

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 2. Bekk. Kennarar samþættu samfélagsfræðina og byrjendalæsi. Þannig náðist að vekja áhuga nemenda á viðfangsefnum samfélagsfræðinnar. Til dæmis var unnið með bókina Egill þar sem eitt af markmiðum var að nemendur myndu þekkja persónu úr Íslendingasögunum og bókina Etna og Enok ferðast um

Ísland þar sem nemendur kynntust ýmsum stöðum á Íslandi. Einnig dýpkuðum við kennsluna með verkefnum úr bókinni Halló heimur sem er samfélags- og náttúrufræði bók með áhugaverðum verkefnum. Einu sinni í viku vorum við með útikennslu og nýttum þá tímann meðal annars til að kenna nemendum örnefnin í kringum Akureyri. Í samfélagsfræðinni kynntust nemendur heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sem og barnasáttmálanum. Unnin voru verkefni um réttindi barna, fjölbreytileika og margs konar fjölskyldur. Nemendur lærðu um mikilvægi umhverfisverndar og mörg urðu ansi áhugasöm um flokkun og að sóa ekki mat.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

Upplýsingatækni

Nemendur unnu í spjaldtölvum. Markmiðin í upplýsingatækni í 2. bekk snúa að því að þau kunni að kveikja og slökkva á spjaldtölvu, geti tengt heyrnartól og að þau getið opnað og lokað forritum sem auðveldar þeim að verða sjálfstæðari í vinnubrögðum. Einnig var farið vel yfir þær reglur sem gilda um notkun tækjanna í skólanum svo nemendur lærðu að bera ábyrgð á námsgagninu. Það sem gerði vinnu í upplýsingatækni flókna fram eftir vetri var að ekki voru til spjaldtölvur fyrir hvern og einn nemanda. Á því var þó ráðin bót á vorönn þegar hver nemandi fékk spjaldtölvu. Það auðveldaði vinnuna og gerði hana markvissari þar sem ýmis forrit eru þess eðlis að þau miðast við einstaklingshæfni líkt og Grapho game sem er gagnvirkt læsisforrit. Samþætt var við aðrar námsgreinar og þá helst íslensku og stærðfræði með notkun á forritum þeim tengdum. Markmiðin voru metin í Mentor. Nemendur voru móttækilegir og áhugasamir við vinnu sína.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Til að ná markmiðum í lífsleikni var unnið samkvæmt aðferðum uppbyggingarstefnunnar þ.e. um hlutverk nemenda og kennara, bekkjarsáttmála, að við stjórnnum okkur sjálf og höfum val um lita hegðun. Haldnir voru bekkjarfundir vikulega þar sem nemendum var skipt í tvo hópa. Setið var í hring og sköpuðust oft góðar umræður um viðfangsefni fundarins og málefni líðandi stundar. Kennarar studdust einnig við námsefni Hugarfrelsis, aðferðir til að efla börn og unglinga. Aðferðir leiðsagnarnámsins voru nýttar þar sem unnið var með Hugarfar vaxtar. Notast var við Class Dojo myndböndin sem grunn og síðan tókum við umræður og hengd voru upp ýmis hvatningarorð og verkfæri í kennslustofum (GÆS, heilinn og fl.). Eftir áramótin fannst kennurum ómenning ríkja í samskiptum í nemendahópnum og því var ákveðið að leggja mikla áherslu á lífsleiknina. Nemendur unnu margs konar verkefni um vináttu og virðingu s.s. um bílinn og að við eigum alltaf val hvernig við stýrum honum, hvernig manneskja við viljum vera og hvernig við tölum hvert við annað. Kennarar settu námsvegg fyrir lífsleiknina í kennslustofum þar sem nemendur gátu séð markmiðin og gildin sem við lögðum áherslu á. Þessi vinna gekk vel og hafði góð áhrif á samskipti og líðan flestra nemenda. En það er mat umsjónarkennara að vinna þurfi áfram markvisst með nemendahópinn á svipuðum nótum.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Ýmis uppbrot voru í skólastarfinu. Á útivistardegi í september fórum við með strætó í Naustaborgir þar sem nemendur unnu blómaverkefni í tengslum við bókina Ada og afmæligjöfin. Þetta var skemmtileg ferð og lærdómsrík ferð.

Á árshátíðinni í nóvember fluttu nemendur söguna um Pílu pínu og sungu nokkur lög úr leikritinu. Atriðið tókst vel og nemendur stóðu sig með prýði.

Í jólapemavinnu vann 1.-3. bekkur með sömu byrjendalæsisbókina, Jól í Ólátagarði. Einn dag var unnið í hópum þvert á árgangana á stöðvum. Það voru málaðar piparkökur og fönðrað jólasbraut. Á útivistardegi í mars fóru nemendur í Hlíðarfjall þar sem þau renndu sér ýmist á skíðum eða sleðum. Dagurinn var ánægjulegur.

Í vikunni fyrir páska var spilað páskabíngó.

Í apríl voru tveir þemadagar þar unnið var með vatn í víðum skilningi. Unnið að ýmsum verkefnum og skemmtilegar tilraunir með vatn voru gerðar. Nemendur unnu með vinabekknunum sínum og fóru á milli fjölbreyttra stöðva. Þessi vinna gekk vel og var mjög skemmtileg og lærdómsrík. Í vikunni á undan hittust vinabekkirnir og spiluðu saman á spil, þar gafst nemendum tækifæri til að hittast og mynda tengsl fyrir samvinnuna á þemadögum.

Brekkskólaleikarnir fóru fram í byrjun maí. Nemendur fóru á milli fjölbreyttra stöðva úti og inni.

Dagurinn var skemmtilegur og við létum leiðindaveður ekkert á okkur fá.

Vorhátíðin fór fram innandyra þann 5. júní. Nemendur fóru á milli stöðva með umsjónakennurum og stuðningsfulltrúum. Unnin voru skemmtileg verkefni, s.s. búin til tröll úr leir, trékalur og dansað. Í lokin fengu allir pýslur undir dynjandi tónlist. Umsjónarkennurum fannst vel til takast.

Skólaslitin fóru fram föstudaginn 6. júní. Við hittumst inni í stofu, ræddum saman um skólalokin.

Nemendur fengu möppurnar sínar afhentar með ýmis konar myndmennta- og fönður verkefnum og fengu síðan að dunda við að lita og teikna þar til kominn var tími til að syngja. Við sungum inni vegna veðurs með 1. og 3. bekk. Við sungum lögin Krumla, Vorvindar glaðir, Þúsund hjörtu og Róa.

Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Í lok dags komu foreldrar og skoðuðu ferilmöppur barna sinna áður en við kvöddumst og nemendur fóru í sumarfrí.

Umsjónarkennurum fannst mikilvægt var að brjóta skóladaginn upp. Heilahvöld var reglulega á dagskrá. Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, brain break á youtube og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Áhugasviðsverkefni

Á bekkjarfundi í vetur ræddu nemendur um hvað þeim fannst skemmtilegast að gera og hver áhugamál þeirra væru. Það sköpuðust skemmtilegar og fræðandi umræður um fjölbreytt áhugamál. Í vor unnu nemendur svo ritunarverkefni þar sem þau skrifuðu um áhugamálið sitt og hvað þeim þykir skemmtilegast við það. Hægt hefði verið að vinna ítarlegra með áhugasviðsverkefni og tengja þau við ýmsar námsgreinar.

Vettvangsferðir/grenndarkennsla

Farnar voru nokkrar vettvangsferðir yfir skólaárið. Í októberbyrjun var farið á skauta og í nóvember var okkur boðið á Dvalarheimilið Hlíð þar sem íbúar og starfsfólk sýndi okkur muni sem leikið var með í gamla daga s.s. legg og skeljar. Nemendum fannst þetta áhugavert og vöknudu ýmsar vangaveltur um viðfangsefni fólks í gamla daga. Í febrúar heimsóttu nemendur og kennarar Háskólann á Akureyri. Nemendum var boðið að taka þátt í ýmsum verkefnum sem nemendur á Hug- og félagsvísindasviði höfðu undirbúið. Verkefnin voru spennandi og frábrugðin öðru sem við höfum tekið þátt í. Á vordögum var farið í vettvangsferð í Matjurtagarða Akureyrar og settar niður kartöflur. Nemendur voru með nesti í poka sem var borðað úti í náttúrunni. Vettvangsferðirnar tókust vel og voru góð viðbót við skólastarfið. Einu sinni í viku fóru nemendur og kennarar í gönguferðir um nágrenni skólans. Lystigarðurinn var heimsóttur þar sem farið var í útileiki sem reyndu á samvinnu og

þolinmæði nemenda, leikið var á leikvöllum og fjaran heimsótt í tengslum við vinnu okkar með bókina um Etnu og Enok heimsækja Ísland svo eitthvað sé nefnt. Þessar útivistar- og samverustundir eru skemmtilegar, þroskandi og krefjandi í senn. Nemendur læra að vera í röð og passa upp á námsfélagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft eitthvað í hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af og sumt sem þarf að vinna með í framhaldinu.

Samvinna nemenda

Samvinna nemenda var fjölbreytt í vetur. Á hverjum degi unnu námsfélagar saman að verkefnum sínum. Umsjónakennarar hvöttu nemendur til að ræða saman um viðfangsefnin sín, velta í sameiningu fyrir sér spurningum sem tengjast náminu og læra hverjir af öðrum. Samvinna nemenda fór einnig fram á bekkjarfundum þar sem málefni líðandi stundar voru rædd, í hringekju þar sem nemendur unnu gjarnan í hópum/paravinnu að fjölbreyttum verkefnum og í þemavinnu. Nemendur unnu líka að stærðfræðiþrautum í litlum hópum eða tvö og tvö saman. Einnig krafðist það mikillar samvinnu á milli nemenda í 2. bekk þegar árshátíðin var haldin í nóvember. Nemendur lögð sig fram og stóðu sig mjög vel á sviði.

Samvinna við aðra

Vinabekkirir 2. og 6. bekkur hittust þrisvar sinnum fyrir skólaárið, einu sinni í spilastund, á þemadögum og Brekkuskólaleikunum. Sú samvinna gekk mjög vel og nemendur 2. bekkjar eru mjög spenntir fyrir frekari samstarfi við þau.

Samvinna við bókasafnið var gott, Sigga og Gunnar eru alltaf boðin og búin að aðstoð við leit að efni til að styðja við kennsluna, finna lestrarbækur við hæfi nemenda og útvega bækur í byrjendalæsi þar sem við þurfum 2-3 eintök af hverri bók í þeirri vinnu.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu. Teymið hjálpast að við vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Traustið innan teyma er gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því þó nokkuð þar.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf var milli heimila og skóla. Við upphaf haustannar voru samtöl milli umsjónarkennara, foreldra og nemenda. Í lok janúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl en þá voru samtölin nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með nemendum og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsgöðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins. Mikið, fjölbreytt og gott samstarf var milli foreldra og umsjónarkennara þeirra nemenda sem þurftu á einhverskonar auka úrræði að halda. Mánaðarlegir fundir, tölvupósta samskipti og símtöl yfir allt skólaárið. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum voru sendir vikulega heim til foreldra ásamt ýmsum áminningum þegar þess þurfti.

3. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Umsjónarkennarar: Ólöf María og Anton Björn bæði í 100% stöðu. Sérkennarar í upphafi vetrar voru Sigrún Héðinsdóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir. Um áramót kom Helga Ester Snorraddóttir inn sem sérkennari í stað Rósu Mjallar sem færði sig í stöðu verkefnastjóra. Nemendur voru 31 í upphafi skólaárs, einn nemandi skipti um skóla í maí og voru nemendur því 30 í lok skólaárs.

Stuðningsfulltrúar voru: Sigríður Brynjarsdóttir og Arnfríður Kría Jóhannsdóttir.

Námsumhverfi og skipulag:

Nemendum árgangsins hefur frá upphafi 1. bekkjar verið skipt í fjóra hópa sem nefndir voru hjarta, spaði, tígull og lauf. Tveir hópar voru í hvorri stofu fyrir sig og hóparnir voru síðan færðir til á milli stofa með nokkuð reglulegu millibili (3-5 vikna millibili). Í janúar á þessu ári var hópunum svo skipt alveg upp og ekki unnið lengur með hjarta-spaða-tígul-lauf samsetningarnar, heldur var nemendum blandað eftir mati umsjónarkennara á hentugleika mögulegra nemendasamsetninga hverju sinni. Nemendum hefur frá upphafi verið skipt í tvo viðtalshópa og þá skráðir á sitt hvorn umsjónarkennarann hafa nemendur mætt með foreldrum í samtöl að hausti og í janúar eftir þeim hópum.

Sund- og hringekjuhópar hafa áfram verið með sama fyrirkomulagi þar sem nemendum er skipt í þrjá hópa (sæhestar, selir og höfrungar). Í hringekju á miðvikudögum unnu nemendur ýmis verkefni tengd byrjendalæsi, stærðfræði, lífsleikni, föndur og myndmennt. Þegar tækifæri gafst og veðrið var með okkur í liði færðum við hringekju út á skólalóð og unnum stöðvavinnu sem miðaðist að hreyfingu. List- og verkgreinar (smíðar, handmennt og heimilisfræði) bættust við stundarskrá nemenda og var nemendahópnum skipt eftir fyrrnefndum hópum (sæhestar, selir og höfrungar).

Kennslustofurnar voru báðar með sjónrænt skipulag á töflu fyrir daginn sem og eitt og annað sjónrænt til upplýsinga og áminningar fyrir nemendur. Námsveggir voru gerðir fyrir íslensku og stærðfræði með lituðu límbandi og undir hvorum námsvegg var borð með tilheyrandi hjálpargögn fyrir viðkomandi námsgrein.

Uppröðun borða var þannig að borðum var ýmist raðað tveim eða þrem saman og unnið var út frá stefnu leiðsagnarnáms þar sem börnin æfðu sig í að vera námsfélagar. Nemendur voru síðan færðir til í sætum eftir þörfum, bæði þegar hópaskipti voru milli stofa sem og þegar sambýlið var ekki að ganga upp af einhverjum ástæðum. Markmið var að láta nemendur skipta um námsfélaga/sessunaut eftir hverja viku þannig að allir gætu fengið að sitja a.m.k. einu sinni saman og það tókst.

Íða Anton var með einstaklingsnámskrá en aðrir nemendur unnu eftir hæfniviðmiðum árgangsins.

Hlíðarfjall – Helga Ester Snorradóttir – Sigrún Héðinsdóttir

Alls var gert ráð fyrir 7, 5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi fyrir áramót og 14 kennslustundum eftir áramót. Nokkrir nemendur úr 3. bekk komu í Hlíðarfjall í vetur. Einnig fór sérkennari inn í bekki þegar það átti við. Stoð/sérkennari tók m.a. þátt í stöðvavinnu til að auka fjölbreytni verkefna í árganginum.

Í Hlíðarfjalli voru breytilegir hópar miðað við þarfir og námslega stöðu nemenda. Unnið var með þætti í íslensku og stærðfræði. Þörfin var meðal annars metin út frá lesfímiprófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi, Orðarún.

Í íslensku var lögð áhersla á að nemendur kunni alla bókstafina og hljóð þeirra og að þeir efldust í lestarfærni, ritun, lesskilningi og stafsetningu auk ýmissa þátta í málfræði. Eins hefur verið unnið með tjáningu, orðaforða og hugtakaskilning. Í stærðfræði unnu nemendur einstaklingslega þar sem þeir voru staddir í stærðfræði. Umsagnir sérkennara voru vistaðar á Mentor, undir Námsmappa.

Íslenska

Í íslensku var unnið með ýmsar áhugaverðar og fjölbreyttar bækur eftir aðferðum byrjendalæsis. Gerð var ítarleg vetraráætlun fyrir byrjendalæsi þar sem fram kom hvaða saga var tekin fyrir, hvaða lykilorð var unnið með og hver markmiðin voru. Markmið með hverri áætlun tengdust markmiðum á hæfnikorti og voru alltaf sýnileg nemendum á námsvegg.

Aðaláherslan í vetur var á lestur, málfræðilegar reglur íslenskunnar (s.s. sérnöfn/samnöfn, eintala/fleirtala, stafrófið, lýsingarorð/nafnorð/sagnorð), sem og sögugerð (upphaf-miðja-endir) o.fl.. Við reyndum eftir bestu getu að samþætta íslensku við aðrar námsgreinar eins og myndmennt, stærðfræði og samfélagsfræði. Við lögðum áherslu á fjölbreytt verkefni þar sem notast var t.d. við iPad og ritun í myndum og orðum. Samstarf við sérkennara var afar gott og var nemendum sem talið var að þyrftu á auka stuðningi að halda valdir í samráði umsjónarkennara og sérkennara og þeim boðið að koma í sérstaka tíma til sérkennara. Tekin voru lesfimispróf, Aston Index, Orðarún og einnig fór hluti nemenda í stafakönnun og hljóðgreiningu. Íslenskukennslan í vetur gekk mjög vel og var markviss. Góðar og markvissar vetraráætlanir í byrjendalæsi hjálpa mikið til að létta skipulagið þar sem við gátum haft fyrri áætlanir til hliðsjónar og nýtt það sem hentaði fyrir okkar kennslu. Leiðsagnarnámið studdi einnig vel við íslenskukennsluna þar sem við meðal annars héldum áfram að vinna með sjálfsmat nemenda eftir vinnu við mörg verkefni. Nemendur gerðu einnig svokallað námsfélagamat í lok hverrar viku þar sem þeir skrifuðu eitt hrós til þess námsfélaga sem þeir höfðu þá vikuna. Á námsveggjum íslenskunnar í báðum kennslustofunum voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum. Á námsvegginn voru líka sett ýmis amboð og upplýsingar varðandi það efni sem unnið var með hverju sinni, t.d. nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, bók vikunnar, lykilorð vikunnar, fyrirmyndar málsgrein o.fl.

Námsmat var unnið jafnt og þétt yfir veturinn, fyrst og fremst með því að fylgjast með nemendum í kennslustundum en einnig með hliðsjón af niðurstöðum lesfimi, orðakannana, lesskilningsprófa og með yfirferð verkefna nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið.

Stærðfræði

Við höldum áfram í Sprota-bókunum (3A og 3B), bæði nemendabækur og æfingahefti. Við tókum upp þá venju í 3. bekk að æfingarhefti væru í töskum nemenda þannig að þeir gætu æft sig heima í því efni sem við vorum að vinna með í skólanum. Viðfangsefnin voru upplýsingar og tölfræði, þriggja stafa tölur, mælingar, tími (klukkan), rúmfræði, margföldun, deiling, samhverfa, samlagning og frádráttur, almenn brot og orðadæmi. Einnig æfðum við sömu þætti í Stærðfræðispæjara 1 og 2 og sömuleiðis í Undirdjúpunum. Nokkrir nemendur voru einnig með einstaklingsmiðaðar námsbækur sem ítarefni. Í tengslum við stærðfræðileiðtogann glímdu nemendur við opin dæmi og þrautir voru lagðar fyrir nemendahópinn. Sú vinna var unnin í hópavinnu og áhersla lögð á að nemendur æfðu sig í að tala saman um stærðfræðina, finna lausn í sameiningu og æfðu sig í að útskýra fyrir öðrum hvernig lausnin var fundin. Nemendur æfðu líka stærðfræði með vinnu í iPad, bæði í hringekju og sem aukaefni. Einnig fengu nemendur að glíma við að leysa ýmis verkefni á göngum skólans sem og úti.

Stærðfræðikennslan gekk vel. Við lögðum áherslu á að útskýra vel fyrir nemendum við upphaf hvernar aðferðar hvað við værum að fara að gera og hvernig hægt væri að nýta sér ýmis hjálpargögn við vinnuna. Við hvöttum nemendur til að æfa sig við að nota bjargir við vinnuna: sýna þrautseigju og skoða sýnidæmi, reyna betur, spyrja sessunaut og svo biðja kennara um aðstoð. Við lögðum líka áherslu á það að nemendur hjálpuðu hverjum öðrum á réttan hátt, það er með því að útskýra aðferðina eða leiðina að svarinu en ekki segja þeim svarið.

Námsmatið var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Kennarar fylgdust með og spurðu nemendur út úr í kennslustundum en fylgdust einnig með vinnulagi nemenda og merktu við hjá sér. Nemendur tóku kaflapróf jafnt og þétt yfir veturinn sem umsjónarkennarar nýttu sér við námsmatið. Á námsvegg stærðfræðarinnar í báðum kennslustofunum voru skráð markmið með kennslunni hverju sinni og sjálfsmatið var unnið út frá markmiðunum. Á námsvegginn voru einnig sett amboð og upplýsingar um það sem unnið var með hverju sinni, form í rúmfræði, spjöld yfir mismunandi orðaforða yfir samlagningu og frádrátt o.fl.

Samfélagsfræðigreinar

Í samfélagsfræði voru unnin verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem unnið var með hverju sinni, sem og Halló Heim 2 og Könnun Kortin 2. Við notuðum einnig bækurnar *Komdu og skoðaðu: Hringrásir*, *Komdu og skoðaðu: Himingeiminn*, *Komdu og skoðaðu: Hafíð*, *Komdu og skoðaðu: Eldgos* og nýttum þær bækur jafnt í samfélagsfræðikennslu sem og íslensku/byrjendalæsi. Við fræddumst um pláneturnar í sólkerfinu okkar; lífríki hafsins; hringrásir, orkugjafa og endurvinnslu; æfðum okkur í að raða atburðum í tímaröð, t.d. atburðum úr lífi nemenda og æfðum okkur í að greina algeng fyrirbæri af nærumhverfi barnanna af loftmyndum. Við höldum áfram að fræðast um landnámsfólkið og þeirra trú og tókum ásatrú fyrir. Við fræddumst um risaeðlur og uppbyggingu jarðar, þ.e. innri kjarna, ytri kjarna, möttull o.s.frv.

Í desember skoðuðum við jóladagatal Unicef í nestistímum þar sem við kynntumst börnum SOS barnaþorpanna og þeirra heimahögum.

Vinnan í samfélagsfræði var mikið til unnin út frá þeim hæfniviðmiðum sem meta þurfti í 3. bekk sem og annarri vinnu og gjarnan gripin tækifæri þegar þau buðust eins og dagatalið í desember sem átti vel við umræður og umfjöllun um barnasáttmálann.

Námsmat fór fram jafn óðum meðfram þeirri vinnu sem við unnum hverju sinni.

List- og verkgreinar

Nemendur 3. bekkjar fóru í þrjár list- og verkgreinar yfir veturinn. Textílmennt hjá Ágústu Karlsdóttur, smíðar hjá Baldri Sverrissyni og smíðar hjá Ólöfu. Ágústa og Baldur skila yfirliti yfir sína kennslu í sinni skýrslu en hér að neðan er yfirlit yfir smíðakennsluna.

Smíðar:

3. bekkur var að kynnast smíðastofunni og því unnið út frá því að þau lærðu að umgangast stofuna, þekktu þau tól og tæki sem unnið var með í þeirra kennslu, áttuðu sig á þeim tækjum sem þau áttu ekki að koma nálægt og lærðu að ganga frá og sópa í lok kennslustunda.

Allir nemendur unnu tvö verkefni; töfrasprotu og bíl en sumir fengu að gera aukaverkefni að eigin vali og nýttu þá afganga sem til voru í stofunni. Nemendur hönnuðu sjálf á blað, ákváðu útlit, mynstur ef við átti, liti og fleira og skiluðu inn vinnuteikningu. Síðan fengu þau efnivið sem þau þússuðu, slípuðu til, formuðu með þjöl og söguðu út. Þau fengu æfingu í að skrúfa skrúfur og líma saman hluta. Síðan lituðu þau verkefnið og dreifðu lit með vatnsbleyttum pensli.

Markmiðin sem unnið var með samkvæmt hæfniviðmiðum í mentor voru m.a. þau að þekkja smíðastofuna og vita hvar helstu verkfæri væru geymd, geta unnið með einfalda vinnuteikningu, geta þússað með sandpappír, geta unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit, þekkja smíðaefnin sem unnið er með, kunna að nota pensil og málningu, geta sagað út einföld form með útsögunarsög og geta gengið frá eftir sig. Öll markmiðin voru rædd á þeim tíma sem það átti við og sum ítrekuð til að festa betur í sessi. Námsmatið var símat og merkt inn í mentor um leið og viðkomandi hafði náð að sýna hæfni sína í viðkomandi viðmiði.

Nemendur voru yfir höfuð mjög skapandi og sjálfstæðir í þessari vinnu og gaman að fylgjast með ferlinu hjá þeim frá hugmynd að fullunnum hlut. Nokkrir voru afkastameiri en fjöldinn og unnu nokkur aukaverkefni sem voru söguð út, límd og negld saman og allt þússað og málað.

Myndmennt:

Myndmenntaverkefni í 3. bekk voru að miklu leyti unnin í stöðvavinnu. Gerð voru verkefni út frá byrjendalæsisverkefnum sem verið var að vinna. Eins unnu nemendur verkefni sem tengdust hefðum eða árstíðum.

Markmiðin sem lögð var áhersla á út frá námsframvindumarkmiðum í mentor voru að nemendur lærðu sjálfstæð vinnubrögð, gætu skilgreint grunnlitina þrjá og grunnformin, gætu klippt og límt einföld form og lærðu að vinna með hluti úr náttúrunni.

Unnið var með fjölbreyttan efnivið og lögð áhersla á að nemendur veldu sér liti og útfærslu á viðfangsefnum eins og kostur var og voru verkefnin aðlöguð þörfum nemenda hverju sinni.

Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi og var oft hægt að endurnýta efni í verkefni og nota ýmsa afganga.

Rætt var um markmið verkefnanna þegar byrjað var að vinna þau og nemendur fengu aðstoð og leiðbeiningar við vinnuna eftir þörfum og var leiðsagnarnám haft að leiðarljósi. Námsmatið var símat og var það unnið út frá hverju verkefni fyrir sig og fært inn í mentor.

Uppbygging sjálfsaga / Lífsleikni

Lífsleikni fléttaðist inn í nær allar kennslustundir þar sem hún snýr að mestu leyti um samskipti, hegðun, vináttu og umgengni. Auk þess settu verkfæri og gildi uppbyggingarstefnunnar mark sitt á margar kennslustundir. Ákveðnir tímar voru síðan eyrnamerkir uppbyggingu þar sem unnið var með Y-kort á flettistöflu (heyri, sé og finn), bekkjarsáttmála, hlutverk kennara og nemenda, gildin og litahegðun. Við fórum yfir eineltishringinn, bekkjarfundir voru haldnir á 1-2 vikna fresti þar sem mikil áhersla var lögð á uppbyggingarstefnuna og lífsleikni. Við köfuðum dýpra í þarfirnar með nemendum og þeir mátuðu sig við lýsingarnar á hverri fyrir sig. Nemendur svöruðu m.a. fjórum könnunum sem hver innihélt tíu spurningar og við nýttum bæði svörin og tilfinningu nemenda til að meta hvaða þörf passaði best við hvern og einn. Í framhaldinu unnu þau ritunarverkefni fyrir ferilmöppu þar sem þau útskýrðu sína þörf og hvernig hún birtist hjá þeim. Einnig gerðu þau táknið fyrir þörfina sína á karton og við hengdum það upp í skólastofunum.

Unnið var með litahegðun bæði á bekkjarfundum og í almennum umræðum í kennslustundum þegar tækifæri gafst. Einnig var unnið með litahegðun í byrjendalæsi.

Við notuðum efni og glærur á samgögnum um uppbyggingarstefnuna. Við notuðumst líka við vináttubangsann Blæ á bekkjarfundum og í kennslustundum þegar við átti. Við tengdum vinnuna með Blæ bangsa inn í uppbyggingu og lífsleikni. Þar unnum við mest með vináttu og jákvæð samskipti. Í tengslum við Leiðsagnarnámið fórum við í vinnu með Hugarfar vaxtar. Við unnum mikið með stjórnun tilfinninga í vetur. Við tókum skýrt fram að tilfinningar eru af hinu góða og það er kostur að geta gert grein fyrir sínum tilfinningum og unnið úr þeim.

Við tókum bekkjarfund í tengslum við bókina *Eyjan hans afa* sem við lásum í byrjendalæsi þar sem nemendur drógu svokölluð skotakort og ræddu um það sem á þeim stóð. Efni þeirra gat verið tilfinningalegt, t.d. hvernig við bregðumst við í ákveðnum aðstæðum og hvernig okkur líður í þeim. Við tókum umræður og hengdum ýmis hvatningarorð og verkfæri upp í kennslustofu (pytturinn, GÆS, mistök og fl.).

Við fengum heimsókn frá samtökunum '78 þar sem var rætt við nemendur um þeirra hugmyndir um hvað stelpa/strákur sé, fræðst um ólíkar fjölskyldumyndir, horft á tvær stuttmyndir og börnunum gefinn kostur á að spyrja um það sem þeim lá á hjarta.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Við unnum með hugarfrelsi af og til í vetur og nemendur tóku vel í þær kennslustundir. Nemendur komu sér fyrir, ýmist á gólfi eða í sæti og hlustuðu á sögu á meðan þau einbeittu sér að öndun og slökun.

Heilahlé var nær daglega á dagskrá í lengri kennslustundum (60-70 mín). Þar var unnið með alls kyns hreyfingarleiki, svo sem Just dance, höfuð herðar hné og tær, stopp-dans, Símon segir, hver er

maðurinn, teygjur, borgin sefur, þrekæfingar og ýmislegt fleira. Stundum var meiri þörf á slökun og þá teknar öndunaræfingar eða stuttar hugarfrelsisæfingar.

Á útivistardegi í september fórum við í matjurtargarðana þar sem við uppskárur kartöflur sem börnin höfðu sett niður í maí. Við lékum okkur um stund og borðuðum nesti. Fínur dagur og skemmtileg ferð og veðrið var með besta móti.

Á árs hátíðinni í nóvember söng 3. bekkur fjögur lög: Bræður tveir hér búa í tönn, Hann er tannlaus greyð, Svangir bræður sitja hér og prinsessusönginn úr sögunni um Kárius og Baktus, dönsuðu létta dans í lokin og stóðu nemendur sig stórvel.

Í jólapemavinnu 11. desember vann 1.-3. bekk með bókina Jól í Ólátagarði. Hver árgangur vann að sínum markmiðum með bókina en einn morgun unnu bekkirnir saman og þá unnið í hópum þvert á árgangana á stöðvum. Þar voru málaðar piparkökur og föndrað jólaskraut.

Í maí voru þemadagar þar sem unnið var með þemað „vatn“. 3.- 8. bekkur voru saman og fengu fræðslu frá Jóhönnu Katrínu, starfsmanni Vatnajökulsþjóðgarðs, sem var með erindi í sal Brekkuskóla. Stefnt var á að hvert barn í 3. bekk fengi einn til tvo námsfélaga úr 8. bekk til að vinna saman í fönðurvinnunni en börnin fönðruðu norður- og suðurpólana úr kartoni, bómul o.fl., fönðruðu hringrás vatns og tóku þátt í hópeflisleikjum. Börnin spreyttu sig líka í ísgerð og gerðu ýmsar tilraunir sem tengdust vatni. Þessi vinna gekk vel og höfðu þriðju-bekkingar orð á því hversu gaman það var að vinna með vinabekknunum sínum.

Vorgrillið fór fram innandyra, annað árið í röð, þann 5. júní. Vonskuveður hafði verið dagana á undan og var sú ákvörðun tekin að hafa stöðvarnar og vorgrillið innanhúss. Þriðji bekkur fór á þrjár stöðvar, 20 mínútur á hverri stöð og gekk það vel.

Skólaslitin fóru fram föstudaginn 6. júní. Við hittumst inni í stofu, ræddum saman um skólalokin, nemendur fengu sumarlestrarblað og loks klöppuðum við fyrir öllum bekknum fyrir að ljúka þeim mikla áfanga að hafa klárað þriðja bekk. Við sungum inni á stigaganginum með 1. og 2. bekk við undirspil í hátalara. Við sungum lögin Krumla, Þúsund hjörtu, Vorvindar glaðir og Róa. Krakkarnir sungu hátt og skýrt og höfðu gaman af. Eftir sönginn fórum við aftur inni í stofu og krakkarnir fengu ís. Við buðum foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi velkomna inn í stofur nemenda þar sem gluggað var í ferilmöppur barnanna og þakkað fyrir árin þrjú sem við höfum eytt saman.

Vettvangsferðir / Grenndarkennsla

Grenndarkennsla og vettvangsferðir vetrarins voru í senn fjölbreyttar og skemmtilegar. Við fengum heimsókn frá slökkviliðinu í desember þar sem tveir starfsmenn slökkviliðsins komu, sýndu okkur myndband um eld-forvarnir á heimilinu, gáfu börnunum fræðslubækling og spurningalista sem nemendur tóku með sér heim til að fara yfir með foreldrum. Þeir sýndu okkur búninginn og græjurnar sem þeir klæðast og nota við sín störf og leyfðu okkur að grandskoða slökkviliðsbílinn.

Starfsfólk Amtsbókasafnsins bauð okkur í heimsókn og fengum við að skoða nokkur rými safnsins sem fæstir hafa séð, sem og fræðslu um allt efni sem hefur verið gefið út í prenti á Íslandi.

Í maí fór þriðji bekkur í tvær heimsóknir með stuttu millibili. Annars vegar í Hof þar sem við fengum að njóta tónverksins Pétur og úlfurinn ásamt 1. og 2. bekk. Einnig fórum við í heimsókn til Golfklúbbs

Akureyrar þar sem nemendur fengu að slá nokkrum kúlum og fræðast um starfsemi félagsins.

Nemendur fengu líka að skoða nærumhverfi sitt í nýju ljósi þegar þeir æfðu sig í að greina loftmyndir af Akureyri, samanber hæfniviðmið þriðja bekkjar. Við nýttum góða veðrið í maí til að gera ýmsar stærðfræði- og íslensku þrautir, t.d. fundu nemendur hluti úr náttúrunni sem þau röðuðu í stafrófsröð og notuðu afmælisdaga sína til að leysa stærðfræðiþrautir eins og myndun tuga og gerð tíðnitöflu.

Þessar útivistar- og samverustundir eru skemmtilegar og þroskandi í senn. Nemendur læra að vera í röð og passa upp á félagann í ferðunum. Auk þess læra nemendur ýmsa leiki, æfa sig í samskiptum og við starfsfólkið sjáum oft eitthvað í hegðun og samskiptum í þessum ferðum sem er gagnlegt fyrir okkur að vita af og sumt sem þarf að vinna með í framhaldinu.

Samvinna nemenda

Nemendur æfðu sig í samvinnu með fjölbreyttum verkefnum í ýmsum námsgreinum. Við æfðum okkur í að vera góðir námsfélagar og unnum auk þess í hópum í ýmsum stærðfræði- og/eða byrjendalæsisverkefnum. Við notuðum einnig spil og leiki til að þjálfa samvinnu. Nemendur fengu þjálfun í að vinna saman og hjálpast að. Í stærðfræðileiðtogaverkefnum æfðu nemendur sig í að skipta með sér verkum í kynningum. Í byrjendalæsi unnu nemendur saman í hópum þar sem hver hópur fékk eina eldstöð, safnaði sér upplýsinga, teiknaði og merkti inn á Íslandskort. Nemendur unnu líka að hópaverkefni sem snérist að tímalínu vatns, þar sem vatnstengdir atburðir í sögu Íslands var raðað upp í rétta tímaröð. Undir lok vetrar skiptum við nemendum upp í leikhópa, sem fengu það hlutverk að koma sér saman um leiki sem skyldi leika í frímínútum. Í heildina gekk það vel, en nemendur voru mis-hrifnir af þessu fyrirkomulagi. Í vinnu okkar með Komdu og skoðaðu himingeiminn ákváðum við að búa til okkar eigið plánetuhefti. Lærdómsfélagar unnu saman. Hvert þar fékk spurningu eða hugleiðingu frá upphafi vinnu okkar (vill vita) og leitaði sér upplýsinga í bók eða á netinu, skrifuðu texta og teiknuðu mynd með. Heftið var svo gefið út í rafrænu formi og fylgdi með síðasta tölvupósti vetrarins til foreldra.

Samvinna við aðra

Við unnum með fyrsta og öðrum bekk í m.a. jólaþemavinnu, sem og 8. bekk á þemadögum. Við endurnýjuðum kynnin við bókasafnið strax í upphafi skólaárs í lok ágúst. Nemendur völdu sér svo bækur í lesbókakassana okkar í kennslustofunum. Við fórum þrisvar aftur í slíkar heimsóknir til að skipta út bókum.

Teymi 1.-3. bekkjar eru í góðu sambandi og samvinnu sem meðal annars kemur fram í því að við erum í sama takti með vinnulag, kennslufyrirkomulag og mat á náminu. Nemendur þessara bekkja eru saman í frímínútum og umgangast því þó nokkuð þar. Einnig vinnum við saman með blöndun á bekkjunum meðal annars í jólaþema. Teymisfundir hafa styrkt þessa samvinnu mikið og nýtast vel til að deila skoðunum og hugmyndum í kennslunni. Traustið á stiginu er líka gott og við eigum auðvelt með að leita til hvers annars þegar á þarf að halda.

Við höfum verið í góðum samskiptum við bókasafnið, meðal annars vegna vinnunnar í byrjendalæsi þar sem við þurfum 2-3 eintök af hverri bók í þeirri vinnu. Fyrir jól var farið í sérstakt lestrarátak í samvinnu við bókasafnið. Starfsfólk bókasafnsins hefur líka verið boðið og búið að taka saman fyrir

okkur bækur sem tengjast ákveðnum viðfangsefnum svo nemendur kynnist því á sem fjölbreyttastan hátt. Þetta hefur bæði aukið áhuga nemenda á bókum og lestri, sem og dýpkað nám nemenda.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs komu foreldrar með börnum sínum í samtöl til umsjónarkennara. Í þessum samtölum skráðu foreldrar sig á lista fyrir foreldrasamstarf til að hittast þrisvar yfir skólaárið utan skólans, foreldrar og börn. Upplýsingapóstur um starfið í árganginum var sendur vikulega heim til foreldra auk félagsfærnisögu þegar uppbrot voru framundan.

Um mánaðarmót nóvember/desember tókum við milliviðtöl við nemendur og sendum viðtalsblöðin heim. Foreldrar fengu útskýringar í tölvupósti, lásu yfir viðtalsblöðin með sínu barni heima og ræddu við þau um það sem þar kom fram, kvittuðu síðan fyrir að hafa lesið upplýsingarnar og sendu svo aftur í skólann. Foreldrar gátu þá haft samband við okkur ef eitthvað var óljóst eða ef eitthvað kom upp í samtali þeirra við barnið heima fyrir sem við þurftum að vita.

Í lok janúar komu foreldrar aftur í skólann í samtöl sem voru nemendastýrð að miklu leiti. Fyrir samtölin fórum við yfir matsblað með hverjum nemanda og ræddum við þau til að undirbúa þau. Í samtalinu sátu þau við hlið umsjónarkennara og stýrðu fundinum sjálf, lásu upp spurningu (með hjálp kennara ef þurfti), sögðu foreldrum frá svarinu sínu og útskýrðu af hverju þau völdu þann svarmöguleika. Einnig völdu nemendur verkefni til að sýna foreldrum í samtalinu og gátu þá valið eitthvað sem þau voru stolt af eða hafði fundist merkilegt eða skemmtilegt að vinna á þeim tíma. Foreldrar fengu að sjálfsgöðu líka tækifæri til að spyrja eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins.

Yfir veturinn var unnið með samskiptabækur fyrir þrjá nemendur og í þær skrifað nær daglega af bæði foreldrum og umsjónarkennurum. Undir lok skólaárs var þó engin samskiptabók í gangi. Var það vegna þess að 1) barninu var farið að ganga vel og líða vel í skólanum og foreldarnir töldu ekki vera eins mikla þörf á að halda samskiptabók, 2) foreldrar og umsjónarkennarar ákváðu í sameiningu að taka pásu og notast frekar við tölvupóstasamskipti ef þörf væri á og 3) foreldrar ákváðu að færa barn um skóla. Tilgangurinn var að miðla upplýsingum um líðan og atvik til að hægt væri að stilla saman strengi með viðbrögð á báðum stöðum. Þessi vinna hafði mikið að segja í öllum tilfellum.

Fyrir utan samskiptabækurnar var unnið á tímabilum með nokkra nemendur og samskipti við heimilið mikið og reglulegt á meðan það stóð. Þetta voru bæði tilvik þar sem var verið að vinna með samskipti og hegðun nemenda, sem og vinnusemi og viðhorf til námsins. Svona samvinna skiptir sköpum til að ná fram þeim árangri sem við viljum sjá.

Í heildina var samstarf við foreldra gott.

4. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Í 4. bekkjarteyminu voru tveir umsjónarkennarar í 100% starfi, Rósa Hrefna Gísladóttir og Tinna Unnarsdóttir. Í teyminu voru einnig tveir sérkennarar, Sigríður Hlökkversdóttir og Þorgerður Guðmundsdóttir ásamt þremur stuðningsfulltrúum á mismunandi tíma yfir árið, Guðlaugur Jóhann Gunnlaugsson, Pedro Jose Lozano Caballero og Iðunn Gísladóttir. Nemendur í 4. bekk voru að hausti 24 drengir og 17 stúlkur. Um áramót bættist við einn nemandi og annar hætti á vordögum.

Námsumhverfi og skipulag:

Kennsla fór fram í tveimur samliggjandi stofum á neðsta gangi skólans, stofum 133 og 134. Teymiskennsla var í árganginum og voru umsjónarstofurnar notaðar sem ein heild allan veturinn, í einstöku tímum var lokað á milli til að búa til smærri námshópa. Umsjónarkennarar náðu að dreifa álaginu yfir veturinn með því að vera með hópinn sem eina heild og hentaði námsumhverfið nokkuð vel. Með því var einnig auðveldara að taka á málum einstakra nemenda eða þær ákvarðanir sem þurfti að taka. Leitast var eftir því að innleiða leiðsagnarnám í kennslu og í námsmati. Þegar byrjað var á nýjum námsþætti voru markmið kynnt og þau hengd upp á vegg í miðju stofunni ásamt ýmsum amboðum sem gátu stutt nemendur í að ná markmiðunum. Hver námsgrein átti sinn lit og voru markmið hverrar greinar í þeim lit. Þegar búið var að vinna með hvert markmið var það fært yfir á námsvegg sem var í heimastofum ásamt tilheyrandi amboðum. Nemendur gátu gengið á milli og skoðað námsvegginn og rifjað upp markmið og skoðað amboð ef þeim þótti þurfa. Reynt var að hafa markmiðin alltaf sýnileg í öllum verkefnum eða námsmati sem nemendur unnu t.d. efst á verkefnablöðum, á töflu eða í áætlunum. Eins voru kennarar duglegir við að minna á hvaða markmið verið var að vinna með hverju sinni. Umsjónarkennarar nýttu enn meira munnlegt mat og leiðbeindu nemendum jafn óðum út frá þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni þannig að þeir höfðu tækifæri til að bæta afraksturinn um leið. Nemendur voru einnig þjálfaðir í að skoða sjálfir markmiðin og meta hvort þeir töldu sig hafa náð þeim. Nemendum 4. bekkjar var skipt upp í þrjá hópa í sundi og í list- og verkgreinum. Samfélags- og náttúrugreinar voru kenndar í þemum og samþættar með íslensku og öðrum greinum þegar við átti. Tveir kennaranemar komu um veturinn, annar á haustönn og hinn á vorönn. Skák kennsla var í árganginum allan veturinn og tefldu allir nemendur í 30 mínútur á viku og tóku nokkrir nemendur þátt í Brekkuskólamáti í skák.

Námsver:

Það voru alls um 14 nemendur í 4. bekk stuðnings- og/eða sérkennslu í vetur. Skipulagsfundir voru með sérkennurum og umsjónarkennurum þar sem farið var yfir námsstöðu nemenda og skipulag kennslu. Megináhersla var lögð á lestur, aukinn orðaforða, lesskilning, grunnþætti í málfræði og stafsetningu ásamt stærðfræði fyrir þá sem þess þurftu. G-PALS var nýtt fyrir 6 nemendur þar sem lögð var áhersla á grunnþætti lestars, lestrarátak var í apríl og maí þar sem unnið var með þá nemendur sem ekki höfðu náð viðmiðum í lestri, áhersla var lögð á aukin leshraða. Alls var gert ráð fyrir 9,5 kennslustundum í sérkennslu í þessum árgangi hjá sérkennurum. Nemendur fengu einstaklingskennslu eða að vinna í litlum hópi í námsverinu. Þörfin á sérkennslu var metin meðal annars út frá lesfímiprófum, stafsetningarhluta Aston Index, lesskilningi og út frá Orðarún.

ÍSAT kennsla

Tveir nemendur voru í ÍSAT kennslu í vetur, samtals 5 kennslustundir í viku. Umsjónarkennarar og ÍSAT kennari voru í reglulegum samskiptum yfir veturinn og fóru yfir námsmat og það námsefni sem unnið var með hjá ÍSAT kennara.

Upplýsingatækni

Vinna í upplýsinga- og tæknimennt var nánast að öllu leyti unnin í samþættingu við aðrar námsgreinar. Markmiðin voru að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran hátt við gerð verkefna. Hver nemandi fékk afhentan Ipad í upphafi skólaársins sem munaði miklu í allri tæknivinnu. Ýmis forrit voru notuð t.d. til að þjálfar nemendur í margföldun. Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í þörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu munnlega og skriflega leiðsögn í gegnum námsferlið. Notuð voru fjölmörg öpp til þess að auðvelda kennurum og ekki síst nemendum vinnu og yfirferð, þau öpp sem t.d. voru notuð voru: Book Creator, That Quiz, Kahoot, Evolytes, Google translate, Graphogame og Classkick.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í lífsleikni með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Skólaárið hófst á vinnu þar sem Uppbyggingarstefnan og lífsleiknimarkmið vetrarins voru tekin fyrir. Fyrst var Uppbyggingarstefnan kynnt fyrir nýjum nemendum og rifjuð upp fyrir hinum. Talað var almennt um Uppbyggingarstefnuna og hvernig hún virkar. Því næst var unnið með bekkjarsáttmálann. Kennarar fóru í umræður við nemendur um hvaða amboð þeir töldu að þyrfti að vera í bekkjarsáttmálanum. Kennarar tóku síðan saman punkta fyrir amboðin sem voru sýnilegur í kennslustofu. Því næst var unnið með T - spjöld og að lokum Y - spjöld. Að þessu loknu var unnið með þarfirnar. Nemendum var kynnt vel hvernig þarfirnar virka og greindu nemendur sig. Nemendur gerðu síðan sitt fingrafar á bekkjarsáttmálann sem var með sterkustu þörfinni. Bekkjarsáttmállinn var síðan hengdu upp á vegg í stofunni. Nemendur unnu einnig verkefni um skýr mörk. Bekkjarfundir voru reglulega þar sem nemendur ræddu það sem lá þeim á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrirfram ákveðin málefni. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Árgangurinn var allur saman á bekkjarfundum. Það þarf að vinna markvissara með Uppbyggingarstefnuna, vinna með hana jafnt og þétt yfir veturinn og halda henni stöðugt á lofti yfir veturinn. Gott væri að hafa sameiginlegt skjal/hugmyndabanka þar sem hægt væri að nálgast þá þætti sem hægt væri að vinna með í hverjum mánuði.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Nemendur tóku þátt í Litlu upplestrarhátíðinni sem haldin var í apríl. Litla upplestrarhátíðin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, að allir nemendur séu með, komi fram á lokahátíð og fái viðurkenningarskjal í lokin. Gestalesarar úr 7. bekk komu og lásu upp ljóð og voru með tónlistaratriði. Foreldrar mættu til að horfa á og fengu nemendur veitingar eftir hátíðina. Þemadagar voru á vorönn þar sem vinabekkir unnu saman.

Nemendum var skipt í hópa, fjórir saman í hóp, tveir eldri og tveir yngri og unnu þeir saman verkefni í tvo daga. Þema þessara daga var vatn og heppnaðist vinnan mjög vel.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni voru höfð reglulega yfir veturinn. Unnið var með ákveðin viðfangsefni, eins og til dæmis dýr, íþrótt eða fugl. Nemendur fengu afhentan gátlista með atriðum sem þurftu að koma fram og bjuggu til hugtakakort út frá þeim. Nemendur notuðu ýmist Book Creator í Ipad eða gerðu veggspjald/bækling.

Vettvangsferðir og grenndarkennsla

Yfir veturinn var farið í nokkrar vettvangsferðir og unnið m.a. út frá grunnþáttunum lýðræði og mannréttindi þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, unnu með mismunandi einstaklingum að mismunandi verkefnum á mismunandi stöðum með umburðarlyndi að leiðarljósi, sköpun þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt, jafnrétti þar sem nemendum var mætt við getustig hvers og eins s.s. á skíðum og gönguferðum, heilbrigði og velferð þar sem unnið var að því að skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til hreyfingar, læsi þar sem nemendum gafst tækifæri á að lesa ýmsa fræði- og upplýsingatexta í tengslum við náttúruskoðun og Minjasafnið, sjálfbærni þar sem rætt var um rusl á viðavangi í ferðum og mikilvægi þess að endurnýta og skilja ekki eftir sig rusl til að næstu aðilar komi að umhverfinu í sem besta ástandi og til þess að Jörðin geti haldið áfram að gefa af sér um ókomna tíð.

Á hverjum miðvikudegi í vetur var útitími hjá 4. bekk. Ýmist voru verkefni unnin, farið í gönguferðir, útileiki og frjálсан leik á skólalóðinni. Markmiðið var að nemendur fengu uppbrot frá löngum miðvikudegi. Ýmsar ferðir voru farnar í vetur með nemendum. Í september var fyrri útivistardagur Brekkuskóla. Árgangurinn fór í hjólaferð í Kjarnaskóg og var áætlað að ganga upp í Gamla. Erfiðlega gekk að koma nemendum inn í Kjarna, sumir komu á illa búnum eða biluðum hjólum, aðrir á of litlum og margir nemendur ekki með næga þjálfun í að hjóla. Nemendur voru jákvæðir fyrir ferðina en misjákvæðir á meðan á henni stóð. Ekki gafst tími til að ganga alla leið upp í Gamla, sökum tímaleysis og urðu nokkrir nemendur svektir. Þeir nemendur sem fóru upp í Gamla fannst mikil upplifun að sjá heimabæ sinn Akureyri frá öðru sjónarhorni, nemendur borðuðu nesti í náttúrunni og tíndu ber. Ferðin var nýtt í umræður um ýmislegt sem tengdist markmiðum vetrarins auk þess sem ferðin var samtvinnuð við náttúru- og samfélagsfræði og grenndarkennslu og fengu nemendur t.d. fræðslu um barrtré og lauftré, nýtingu berja, farfugla og staðfugla og árstíðir. Rætt var um heimabæinn og örnefni í náttúrunni í kring. Einnig var talað um mikilvægu hreyfingar og þess að vinna saman sem hópur til að allir kæmust á leiðarenda. Í desember var farið á Minjasafnið. Árganginum var skipt upp í tvo hópa, annar hópurinn byrjaði á að fara á Minjasafnið þar sem nemendur fengu að skoða ýmislegt áhugavert á meðan hinn hópurinn var í fræðslu í Minjasafnskirkjunni, síðan var skipt. Seinni útivistardagur Brekkuskóla var í mars þar sem farið var með alla nemendur í 1.-10. bekk í Hlíðarfjall. Nemendur í 4. bekk fengu að þessu sinni leigðan búnað ef þeir áttu hann ekki til sjálfir. Nokkrir nemendur prófuðu skíði eða bretti í fyrsta skiptið og gekk það vel. Markmiðið seigla/þrautseigju sem kemur fyrir í leiðsagnarnáminu átti vel við hér eins og í öllu öðru tengt skólastarfinu. Rætt var mikilvægi þess að gefast ekki upp þó eitthvað sé erfitt í fyrsta skipti, mikilvægi þess að sigrast á hræðslu ásamt því að útivera væri holl og góð. Á vordögum var hjólaferð upp á Jaðarsvöll þar sem nemendur fengu að kynnst golfi. Nemendur fengu fræðslu frá starfsmanni um reglur á golfvællinum, hvernig handleika á golfkylfur og að lokum fengu nemendur tíma til að slá kúlur. Markmið var að

hafa gaman, sýna þolinmæði og taka tillit til annarra. Á hverju vori fara nemendur 4. bekkjar í sveitaferð í lok maí. Byrjað var á því að fara í Laufás þar sem gamli bærinn var skoðaður og fengu nemendur að kynna safngripum og þeim sögum sem þeir segja um liðna tíð. Einnig fengu nemendur leiðsögn um staðinn og staðhætti, að lokum fengu nemendur að skoða kirkjuna. Síðan var farið í Daladýrð í Fnjóskadal þar sem nemendur sáu íslensk húsdýr og fengu að leika sér frjálst bæði úti og inni. Toppurinn á ferðinni fyrir flesta var að fá að halda á kiðlingi. Áður en farið var í ferðina voru nemendur búnir að fá fræðslu og vinna verkefni um húsdýr í íslenskum landbúnaði. Frjálsíþróttamót grunnskólanna var haldið í Boganum í maí þar sem keppt var við aðra krakka í 4. bekk úr öðrum grunnskólum á Akureyri. Mótið hefur skapað sér sess í skólahaldi á Akureyri. Farið var með strætó báðar leiðir. Unnið var með markmið sem sneri að samvinnu, samstöðu og mikilvægi þess að gefast ekki upp. Farið var í hjólaferð upp á Hamra þar fóru nemendur í ýmsa leiki, einhverjir fóru að vaða og borðað nesti. Maímánuður endaði með því að farið var á Flugsafnið. Á safninu fengu nemendur fræðslu um safnið og flugvélar sem eru á safninu. Vorhátíð Brekkuskóla var á sínum stað þar sem farið var í leiki á skólalóðinni og grillaðar voru pylsur að lokum.

Samvinna nemenda

Unnið var með námsfélaga í vetur og reynt var að fá nemendur til að tileinka sér reglurnar um hvað er að vera námsfélagi og lagt var upp með að nemendur æfðu sig í samvinnu allan veturinn. Skipt var reglulega um sessunauta þannig að nemendur æfðust í að vinna með mismunandi námsfélögum. Farið var í PALS-lestrarkennsluaðferðin sem reynir mikið á samvinnu nemenda. Undirbúningur fyrir árshátíð og árshátíðarvinna krefst mikillar samvinnu, skipulagshæfni, setja sig í spor, koma fram og spá fyrir um óvæntar aðstæður. Hópa vinna nemenda voru nokkur yfir veturinn þar sem samvinna og samræður áttu sér stað. Með hópavinna má efla grunnþátt menntunar um læsi, sköpun, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

Samvinna við aðra

Samvinna við bókasafnið var mjög góð. Starfsfólk aðstoðaði nemendur við að velja sér bækur fyrir yndislestur og þá nemendur sem komnir voru á það stig í lestrarnáminu að velja sér sjálfir heimalestrarbækur. Starfsfólk bókasafnsins var einnig einstaklega hjálplegt varðandi bækur fyrir nestistíma. Vinabekkir unnu saman tvisvar yfir veturinn, á þemadögum og á Brekkuskólaleikunum. Kennari á vegum tónlistarskólans var með söngsal tvisvar yfir veturinn þar sem nemendur hittust inn á sal og sungu saman. Frábært framtak og vonandi er þetta komið til að vera. Það sem þarf að bæta er að skipulagið inn á sal þarf að vera betra. Nemendur þurfa að vera meðvitaðir um reglurnar sem gilda inn á sal þegar það er söngsalur.

Foreldrasamstarf

Til að upplýsa foreldra um gang mála í skólanum voru sendir út föstudagspóstar hvern föstudag frá umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar höfðu samband við foreldra þegar þurfa þótti. Foreldrasamtöl voru boðuð með formlegum hætti tvisvar sinnum yfir veturinn. Fyrri samtalið var við upphaf skóla og var með hefðbundnum hætti þar sem nemendur, foreldrar og umsjónarkennari settust niður og ræddu um markmið og skipulag vetrarins. Seinna samtalið fór fram í janúar og var það nemendastýrt. Nemendur undirbjuggu sig fyrir samtalið í skólanum með því að svara spurningum, skoðuðu markmið sem búið var að vinna með það sem af var vetri og völdu sér markmið sem höfðu gengið annars vegar vel að vinna með og hins vegar ekki gengið eins vel að

vinna með. Nemendur skoðuðu einnig aðra þætti sem sneru að þeim og skólanum og þeim þótti skipta máli. Nemendur æfðu sig í skólanum fyrir samtölin og stýrðu foreldrasamtalinu þegar að því kom. Umsjónarkennari var viðstaddur og aðstoðaði ef þurfa þótti. Foreldrar fengu tækifæri til að spyrja jafnóðum og/eða koma einhverju á framfæri sem þeir þurftu að ræða í lok samtalsins. Við teljum að nemendastýrð viðtöl séu mjög góð.

Enska

Ákveðið var að leggja litla áherslu á ensku þennan veturinn og einblína frekar á stærðfræði, íslensku- og lestrarkennslu nemenda. Þó voru unnin ýmis verkefni í ensku yfir veturinn og verkefnabók notuð með.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í fjórar lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Unnið var út frá grunnþáttunum læsi þar sem nemendum gafst tækifæri á að æfast í lestri ýmissa stærðfræðilegra hugtaka og orðadæma ásamt því að lesa í stærðfræðitákni, lýðræði og mannréttindi þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, unnu með mismunandi einstaklingum að mismunandi verkefnum með umburðarlyndi að leiðarljósi, sköpun þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt ýmsar aðferðir, skissur, myndir, töflur og myndrit, jafnrétti þar sem nemendum er mætt við getustig hvers og eins, heilbrigði og velferð þar sem unnið var að því að skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til stærðfræðináms.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í stærðfræði á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að fylgjast með hvernig aðrir leysa dæmi og sýna eigin aðferðir, taka þátt í samræðum um stærðfræði og tjá sig á myndræna hátt. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með því að fylgja áætlunum, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Á öllu námsmati voru markmið birt þannig að nemendur gátu skoðað markmiðið sem verið var að meta. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga og nýttu sér kennslumyndbönd á netinu, ýmis stærðfræði öpp og síður. Til að þjálfra sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum.

Í fyrstu lotu var unnið með hnitakerfið, tölur stærri en 1000 og minni en 0 og samlagningu og frádrátt. Í lotu tvö var unnið með tímann og klukkuna, margföldun og deilingu og samhverfu og mynstur. Í lotu þrjú var unnið með ummál og flatarmál, margföldun og deilingu og mælingar og tugabrot. Í lotu fjögur var unnið með almenn brot, almennan reikning (+, -, x og ÷) og tölfraði. Námsbækurnar Sproti 4a og 4b voru nýttar sem aðal námsefni ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Ýmis stærðfræðiöpp voru nýtt til þjálfunar. Nemendur fóru heim með margföldunartöflurnar og áttu að læra þær utanbókar og margföldun æfð sérstaklega í skóla með forritinu ThatQuiz. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögnum og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða með námsfélaga en stundum í hópum. Þeir nemendur sem ekki náðu um 80% markmiða á hverju prófi fengu endur innlögna námsþáttunum og unnu æfingasíður eða fengu verkefni heim í þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma.

Við lok hvorrar annar voru lögð fyrir skrifleg próf sem meta áttu þau markmið sem unnið hafði verið með á tímabilinu.

Íslenska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu. Námsefnið var fjölbreytt og oft samþætt við samfélags- og náttúrugreinar. Unnið var út frá eftirfarandi grunnþáttum:

- **Læsi:** Áhersla var á að nemendur næðu góðum leshraða, gætu lesið af öryggi og með góðum skilningi.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun við lestur fjölbreyttra texta og unnið var með lýðræðisleg vinnubrögð bæði við verkefnaval og námsmat.
- **Sjálfbærni:** Nemendur tókust á við ýmis álitamál og ágreiningsefni við lestur fjölbreyttra texta.
- **Jafnrétti:** Nemendum var gert ljóst að allir eigi jafnan rétt til náms og að umburðarlyndi skuli viðhaft gagnvart mismunandi getu og framförum.
- **Sköpun:** Nemendur túlkuðu á persónulegan hátt framsögn, ritun og umræður, ásamt því að tjá texta og málfræðireglur í gegnum myndir.
- **Heilbrigði og velferð:** Góð samskipti milli nemenda voru höfð að leiðarljósi og reynt var að koma til móts við þarfir allra nemenda á einstaklingsbundinn hátt þar sem þeir fengu tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.

Íslensku var skipt í fjórar lotur og unnið var með námsmarkmiðin á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi.

Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að hlusta á lestur annarra og lesa fyrir aðra, taka þátt í samræðum um lesin texta og málfræðileg atriði, spyrja spurninga við lestur og íhuga innihald texta og/eða málfræðiverkefna, með því að koma fram og segja frá fyrir framan árganginn, lesa og flytja ritunarverkefni og ýmsar tegundir texta, koma fram á árshátíð ásamt því að koma fram á Litlu upplestrarhátíðinni.

Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám t.d. í yndislestri og meta hvernig þeir nýttu tímann sinn til lesturs, skoða hvaða markmið þeir kynnu og hver þyrftu að æfa betur. Nemendur æfðu nýtingu miðla og upplýsinga og leituðu upplýsinga á ólíkum miðlum við úrlausna lesskilningsverkefna og í samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar og tölvu- og upplýsingamennt, tjáðu sig á myndrænan, skriflegan og stafrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni s.s. Google umhverfinu og gerðu rafrænar bækur í Book Creator. Til að þjálfa sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Þeir æfðu sig einnig að hlusta á aðra nemendur þegar þeir lásu eða kynntu ásamt því að þjálfast í að hlusta á nestissögur. Nemendur æfðust einnig í að meta bækur og frásagnir annarra á gagnrýnan og uppbyggilegan hátt. Til að þjálfa skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í standa fyrir máli sínu og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt ásamt því að tileinka sér gagnvirkian lestur og fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir lesskilningsverkefna. Mikil áhersla var lögð á lestur- og lesskilning allan veturinn og voru nemendum skipt í þrjá misstóra hópa við þjálfun lesskilnings eftir niðurstöðum Orðarúnar og lesfímiprófa og fékk hver nemandi lesskilningsverkefni við hæfi sem unnið var á appinu Classkick. Ekki var stuðst við sérstakt kjarnaefni

en ýmsar kennslubækur og aukaefni nýtt til að þjálfra lestur- og lesskilning. Í námsmati var stuðst við leiðsagnarnám þar sem nám nemenda var metið jafn óðum. Fengu nemendur munnlegar endurgjafir en einnig var skriflegt málfræðipróf sem var bæði að hausti og að vori ásamt Orðarún lesskilningsprófi sem var tvisvar yfir veturinn, lesfímipróf sem var þrisvar sinnum yfir veturinn og Aston Index stafsetningarprófi tvisvar sinnum yfir veturinn.

Samfélags- og náttúrufræðigreinar

Markmið aðalnámskrár voru höfð að leiðarljósi þegar farið var í efnispætti í samfélags- og náttúrufræðigreina. Unnin voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnispáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Valin voru saman áþekk markmið og unnið var út frá þeim. Unnið var út frá grunnþáttunum læsi þar sem nemendum gafst tækifæri á að efla umhverfis og samfélagslæsi, þjálfra lestur fræðiritra, greina aðalatriði frá aukaatriðum og rýna í hugtök sem tengjast markmiðum greinanna, lesa í aðstæður annarra ásamt umhverfislestri, lýðræði og mannréttindi þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, að þeir geti sett sig í spor barna á landnáms tíma og dagsins í dag og hvernig trúarbrögðum er háttað í heiminum, sköpun þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt vinnu sína með frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl, jafnrétti þar sem nemendur skoðuðu þróun jafnréttis á landnáms tíma og bárum saman jafnrétti barna sem búa í sveit annars vegar og hins vegar barna sem búa í borg, sjálfbærni þar sem nemendur ræddu hvaða tækifæri þau gætu haft á verndun náttúrunnar og hvað hægt væri að gera til að hafa áhrif á framhaldslíf Jarðarinnar, heilbrigði og velferð þar sem unnið var með upplýsingar um fjölbreytileika mannlífsins og hversu gott það er að við getum öll verið við sjálf og að við eigum öll ýmsa valkosti í daglegu lífi, allt frá klæðaburði til framkomu okkar við annað fólk.

Unnið var með námsmarkmiðin í samfélags- og náttúrufræðigreinum í sjö lotum á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að hlusta á lestur fræðitexta, ræða um námsefnið og kynna verkefni sín í máli og myndum með hjálp ýmissa miðla. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með að fylgja fyrirmælum, meta sjálfir markmið sín og gera verkefni þar sem virða þurfti tímamörk. Nemendur æfðu nýtingu miðla og upplýsinga og leituðu upplýsinga á ólíkum miðlum við úrlausna verkefna, tjáðu sig á myndræna, skriflegan og stafrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni s.s. google umhverfinu og gerðu rafrænar bækur í Book Creator. Til að þjálfra sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Þeir æfðu sig einnig í að skipuleggja hópavinnu, taka þátt í umræðum og setja sig í spor annarra. Til að þjálfra skapandi og gagnrýna hugsun fengust nemendur við aðferðir leitarnáms við úrlausnir verkefna.

Náttúru- og samfélagsfræði var unnið í sjö lotum. Í fyrstu lotunni var unnið með farfugla og staðfugla. Nemendur unnu saman í þriggja manna hópum. Hver hópur valdi sér einn farfugl og einn staðfugl og unnu hugtakakort um fuglana, skrifuðu fræðitexta og að lokum gerðu þeir bækling um fuglana þar sem upplýsingar og myndir komu fyrir. Nemendur nýttu sér t.d. fuglavefinn og bækur um íslenska fugla til að afla sér upplýsinga. Önnur lota var um mismunandi trúarbrögð, þar sem nemendur fengu kynningu á helstu trúarbrögðum heims og unnu verkefni tengd þeim. Spjallað var um viðfangsefnið og það tengt daglegu lífi og reynsluheimi nemenda. Landnám Íslands var í lotu 3, nemendur unnu ýmis verkefni í tengslum við landnámið. Til dæmis gerðu nemendur flettibók þar sem úrdráttur úr námsefninu og tvær myndir voru teiknaðar ef hvern kafla. Einnig gerður nemendur sinn eigin landnámsmann/konu sem var síðan sett í ferilmöppur nemenda. Í náttúru og umhverfi,

sem var lota 4, var fræðsla um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna okkar. Nemendum var sýnt myndband sem sýnir skaðsemi plast í náttúrunni og hvað það getur haft skaðleg áhrif á þau dýr sem lifa í sjónum.

Í lotu 5 var unnið með markmiðið að þekkja mismunandi form vatns. Nemendur fóru í ratleik um skólann þar sem þeir þurftu að leysa ýmsar þrautir þar sem endaði á því að útskýra hvernig vatnið er í mismunandi formi. Þessi vinna fléttaðist síðan við þemadagana þar sem þemað var Vatn. Í lotu 6 var um himingeiminn og ýmis verkefni unnin tengd himingeimnum. Nemendur horfðu á fræðslumyndband um hversu mikið geimrusl er að finna í himingeimnum. Í lotu 7 var unnið með íslensku húsdýrin, farið var með nemendur í sveitaferð og nemendur gerðu bók í Book Creator með helstu upplýsingum um húsdýrin.

5. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Í vetur voru nemendur alls 42 talsins, 20 drengir og 22 stúlkur. Í teyminu voru tveir umsjónarkennarar, báðir 100% starfshlutfalli, einn sérkennari sem var í 100% starfshlutfalli og sinnti sérkennslu í 4. 5. og 6. bekk og tveir stuðningsfulltrúar. Auk þeirra kom ÍSAT kennari að tveimur nemendum.

Námsumhverfi og skipulag:

Allir kennarar í 5. bekk unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Sérkennari og umsjónarkennarar komu að skipulagi þeirra nemenda sem voru í námsveri. Alls nutu um 17 nemendur í 5. bekk stuðnings- eða sérkennslu í vetur. Einhverjir nemendur fóru fjórum sinnum í viku, aðrir fóru einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Sérkennari, stuðningsfulltrúar og umsjónarkennarar unnu í sameiningu við að undirbúa nemendurna fyrir daglegt starf meðal annars með sjónrænu skipulagi og uppbroti í skólastarfi með félagsfærnisögum og fleiru. Tveir nemendur voru með einstaklingsnámskrár sem metnar voru í janúar og svo aftur í lok maí. Námskrár og endurmat voru settar í námsmöppu nemenda á Mentor. Vikulegir samráðsfundir voru með sérkennurum þar sem farið var yfir námsstöðu nemenda og skipulag kennslu. Áhersla var lögð á lestrarþjálfun og var lítill hópur í námsveri í PALS, einnig var lestrarátak á vordögum. Ýtt var eftir því að nemendur sem þess þurftu fengju aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands sem þeir gætu nýtt sér í lestrarstundum. Sérkennari lagði fyrir öll lesfimiprófin og las Orðarún prófin fyrir þá nemendur sem þess þurftu

Reglulegir samráðsfundir voru með kennurum 6. bekkjar þar sem rætt voru skipulögð þemaverkefni t.d. fyrir hrekkjavöku og jólin og fleira sem teymin unnu síðan saman stundum þvert á árganga. Leitast var eftir því að innleiða leiðsagnarnám í kennslu og námsmati. Þegar byrjað var á nýjum námsþætti voru markmið kynnt nemendum og þau hengd upp á töflu eða birt á sjónvarpi ásamt ýmsum amboðum sem gátu stutt nemendur í að ná markmiðunum. Hver námsgrein á sinn lit og voru markmið hverrar greinar í þeim lit. Þegar búið að var að vinna með hvert markmið var það fært ásamt tilheyrandi amboðum yfir á námsveggi sem voru settir upp víðsvegar um stofurnar. Nemendur gátu þá rölt á milli veggja og rifjað upp markmið og skoðað amboð ef þeim þótti þurfa. Þetta nýttu nemendur

sér t.d. fyrir nemandastýrðu samtölin. Eins voru kennarar duglegir að minna á hvaða markmið verið var að vinna með hverju sinni og einnig að fá nemendur til að finna leiðir til að ná markmiðum. Umsjónakennarar nýttu munnlegt mat og leiðbeindu nemendum jafn óðum út frá þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni, þannig fengu nemendur tækifæri til að bæta sig um afraksturinn um leið. Nemendum 5. bekkjar var skipt upp í þrjá sundhópa og fjóra hópa í list- og verkgreinum. Skák var á sínum stað og fengu nemendur að velja hvort þeir vildu taka þátt í skákkennslu og valdi um helmingur hópsins að tefla í 40 mínútur á viku.

Samfélagsgreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélagsgreinum var skipt upp í tvö þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnispáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega upplýsingatækni. Í upphafi hvers þema var nemendum gerð grein fyrir hver markmiðin væru og hvað þau þýddu. Vinnan var skapandi og fengu nemendur stundum val um hvernig þeir vildu skila verkefnunum. Námsefni var stundum notað sem grunnefni ásamt öðru efni. Kennarar lásu fyrir hópinn og notuðu umræðu- og spurnaraðferðina sem þjálfra samræðu og gagnrýna hugsun samhliða lestrinum. Leitaraðferðir voru notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar tengd efninu sem verið var að vinna með hverju sinni. Með þessu þjálfast nemendur í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti t.d. með bókum af bókasafninu, leita eftir upplýsingum í kennslubókum eða jafnvel af netinu. Nemendur unnu mikið í hópavinnu, með því fá nemendur tækifæri til að ræða saman, dýpka skilning ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Nemendur unnu meðal annars kynningar á efninu.

Í þema eitt var unnið með í grunnin með námsefnið Ísland – hér búum við. Unnið var með markmið sem tengdust náttúruöflum, atvinnugreinum og náttúruauðlindum Íslands ásamt því að nemendur kynntust legu landsfjórðungana, stærstu þéttbýlisstöðum, helstu ám, jöklum, fjörðum, flóum og fjöllum. Nemendur unnu ýmis verkefni í einstaklings, para og/eða hópavinnu.

Þema tvö var landnám og Rómaveldi, unnið var með námsefnið frá Róm til Þingvalla. Unnið var með markmið sem tengdust sögu af fundi Íslands, nokkrum landnámsmönnum, trú og siði á Íslandi fyrir kristnitöku. Nemendur áttu líka að fræðast um nokkur kennileiti rómverska ríkisins s.s. byggingar og borgir og að geta sett sig í spor þeirra sem þurfa að hverfa frá heimili sínu. Fengu nemendur vinnuhefti með fjölbreyttum verkefnum sem nýtt var í námsmat.

Tölvur og tölvutækni var mikið nýtt s.s. til heimildavinnu, gerð kynninga o.fl. Stundum var lagt upp með að nemendur kynntu verkefni sín fyrir samnemendum. Námsmat í samfélagsgreinum byggðist upp á símati, hvernig gekk í hópavinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélagsgreinum var að miklum hluta skapandi vinna í sambland við vinnubókarvinnu. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Náttúrugreinar

Markmiðin voru að efla áhuga og hæfni nemenda í náttúruvísindum. Einnig að þeir tileinkuðu sér vísindaleg vinnubrögð og nákvæmni við athuganir, tilraunir og verkefnavinnu. Hugtakaskilningur og leikni í verklegum æfingum sem tengdust lífvísindum, eðlis- og efnafræði voru meginmarkmiðin og tímarnir einkenndust af umræðum, samvinnuverkefnum, sýnikennslu og útikennslu. Náminu var skipt upp í rúmlega 4 lotur og voru markmið hvernar lotu sýnileg nemendum á námsvegg ásamt

hugtakalistum. Helstu viðfangsefni í 1. lotu voru tengd lífbreytileika og lífríki Íslands. Mikið var unnið með myndir og ein vettvangsferð var farin þar sem mismunandi gróðurlendi voru m.a. skoðuð. Viðfangsefni 2. lotu tengdust einnig þáttum líffræðinnar. Frumur, bakteríur, veirur, uppruni lífvera og hringrás lífsins voru umfjöllunarefni. Stærstu verkefni tengdust líkanagerð af frumum, smásjárskoðun og heimildaverkefni um dýr í útrýmingarhættu og tvínafnakerfið sem að lokum var sett í ferilmöppu.

Í 3. lotu voru markmið tengd mannslíkamanum. Markmiðin tengdust beinagrind, vöðvum og húðinni. Stærsta verkefnið var að útbúa líkan af beinagrind manna sem var að lokum sett í ferilmöppu.

Í 4. lotu var meginviðfangsefnið tengd umhverfismennt og straumum (bæði haf og loft). Ekkert formlegt námsmat var lagt fyrir eftir þessa lotu eins og eftir hinar. Þessi lota var unnin með því að lesa kaflann í PALS og ræða um hugtök í kaflanum. Við nýttum útikennslutíma til að reyna að átta okkur á hugtökum eins og mismunandi hvolfum, hvað ylli veðrabreytingum og fleira. Þátttaka í umræðum var yfirleitt góð, þó svo að sumir væru hlédrægari en aðrir.

Í lok skólaárs var svo áhersla á að þekkja lífríki í náttúru Íslands. Vettvangsferð var farin í Kjarnaskóg þar sem verkefni í plöntugreiningu fór fram.

Við notuðum Plickers, Quizlet, PearDeck, Nearpod, Kahoot og WordWall. Kennslumyndbönd og aðrar myndir voru notaðar til að auka skilning. Plöntu- og fuglavefir voru notaðir. Nokkur verkefni í vinnubókinni voru einnig notuð. Leiðsagnarverkfærið „Engar hendur á loft“ var alltaf notað. Verkefni voru metin og einnig var formlegt rafrænt námsmat eftir hverja lotu. Notuð var Nearpod-verkefni við námsmatið.

Það gekk ekki nógu vel að fylgja kennsluáætlun og mun meiri tíma tók að ljúka verkefnum en reiknað hafði verið með. Umræður voru góðar en fleiri hefðu mátt taka þátt. Undir voru kynjaskipt í tímum og þá fóru að heyrast spurningar frá nemendum sem aldrei höfðu tekið til máls að fyrri bragði (þar þegar leiðsagnarverkfærið „Engar hendur á loft“ var notað).

Árangur var misjafn en almennt framvinda góð. Tímarnir gengu vel og virkni nemenda og áhugi oftast mikill. Mörg mjög góð verkefni voru unnin og verklegar æfingar vöktu áhuga næstum allra. Það var mjög gott að fá stuðning sérkennara í tímum og það bæði hjálpaði kennara og nemendum sem á þurftu að halda. Hléæfingar voru nánast alltaf notaðar þar sem um 80 mínútna lotur var að ræða og minntu krakkarnir á þær ef kennari var að gleyma sér í kennslunni.

Íslenska

Í vetur var í grunninn unnið með málfræði, bókmenntir, lesskilning, ritun, stafsetningu og orðaforða. Reynt var að samþætta þetta eins mikið og kostur var t.d. þegar það var ritun þá reyndi á málfræði, með því að hafa textann t.d. í þátíð, stafsetningu og orðaforða, með því að taka texta og skipta út orðum sem voru fyrir og setja ný í staðinn.

Við fórum í 2 x 6 vikna PALS sem skilaði sér í auknum lestri og bættum lesskilningi. Við lásum í 40 mínútur á fimmtudögum, tími sem var eingöngu fyrir lestur á valbók. Við tókum 10 x 4 bækur sem voru samlesnar í hópum á fjórum vikum. Fjórir í hverjum hóp og á mánudögum var farið yfir það sem var búið að lesa og athugað hverjir héldu þá áætlun sem hópurinn setti sér. Þarna var PALS nýtt með

forspá og athugun á orðum sem voru erfið. Að fjórum vikum liðnum þá skila þau yfirliti yfir aðalpersónur, sögusvið, atburðarrás, upphaf, endi og umsögn um bókina. Að lokum skila þau inn plagati með teikningu af einum atburði í sögunni eða öðru því sem þau kjósa að teikna upp úr bókinni.

Í málfræði höfum við unnið með alls konar. Nafnorð, lýsingarorð og sagnorð hafa fengið sitt pláss og almenn umræða um orðflokka. Þau hafa unnið mikið munnlega og farið í leiki til að reyna að festa hugtökin.

Stafsetning hefur að mestu verið tekin samhliða ritun.

Lesskiliningur hefur verið annað slagið í vetur, a.m.k. einu sinni í mánuði og hafa nemendur fengið að velja sér viðfangsefni sem gervigreindin hefur svo búið til.

Í vetur sungum við eitt íslenskt lag í lok hvers föstudags. Texti þess lags var oft notaður í orðaforðakennslu sem og til ritunar. Rætt um innihald lagsins og hvað einstaka orð þýddu og hvers vegna væri í lagi að hafa ákveðin orð í söngtexta þó þau væru litin hornauga í almennri notkun þess utan.

Stærðfræði

Vetrinum var skipt í átta lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Áætlun var gerð fyrir hverja lotu sem var svo skipt niður á vikur. Ef nemendur náðu ekki að klára sína vikuáætlun var gert ráð fyrir að hún væri kláruð heima. Hver námsþáttur byrjaði á innlögn og unnið út frá henni, oftast einstaklingslega eða í þörum en stundum í hópum. Eftir hverja lotu tóku nemendur kaflapróf og markmiðin metin. Lagt var upp með að stærsti hluti hópsins byrjaði á nýjum námsþáttum á sama tíma. Stika 1a og Stika 1b voru nýttar sem grunn námsefni í stærðfræði ásamt samsvarandi æfingaheftum og aukaefni. Í fyrstu lotu lærðu nemendur að setja dæmi upp í reikningsbók og unnið var með reikniaðgerðirnar fjórar. Í lotu 2 gerðu nemendur kannanir og unnu myndrit úr niðurstöðunum. Einnig var unnið með töflureikni í upplýsingatækni og stærðfræði. Í þriðju lotu æfðu nemendur sig með tugabrot þar sem lært var á tíundu og hundruðustu hluta. Í fjórðu lotunni unnu nemendur með rúmfræðiform, flutninga og hornasummu. Áherslan var á heiti forma og notkun gráðuboga. Í fimmtu lotu lærðu nemendur að reikna flatarmál og ummál og mælikvarða. Í sjöttu lotu lærðu nemendur á almenn brot, teljara og nefnara, breyta milli almennra og tugabrota og prósent. Í sjöundu lotu var unnið með margföldun og deilingu. Nemendur notuðu rúðunet til að sjá fyrir sér margföldun og lærðu mismunandi aðferðir til að reikna deilingardæmi. Í seinustu lotunni lærðu nemendur á mynstur með hliðrun, speglun og snúningi og talnamynstur. Í lok hvernar lotu var kaflapróf til að meta stöðu nemanda yfir veturinn.

Enska

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrá í ensku. Enska var kennd þrisvar sinnum í viku 30-40 mínútur í senn. Unnið var með markmið í orðaforða, tjáningu, ritun, samvinnu og málfræði. Til að ná markmiðum í ensku voru verkefni unnin á fjölbreyttan hátt t.d. með því að nemendur spurðu hvort annað spurningar á ensku, segja frá sjálfum sér og áhugamálum, unnu skrifleg verkefni og tóku þátt umræðum. Nemendur unnu verkefnin einir, í þörum eða í hópum. Náms efnið Yes we can 5 lesbók, vinnubók og námsvefur var nýtt sem grunnefni ásamt myndböndum og leikjum. Þar sem nemendur voru margir að stíga sín fyrstu skref í ensku kennslu var notast við stoðir eins og google translate,

snara.is og m.is á meðan nemendur voru að ná tökum á málinu. Námsmat var í formi hlustunarverkefna, munnlegra verkefna og ritunarverkefna.

Upplýsinga-og tæknimennt

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan, skapandi og skýran hátt. Kennslan fór fram í heimastofu með iPad. Nemendum var kennt hvernig á að umgangast tölvurnar og nýta þær á uppbyggilegan hátt. Notast var við Code.org og Twinery.org til að kenna forritun. Einnig var kennt á Google umhverfið og nemendur þjálfðir í notkun Slides og Sheets. Tölvukennsla var samtvinnuð við aðrar námsgreinar eins og samfélagafræði, stærðfræði og náttúrufræði. Í samfélagsfræði voru nemendur að vinna með kort í google maps og Geoguessr. Í stærðfræði voru nemendur t.d. að nota google sheets fyrir töflureikni. Einnig var algengt að tölvurnar voru notaðar í upplýsingaleit á netinu í ýmsum fögum.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Lífsleiknitímar voru mikið notaðir í bekkjarfundi og þar fórum við mikið yfir samskipti, bæði innan kynjanna og eins á milli kynjanna. Það skilaði sér á vorönninni en þá voru samskipti mun betri og heilbrigðari en fyrir áramót. Dropinn holar steininn. Við fórum líka í ýmsa leiki tengdum samskiptum og vonuðumst til þess að fjölbreytt nálgun á samskiptavandann myndi skila meiru en minna.

Á bekkjarfundum ræddum við ýmislegt, bæði atriði sem komu frá nemendum og eins frá okkur kennurum og spunnust oft fjörugar samræður. Stundum var allur árgangurinn saman, stundum bekkir og stundum kynjaskipt. Á bekkjarfundum ræddum við líka það sem var undir í leiðsagnarnáminu t.d. í lokin þegar við vorum með seiglu, þá fórum við í það hvenær sem færi gafst því að okkur fannst hún skipta miklu máli í þessum hóp. Það eru of margir sem velja uppgjöf sem fyrsta valkost.

Útikennsla

Við erum búnir að vera með fastan einn tíma á viku per hóp í útikennslu í allan vetur. Þar hafa flestar námsgreinar komið inn. Það var byrjað í náttúrufræði, og skoðaður gróður í nágrenni skólans í haust og svo enduðum við aftur í náttúrufræði þegar gróðurinn er að koma aftur upp. Þess á milli unnum við í stærðfræði, íslensku, íþróttum og samfélagsgreinum í útikennslunni. Það mætti alveg bæta aðstöðu á skólalóðinni til frekari útikennslu. T.d. með því að hafa borð með bekkjum eða annað lærdómssvæði.

Spilatímar

Til að auka samheldni innan árgangsins og til að hafa samveru og skemmtilegheit var spilatími einu sinni í viku fyrir allan árganginn. Þar var þeim kennd ýmis borðspil og hlutverkaspil auk þess sem þau gátu spilað þau spil sem þau vildu. Alltaf voru a.m.k. tveir / tvær / tvö saman að spila en oftast voru mun fleiri og mikið stuð. Þau lærðu ný spil, þau lærðu betri samskipti og þau lærðu að bera virðingu fyrir spilunum og fara vel með þau. Þetta skilaði sér í auknum spilaáhuga þegar dauðar stundir voru í skólanum.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

- Útivistardagur að hausti
- Hrekkjavökuföndur
- Jólaföndur
- Útivistardagur að vori

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni voru t.d. í ensku þar sem nemendur áttu að undirbúa texta og segja frá áhugamálum sínum. Einnig fengu nemendur frjálst val innan efnisramma í samfélagsfræði kynningum.

Vettvangsferðir

- Naustaborgir að hausti þar sem skoðað voru jurtir, og saga og umhverfi borganna.
- Vettvangsferð að vori var í Kjarnaskóg þar sem var náttúrufræðiratléikur og leikir

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur, saman í pörum og almennt reyndi á samskipti í mörgum þeim verkefnum sem lögð voru fyrir. Samvinna kom einnig fram í árshátíðarvinnu, þemadögum og hrekkjavöku- og jólaföndri miðstigs og í PALS. Einnig í náttúru og samfélagsfræði, stærðfræði og íslensku. Nemendur nýttu sér námsfélaga í vetur og sköpuðust oft góðar samræður á milli nemenda um námsefnið sem var verið að vinna með. Nemendur nýta sér oftast þann sem þeir sitja hjá og því eru ekki alltaf vinir sem aðstoða hvorn annan, stundum tveir, þrír eða fleiri.

Samvinna við aðra

Við vorum í samstarfi við Hlíð og við Lystigarðinn. Komum í heimsókn nokkrum sinnum á hvorn stað.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var gott, brugðist var eins fljótt og kostur var við því sem foreldrar óskuðu eftir. Við sendum föstudagspósta á hverjum föstudegi en fengum lítið svör eða viðbrögð. Foreldrar sumra nemenda komu í skólann að spjalla og gekk það mjög vel. Bekkjarkvöld var a.m.k. eitt.

Grenndarkennsla

Við nýttum útikennslutíma til að fara í lystigarðinn, fengum þar fræðslu um umgengni, tilurð og tilgang hans og hvernig við getum nýtt hann í skólastarfinu. Við fórum líka í Hlíð að spjalla, spila, lesa og syngja fyrir eldri borgara. Við fórum í innbæinn að skoða byggingar og læra aðeins um sögu innbæjarins. Eins fórum við um nágrenni skólans og kíktum á gróður og byggingar.

6. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Í vetur luku 57 nemendur námi í 6. bekk, 28 drengir og 29 stúlkur. Í teyminu voru þrír umsjónarkennarar, allir í 100% starfshlutfalli. Þar að auki starfaði sérkennari með teyminu og var 6. bekkur með 6 kennslustundir á viku í sérkennslu. Sérkennari og umsjónarkennarar komu að skipulagi þeirra nemenda sem voru í námsveri. Alls nutu um 14 nemendur í 6. bekk stuðning- eða sérkennslu í vetur. Misjafnt var hversu oft nemendur komu í viku. Þörfin á sérkennslu var metin meðal annars út frá lesfimiþrófum, stafsetningarhluta Aston Index og lesskilningi, Orðarún. Kennsla nemenda í sérkennslu var aðlöguð sem mest viðfangsefnum inni í bekknum, ýmist með því að styttu, einfalda og búa verkefni niður í styttri námslotur. Samráðsfundir voru með sérkennara þegar þess þurftir þar sem farið var yfir námsstöðu nemenda og skipulag kennslu. Áherslur í kennslu voru m.a. að vinna með þætti tengda lestri og lesskilningi og kom lestrarhópur til sérkennara einu sinni í viku þar sem nemendur lásu fyrir kennara, unnið var með orðaforða, þætti í málfræði og grunnþætti stærðfræðinnar.

Vikulegir samráðsfundir voru með teyminu. Jafnframt hittust kennarar miðstígs, 4.-6. bekkjar reglulega þar sem farið var í jafningjaspjall og þætti sem stuðluðu að jákvæðri starfsþróun.

Litið var á hópinn sem eina heild til að auðvelda ákvarðanir eða taka á málum einstakra nemenda ef á þurfti að halda. Vikulega skiptu nemendur um sæti og fóru þá á milli í heimastofum en þær voru þrjár. Hægt var að opna á milli stofanna og var fyrst prófað að hafa alveg opið á milli í öllum stofunum. Það reyndist erfitt, bæði fyrir athygli og eftirtekt nemenda en einnig reyndist það of krefjandi fyrir raddbeitingu kennara. Það var því ákveðið að loka stofunum meira af en þó haft eitt til tvö bil opin. Þetta fyrirkomulag reyndist vel til að efla bekkjaranda og samskipti nemenda.

Námsumhverfi og skipulag:

Íslenska

Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði og stafsetningu og unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Læsi þar sem áherslan var á að nemendur næðu góðum leshraða, gætu lesið af öryggi og með góðum skilningi ásamt málnotkun og merkingu orða til að efla orðaforða. Lýðræði og mannréttindi þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun við lestur fjölbreyttra texta og lýðræðisleg vinnubrögð. Sjálfbærni þar sem nemendur tókust á við ólík ályktamál og fjölbreytta gæðatexta. Jafnrétti þar sem nemendum var gert ljóst að allir eigi jafnan rétt til náms og að sýna eigi umburðarlyndi gagnvart mismunandi getu og framförum. Sköpun sem fólst í að þjálfu og nýta sér ólíka námstækni til að kynna og setja fram verkefni á fjölbreyttan hátt. Í því fólst m.a. að nýta sér tjáningu og framsögn, semja sögur og ljóð og ritun sem ýmist var unnin frá eigin brjósti eða meðfram markmiðum í öðrum námsgreinum. Nemendur unnu ýmist einir, í pörum eða 3-4 manna hópum. Lögð var áhersla á leiðsagnar- og símat þar sem nemendur fengu skriflega og/eða munnlega endurgjöf. Til að vinna með námsmarkmiðin á 6. þrepi var Orðspor 2 notað sem grunnefni. Þar kynntust nemendur íslenskri málnotkun, lestrar- og námstækni til að efla framsögn, tjáningu, ritun, hlustun og lestur auk þess sem þau fengu að grúska og grafa upp ýmsan fróðleik. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning jafnt og þétt allan veturinn. Heimalestri átti að sinna a.m.k. fimm sinnum í viku

og skrá heimalesturinn. Ákveðið var að prófa rafræna heimalestrarskráningu. Foreldrar fengu QR-kóða í samtölum við upphaf skólaársins. QR-kóðinn veitti foreldrum aðgang að rafrænu skjali þar sem hægt var að skrá heimalestur og fylgjast með tölfraði heimalestursins. Þeir sem vildu halda sig við hefðbundna heimalestrarskráningu fengu kvittunarblið í byrjun hvers mánaðar og skiluðu í lok mánaðarins. Yndislestur var á hverjum degi í 20 mínútur og einnig lásu nemendur upphátt fyrir kennara 2-3 sinnum í viku. Lesfímipróf voru lögð fyrir þrisvar yfir skólaárið þar sem leshraði var mældur. Þeir nemendur sem ekki náðu lestrarviðmiðum fengu auka þjálfun hjá sérkennara í lestrarhóp. Þar að auki var lagt fyrir orðleysu- og nefnuhraðapróf fyrir þá sem þess þurftu. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í nóvember og maí. Aston Index stafsetningarprófið var lagt fyrir í október og apríl. Kennsluaðferðin PALS var kennd í sex vikur á haustönn og aftur í fjórar vikur á vorönn með góðum árangri og var lesturinn samþættur við bókmenntir og námsgreinar þar sem námsbækur voru m.a. nýttar sem lesefni.

Lestur og lesskilningur: Unnið var með lestur og lesskilning út frá lykilhæfni og námsmarkmiðum og áhersla lögð á samþættingu við aðrar námsgreinar. Unnið var með tjáningu og miðlun út frá því að nemendur hlustuðu á lestur annarra og lásu fyrir aðra, tóku þátt í samræðum um lesinn texta, spurðu spurninga og íhuguðu innihald texta. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með því að búa til lestraráætlun og setja sér markmið, æfa sig í sjálfsmati og áætla nám sitt út frá áætlunum. Nýting miðla og upplýsinga var þjálfuð með samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar auk tölvu- og upplýsingamennt ásamt því að tölvutæknin var nýtt til að hlusta á og/eða lesa texta. Nemendur unnu sjálfstætt, í þörum og minni hópum til að þjálfra sjálfstæði og samvinnu. Til að þjálfra skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum, æfðu sig í að standa fyrir máli sínu, leggja mat á og gagnrýna verk annarra á uppbyggilegan hátt. Lögð var áhersla á að nemendur tileinkuðu sér gagnvirkkan lestur og að fást við aðferðir leitarnáms við úrlausnir lesskilningsverkefna.

Námsbókin *Annar Smellur* ásamt *Orðspori 2* voru notaðar sem grunnur til að þjálfra lestrartækni þar sem nemendur nýttu athyglisgáfu sína við að lesa fjölbreytta og ólíka texta, draga ályktanir, túlka, skynja og safna saman upplýsingum, leggja mat á lestrarefnið og tengja við eigin reynsluheim auk þess að móta eigin skoðanir og nýta til að auka við þekkingu sína og hæfni. Lögð var áhersla á sameiginlega innlögn fyrir allan hópinn þar sem kennarinn las upphátt fyrir nemendur, nemendur lásu punktalestur eða sjálfstætt. Nemendur sem þörfuðust frekari þjálfunar í lesskilningi skv. niðurstöðum Orðarúnar, unnu í minni námshóp þar sem unnið var nánar með lykilorð, orð og orðasambönd.

Framsögn, ritun og ljóð: Unnið var með námsmarkmið í framsögn, ritun og ljóðum á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að koma fram og segja frá, lesa upp og kynna verkefni sín og ýmsar tegundir texta. Unnið var með ljóð í tengslum við Fullveldisdag Íslendinga og þemadaga og einnig fengu nemendur að kynnast hugtökum í bragðfræði. Nemendur tjáðu sig munnlega, myndrænt, skriflega og á stafrænan hátt með hjálp tölvu- og upplýsingatækni. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með því að skoða fyrirmæli og hvað þeir ættu að gera, setja sér viðmið, skoða hvernig til tókst og leggja mat á eigin vinnu. Nemendur þjálfuðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með því að vinna í tölvum og Ipad, búa til skjöl, glærur og myndrænar framsetningar í Google umhverfinu og á Canva. Til að þjálfra sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur sjálfstætt, í þörum og í hópum. Til að þjálfra skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í samræðum og rökræðum, þurftu að færa rök fyrir máli sínu og gagnrýna eigin

verk og annarra á uppbyggilegan hátt.

Námsefnið *Orðspor 2* var nýtt að hluta til sem grunnnámsefni en mest var unnið út frá áhugasviði nemenda og samþættingu við aðrar námsgreinar. Fjölbreytni var höfð að leiðarljósi þegar kom að kennslu ritunar. Nemendur fengu að kynna uppbyggingu texta, persónusköpun, upplýsandi ritun, frjálsri ritun, ritun í tengslum við lesskilning og ritun í tengslum við þemu. Nemendur fengu munnlega og/eða skriflega umsögn til að vinna betur með ritunarverkefni sín og var lögð áhersla á hugarfar vaxtar til að efla og styrkja þrautseigju nemenda.

Málfræði og stafsetning: Unnið var með markmið í málfræði og stafsetningu á fjölbreyttan hátt með lykilhæfni og samþættingu að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að taka virkan þátt í samræðum um málfræði og æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með því að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að ná markmiðunum sem unnið var með og að lokum að sýna fram á að markmiðunum væri náð. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með því að nota íslenska orðabók Árnastofnunar og snara.is m.a. til að staðfesta að þeir væru að gera rétt og einnig unnu þeir ritunarverkefni þar sem lögð var áhersla á að þjálfra málfræði og stafsetningu. Til að þjálfra sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur sjálfstætt, í pörum eða í hópum. Til að þjálfra skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum um málfræði og stafsetningu og þurftu m.a. að færa rök fyrir máli sínu.

Námsefnið *Orðspor 2* var notað sem grunnur að ýmsum málfræði- og stafsetningar markmiðum en einnig voru málfræði- og stafsetningarreglur kynntar fyrir nemendum í innlögnum og æfðu sig síðan í notkun þeirra í sjálfstæðri vinnu, málfræðiæfingum sem voru útbúin út frá málfræðimarkmiðum og ritunarverkefnum. Nemendur þurftu að sýna fram á þekkingu sína og leikni og jafnframt að meta hæfni sína. Í skriftarþjálfun var nýtt sóknarskrift þar sem notast var við fjölbreytta texta úr öðrum námsgreinum.

Við teljum að íslenskukennslan hafi gengið vel í vetur. Við lögðum áherslu á lestur og lesskilning þar sem áhersla var lögð á lestrartækni og gagnrýna hugsun. Ritunarverkefni voru unnin á Google Classroom og það auðveldaði nemendum talsvert að vinna áfram með ritunarverkefni sín, laga, bæta við þau og breyta eftir endurgjöf frá kennurum. Það reyndist mjög vel að nýta Chromebook tölvurnar í ritunarverkefnum þar sem kennarar áttu auðveldara með yfirsýn og utnumhald á reglulegri endurgjöf. Málfræðikennslan gekk vel og var lögð áhersla á námsmarkmiðin en ekki blaðsíðutal í námsbókum. Málfræði- og stafsetningarkennsla var nýtt í ritunarverkefnum þar sem sköpunargáfa og áhugasvið nemenda fékk að ráða för. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, leiðsagnarmat og símat.

Stærðfræði

Skólaárinu var skipt í átta lotur þar sem unnið var með markmið aðalnámskrár. Grunnþáttinn læsi var unnið með í gegnum lestur orðadæma og fyrirmæla og vinnu með ýmis stærðfræðihugtök og tákni. Unnið var með lýðræði og mannréttindi með því að æfa nemendur í að vinna með mismunandi einstaklingum, skoða mismunandi leiðir til að leysa sama vandamálið og beita gagnrýnni hugsun í verkefnum. Nemendur unnu myndrænt með stærðfræðina við gagnavinnslu og í gegnum vinnu með form og þurftu að túlka ýmsar aðferðir, s.s. myndir, töflur, myndrit o.fl., og unnu þannig með sköpun. Jafnrétti var unnið með í gegnum einstaklingsmiðað námsefni sem mætti þörfum hvers nemanda. Unnið var með heilbrigði og velferð með því að tryggja jákvætt og þægilegt andrúmsloft í tímum,

mikilvægi vinnufriðar fyrir einbeitingu og hvernig truflanir geta haft mismunandi áhrif á mismunandi einstaklinga.

Lykilhæfni var höfð að leiðarljósi við skipulagningu stærðfræðinnar. Tjáning og miðlun var þjálfuð með því að nemendur æfðu sig í að ræða saman um stærðfræðina og hjálpast að og unnu einnig með miðlun stærðfræði og talnagagna í gegnum töflur, myndrit og fleira bæði með og án aðstoðar upplýsingatækni. Með vikulegum áætlun æfðust nemendur í að taka ábyrgð og meta eigið nám en þeir þurftu að skipuleggja tímann sinn og fengu aðstoð við að gera sér viðmið um hvað þeir þyrftu að klára í hverjum tíma. Einnig fengu nemendur val um hvort þeir vildu taka á sig aukaverkefni til að bæta árangur sinn í lok skólaársins. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með því að kynnast mismunandi formum talnagagna og birtingarforma talnalegra upplýsinga og túlka þær, bæði á prentuðu formi og stafrænu. Til að æfa sjálfstæði og samvinnu hjá nemendum voru þeir hvattir til að vinna saman að lausnum en einnig að skila inn verkefnum einstaklingslega. Skapandi og gagnrýnin hugsun var æfð með því að virkja nemendur í samræðum um stærðfræðina, fá þá til að hugsa um hvernig þeir geta fundið lausnir og af hverju þeir svara spurningum eins og þeir gera, hvaða upplýsingar er verið að biðja um og er svarið að gefa þær.

Í fyrstu lotu var farið yfir tölur og reikning. Nemendur æfðust í öllum fjórum grunnaðgerðum stærðfræðinnar og námundun, neikvæðum tölum og unnu með tugakerfið. Í annarri lotu var unnið líkur og hlutföll. Nemendur æfðu sig í að finna líkur á ákveðnum atburðum og tjá þær sem hlutföll eða prósentur. Í þriðju lotu lærðu nemendur um tugabrot og að reikna með þeim. Í fjórðu lotu var unnið með rúmfræði þar sem nemendur kynntust tví- og þrívíðum formum og helstu einkennum þeirra, s.s. ummáli, flatarmáli og rúmmáli. Í fimmtu lotu var farið yfir mælingar og metrakerfið. Í sjöttu lotu lærðu nemendur um almenn brot og hvernig á að gera þau samnefnd og reikna með þeim. Í sjöundu lotu var farið í margföldun og deilingu og nemendur lærðu aðferðir til að reikna með stórum tölum. Í áttundu lotu voru ýmis smærri verkefni sem skoðuðu þ.á.m. meðaltal og miðgildi, mynstur og reglur og hnitakerfi.

Stíka 2a og 2b voru nýttar sem grunnnámsefni í stærðfræði ásamt æfingaheftum og aukaefni sem tengjast þeim. Einnig voru útbúin hefti sem notuð voru sérstaklega í upprifjun og endurinnlögnum. Nemendur fengu einnig að nýta sér ýmsar vefsíður í tengslum við stærðfræðinámið (s.s. coolmathgames.com) og stærðfræðin var líka samþætt við upplýsingatæknina, en mikið af vinnunni fór fram á Classkick og einnig voru nýttar ýmsar stafrænar leiðir til að kenna efnið.

Nemendur skiluðu flestum verkefnum sem einstaklingar en voru hvattir til að vinna saman að lausnum og hjálpa hvor öðrum eftir þörfum. Dæmi voru sett upp í Classkick þar sem nemendur gátu fengið endurgjöf strax til baka en nemendur nýttu einnig reikningsbækur til að vinna úr verkefnum. Áætlanir voru breytilegar eftir því hvernig nemendum gekk að klára, sumir fengu styttrar áætlanir á meðan aðrir fengu aukaefni til að dýpka skilning sinn á viðfangsefnum. Í lok hvernar lotu fóru nemendur í könnun þar sem lagt var mat á skilning þeirra á viðfangsefnum lotunnar. Ef nemendum virtust ekki hafa náð þeirri hæfni sem lögð voru sem markmið hvernar lotu var reynt að fá þá í endurinnlögn og lagt fyrir þá aukaefni og endurmat. Einnig fóru seinustu vikur skólaársins að miklu leyti í upprifjun, endurinnlagnir og endurmat á þeim markmiðum sem nemendur gátu bætt sig í.

Í upphafi hvernar viku var innlögn á viðfangsefnum vikunnar og í kjölfar hennar byrjuðu nemendur á áætlun. Innlögn var í flestum tilfellum bein kennsla frá kennara á töflu eða þá sameiginlegri vinnu alls hópsins á völdum dæmum. Ef áætlun var ekki lokið undir lok vikunnar var farið með bækurnar heim

og nemendur beðnir um að klára yfir helgi það sem eftir stóð. Ef nemendur voru í sífelldum vandræðum með að klára áætlanir var reynt að aðstoða þá með því að stytta áætlanir og/eða aðstoða þá við að búa áætlanirnar niður og fara þá oftast með bækurnar heim.

Stærðfræðikennslan gekk almennt vel þetta skólaárið. Í gegnum endurinnlagnir og endurmat var augljóst að nemendur voru að bæta sig og æfast í þeim vinnubrögðum sem þeir eiga að temja sér. Classkick hjálpaði nemendum að sjá hvort þeir væru að skilja efnið en hafði líka þau áhrif að sumir nemendur áttu í miklum erfiðleikum með að setja upp dæmi í reikningsbók. Augljóst var að það þarf að fínþússa hvernig þetta verkfæri er notað svo nemendur haldi áfram að nýta sér fjölbreytt vinnubrögð við lausn verkefna. Nemendur virtust almennt hafa áhuga á stærðfræðinni en margir áttu þó í erfiðleikum með sum flóknari hugtök. Þar má nefna yfirborðsflatarmál og deilingu með stórum tölum sérstaklega.

Samfélags- og náttúrufræðigreinar

Markmiðum aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum var skipt upp í þemu þar sem unninn voru fjölbreytt verkefni með afmörkuðum efnispáttum og samþætt við aðrar greinar en þó sérstaklega íslensku og tölvu- og upplýsingatækni. Valin voru saman áþekk markmið og unnið út frá þeim. Unnið var út frá grunnþáttunum læsi þar sem nemendum gafst tækifæri á að efla samfélags-, umhverfis- og kortalæsi, þjálfar lestur fræðirita og greina aðalatriði frá aukaatriðum og rýna hugtök sem tengjast markmiðum greinanna, lýðræði og mannréttindi þar sem nemendur fengu þjálfun í gagnrýnni hugsun, skoða sögu okkar og þróun sem hefur verið á lýðræði og mannréttindum frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig lýðræði og mannréttindum er háttað hjá nágrannalöndum okkar og í öðrum trúarbrögðum, sköpun þar sem nemendur túlkuðu á sinn hátt vinnu sína að markmiðunum með frumleika, frumkvæði og ímyndunarafli, jafnrétti þar sem nemendur skoðuðu þróun jafnréttis frá miðöldum til dagsins í dag og hvernig staða jafnréttis er í nágrannalöndum okkar, sjálfbærni þar sem nemendur fengu tækifæri til að ræða sögu okkar og móta framtíðarsýn um verndun umhverfis út frá henni, heilbrigði og velferð þar sem unnið var með upplýsingar um líkamlegt atgervi, hjúkrunarfræðingur hitti nemendur ásamt hreyfistundum.

Unnið var með markmið Aðalnámskrár í samfélags- og náttúrugreinum á fjölbreyttan hátt og með lykilhæfni að leiðarljósi. Nemendur þjálfuðu tjáningu og miðlun með því að kynna verkefni sín og ræða saman um lausn verkefna, tjá sig myndrænt og nota tölvu- og upplýsingatækni, spyrja spurninga og segja frá, ábyrgð og meta eigið nám með því að taka ábyrgð á því hvernig markmiðum skyldi ná, skipuleggja tíma sinn og meta hvort þeir hafi náð þeim markmiðum sem unnið var að hverju sinni. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með leitaraðferðum á netinu, heimildavinnu og tölvu- og upplýsingatækni. Til að þjálfar sjálfstæði og samvinnu unnu nemendur einstaklingslega, í þörum og í stórum og litlum hópum. Til að þjálfar skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum um þemu og úrlausn verkefna og þurftu að standa fyrir máli sínu og sína fram árangur í náminu ásamt því að æfa sig í að taka gagnrýni.

Stundum var námsefni notað sem grunnefni. Nemendum var gerð grein fyrir þeim markmiðum sem unnið var með í upphafi hvers þema og voru markmið hvers lotu sýnileg nemendum á námsvegg. Stundum lögðu kennarar línurnar um hvernig vinnu skyldi háttað en stundum gátu nemendur valið hvernig unnið yrði að því að ná markmiðunum og var sú vinna stundum sameiginleg ákvörðun fyrir allan hópinn en stundum unnu nemendur sjálfstætt að því að ná þeim markmiðum sem unnið var með hverju sinni. Lagt var upp með að vinnan væri skapandi og tengd áhugasviðum nemenda ásamt

Því að nemendur ynnu í hópum þannig að þeir gætu þjálfað samkennd, samræður, tjáningu og dýpri skilning, ásamt því að auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra. Leitaraðferðir voru mikið notaðar þar sem nemendur þurftu að finna ýmsar upplýsingar og fróðleik tengt efninu og þjálfast þar með í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Í þemu var lagt upp með að nemendur hefðu nokkuð frjálsar hendur um úrvinnslu og skil á verkefnum. Nemendur unnu meðal annars hugtakakort, skrifuðu fræðitexta, teiknuðu skýringarmyndir, gerðu stór samvinnuverkefni ásamt því að viðfangsefnið var nýtt í ýmsa ritun. Tölvur og tölvutækni var mikið nýtt s.s. til heimildavinnu, gerð stuttmynda, bókagerð, gerð kynninga o.fl. Lagt var upp með að nemendur kynntu verkefni sín fyrir samnemendum en einnig hengdu þeir þau upp víðs vegar um skólann öðrum til gleði og fróðleiks. Námsmat í samfélags- og náttúrugreinum byggðist upp á símati, könnunum, sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagi. Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræði var að miklum hluta skapandi vinna. Með því var leitast við að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og virkja þannig áhuga nemenda.

Veturinn byrjaði á þema um trúarbragðafræði og snerist að þessu sinni um hindúatrú. Nemendur fræddust um Hindúatrú og helstu atriði sem tengjast siðum, helgiritum, guðum og hátíðum hindúatrúar. Unnin voru verkefni um hindúa trú, lífsviðhorf og áherslur ólíkra trúarbragða. Næsta þema fjallaði um fiska og umhverfi þeirra. Fjallað var um lífríkið í sjó, fæðukeðjur hafsins og þær fisktegundir sem helst eru veiddar við Íslandsstrendur, vinnuferlið sem á sér stað frá fiskveiðum að fiskvinnslu, mikilvægi hafsins fyrir Ísland og hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríkið með umgengni sinni. Nemendur drógu fisk sem þau öfluðu sér upplýsinga um og kynntu fyrir nemendum og foreldrum. Nemendur bjuggu til líkan af fiskinum sínum í raun stærð ásamt veggspjöldum með fróðleik og gerðu glærur í Google Slides. Nemendur voru síðan með glærukynningu fyrir samnemendum. Við þetta þema fléttaðist saman vettvangsferð, þegar nemendur fóru um borð í Húna. Þar var tekið vel á móti okkur og fengum við veitingar og fræðslu. Þriðja þemað voru Norðurlöndin og var stuðst við kennslubókina *Norðurlönd*. Kennarar útbjuggu verkefni þar sem staðreyndir um Norðurlöndin þurftu að koma fram og voru síðan útfærð enn frekar í samvinnu við nemendur. Nemendum var skipt upp í hópa og dró hver hópur eitt land sem gera átti skil á og kynna fyrir samnemendum sýnum í glæru sýningu, ásamt því að gera veggspjöld sem hengd voru upp öðrum nemendum skólans til fróðleiks. Nemendur öfluðu upplýsinga um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri áhugaverða þætti sem tengdust því landi sem þeir unnu með. Fjórða þemað fékk nafnið Gásagáta. Þegar kom að því að vinna að markmiðum um; miðaldir á Íslandi, að þekkja líf fólks á Íslandi á miðöldum, stjórnarfar, menntun, höfðingja ættir og aðstæður barna á miðöldum var ákveðið að nemendur fengju að ráða hvernig unnið yrði með þemað. Nemendur lásu saman bókina um, Gásagátu og voru verkefni tengd markmiðunum fléttað saman við söguna af þeim bræðrum Kolsveini og Kálfi. Nemendur þurftu að leita upplýsinga frá fleiri stöðum s.s. öðrum bókum og netinu.

Nemendur fengu að útfæra verkefnin á mismunandi hátt. Skoðuð voru landakort af Eyjafirði og dregin upp mynd af Gásam á miðöldum, ýmsar upplýsingar um þá bræður, hvernig vopn nemendur myndu velja ef þeir ættu að hefna föðurs síns ásamt upplýsingum um það hvernig það var að vera barn á miðöldum, hver var munurinn á lífi drengja og stúlkna á miðöldum og hvernig skólaganga fólks var á þessum tíma. Nemendur kynntu verkefnin sín með hjálp rafrænna miðla. Úrvinnslan varð fjölbreytt og skemmtileg. Meðal annars voru gerðar stuttmyndir og hreyfi myndir með Stop Motion. Nemendur enduðu á að sýna hvort öðru afraksturinn. Krakkaheimskviður var verkefni sem unnið var í samvinnu við RÚV. Þar hlustuðu þau á þætti og veltu fyrir sér fréttum samtímans. Ræddu um

ástand mála og settu fram spurningar af heimspekilegumtoga um ástandið í heiminum. Næsta þemað var seinna trúarbragðapemað og fjallaði um páskahátíðina og var unnið í framhaldi af verkefnavinnu sem unninn var í desember um fæðingu Jesú Krists. Þar voru unnin verkefni með námsmarkmiðum tengd páskahátíðinni og jólum, táknum, frásögnum og siðum í kristni trú. Nemendur fengu kynningu og unnu svo útfærslur á hátíðisdögum tengdum jólum og páskahátíðinni, að eigin vali. Himintunglin voru næsta þema, þar var unnið með reikistjörnur, sólina og fjarlægð þeirra frá jörðu. Við þá vinnu var samþætt íslensku og upplýsingatækni. Nemendur horfðu á myndbönd, unnu verkefni, fóru í Blooket og gerðu fræðsluveggspjöld fyrir yngsta stig og hengdu upp á göngum skólans. Svo var þema um flóð og fjöru. Þar var farið í markmiðin sem tengdust fjörunni og tengsl tungls við sjávarföll. Í framhaldi var lífríki fjörunnar skoðað. Nemendur horfðu á myndbönd, öfluðu sér upplýsinga á netinu og unnu ýmis verkefni bæði á pappír og tölvur.

Við teljum að samfélags- og náttúrugreinakennslan í vetur hafi gengið vel. Það sem við teljum að hafi heppnast best var sú vegferð að láta nemendur stjórna að einhverju leyti hvaða leiðir þeir fara að settum markmiðum ásamt því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að vinna að markmiðum sínum. Með þessu móti var afraksturinn fjölbreyttari og upplifun okkar var sú að nemendur höfðu meira gagn og gaman.

Markmiðin í þeim hluta af náttúrufræðikennslunni sem ekki var tekinn í samþættingu voru að efla áhuga og hæfni nemenda í náttúruvísindum. Einnig að þeir tileinkuðu sér vísindaleg vinnubrögð og nákvæmni við athuganir, tilraunir og verkefnavinnu. Hugtakaskilningur og leikni í verklegum æfingum sem tengdust lífvísindum og efnafræði voru meginmarkmiðin og tímarnir einkenndust af umræðum, samvinnuverkefnum og sýnikennslu.

Náminu var skipt upp í 2 lotur og voru markmið hvernar lotu sýnileg nemendum á námsvegg ásamt hugtakalistum.

Helstu markmið í fyrri lotu voru tengd auðlindum sem finna má í hafinu, áhrifum árstíða á hafið og lífverum hafsins. Hugtökin ljóstillífun, frumframleiðendur og neytendur voru tekin fyrir sem og fæðuvefur og fæðukeðjur. Farið var yfir hringrás vatns og mikilvægi þess að varðveita ferskvatn jarðarinnar. Grunnhugtök í efnafræði voru kynnt. Farið var yfir uppbyggingu frumeindar, lotukerfið, frumefni, efnasambönd og efnablöndur ásamt sýrum og bösum. Tilraun með sýrur og basa var unnin sem og tilraun með mettaðar og ómettaðar lausnir. Mikið var unnið með myndir og myndbönd. Þangi og þara var safnað í vettvangsferð með Húna og það skoðað í tíma. Fasar efna og fasaskipti voru einnig skoðuð með sýnitalraun þar sem snjór var bræddur og hitastig mælt.

Viðfangsefni seinni lotu fjölluðu um nokkur líffærakerfi. Viðfangsefnin tengdust meltingakerfi, bragði, lykt, næringarinntöku, taugakerfi, heilbrigði, hreinsikerfum, vörnum líkamans og ónæmiskerfinu og algengum hormónum líkamans. Þá var einnig farið yfir ýmis hugtök sem tengjast ávanabindandi efnum. Stærstu verkefnin voru að gera svokallaða heilahatta og unnu nemendur það einstaklingslega. Í hópavinnu útbjuggu nemendur svo veggspjald um valið dýr þar sem meltingarfæri þess voru teiknuð upp. Nokkrar tilraunir voru gerðar þar sem nemendur skoðuðu viðbragð við skynáreiti og við að greina næringarefni í matvælum þar sem joðlausn og Benediktslausn voru notaðar.

Í upphafi og lok skólaárs var einnig áhersla á að þekkja lífríki í náttúru Íslands, plöntur og fugla.

Við notuðum verkefni í moodle, Plickers, Quizlet, PearDeck, Quizizz, Nearpod, Kahoot, mentimeter og WordWall. Kennslumyndbönd og aðrar myndir voru notaðar til að auka skilning. Plöntu- og fuglavefir voru notaðir. Nokkur verkefni í vinnubókinni voru einnig notuð. Leiðsagnarverkfærið „Engar hendur á loft“ var alltaf notað.

Verkefni voru metin og einnig var formlegt rafrænt námsmat eftir loturnar tvær. Notuð voru Moodle-verkefni við námsmatið og fengu nemendur aðgang að Quizlet-verkefnum inni á Classroom til að undirbúa sig auk markmiðs- og hugtakalista.

Það gekk nokkuð vel að fylgja kennsluáætlun en ekki tókst að komast yfir öll markmið sem stefnt var að. Flestir nemendur náðu að ljúka verkefnum á gefnum tíma og sumir voru mjög fljótir en þeir voru líka duglegir að hjálpa bekkjarfélögum. En einnig fengu þeir aukaverkefni. Umræður voru sérstaklega miklar og góðar og nemendur mjög duglegir að spyrja. Í sumum hópum jafnvel svo mikið að hægar gekk að komast yfir námsefnið. Stuðningur var aðeins í nokkrum tímum á síðustu vikum skólaársins og hefði árangur án vafa orðið enn meiri og betri ef hann hefði verið allt skólaárið.

Framvinda var góð og árangur og hæfni nemenda óx þegar leið á skólaárið. PearDeck-forritið nýttist vel þar sem allir nemendur geta tjáð sig og valin svör birt nafnlaust. Langflestir nemendur voru mjög metnaðarfullir og lögðu sig mjög vel fram. Nokkur dæmi voru um framúrskarandi árangur og vinnusemi. Tímarnir gengu vel og virkni nemenda og áhugi mikill hjá langflestum. Nokkur fyrirmyndar verkefni voru unnin. Hléæfingar voru nánast alltaf notaðar þar sem um 80 mínútna lotur var að ræða og minntu krakkarnir á þær ef kennari var að gleyma sér í kennslunni.

Enska

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í ensku með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Áhersla var lögð á lesskilning, ritun, hlustun og málnotkun. Til að þjálfa tjáningu og miðlun æfðu nemendur sig m.a. í að spyrja hvort annað spurninga og svara hvort öðru á ensku. Nemendur æfðu sig í að taka ábyrgð og meta eigið nám með því að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að ná markmiðunum sem unnið var með og jafnframt var unnið með sjálfsmat. Nemendur æfðu sig í nýtingu miðla og upplýsinga með því að finna orð og orðasambönd á snara.is og/eða Google Translate, fóru í enska námsleiki til að efla orðaforða og styrkja þætti sem unnið var með í enskri málfræði auk þess að horfa á heimildaefni til að æfa hlustun og skilning. Einnig var lögð áhersla á leitarnám þar sem nýting miðla og upplýsinga var stór hluti af námsferlinu. Sjálfstæði og samvinna var æfð með því að nemendur unnu ýmist sjálfstætt, í þörum eða hópum. Til að þjálfa skapandi og gagnrýna hugsun tóku nemendur þátt í rökræðum á ensku og þurftu að standa fyrir máli sínu og einnig voru unnin verkefni með frjálsri útfærslu.

Námsefnið *Yes we can 6*, lesbók, vinnubók og námsvefur, var notað sem grunnur til að vinna með markmiðin en einnig voru unnin fjölbreytt verkefni til að dýpka skilning nemenda, æfa og bæta orðaforða og málfræði. Fyrirmyndarverkefni voru notuð svo nemendur vissu til hvers var ætlast til af þeim og einnig voru námsmarkmið sýnilegir á námsvegg.

Við teljum ensku kennsluna hafa gengið vel í vetur. Nemendur voru misvel undirbúnir fyrir enskukennslu á 6. þrepi en það tókst vel að aðlaga námsefni fyrir þá sem á því þurftu að halda og fyrir þá sem voru lengra komnir. Fyrirmyndarverkefnin voru mikil viðbót sem skilaði sér í virkni og þátttöku nemenda. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn, sjálfsmat, símat og jafningjamat í

hópverkefni.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni var að miklu leyti sambættuð við aðrar greinar í gegnum skólaárið. Hver nemandi hafði aðgang að persónulegri Chromebook fartölvu sem var nýtt í ýmsa verkefnavinnu. Nemendur notuðu Google umhverfið mikið en námsefni var komið til þeirra í gegnum Google Classroom og þeir unnu ýmis verkefni í gegnum Google Docs og Google Slides. Verkfærið Blooket var mikið notað í flestum greinum fyrir innlagnir og upprifjun. Einnig nýttu nemendur Ipad spjaldtölvur við gerð stopmotion verkefnis. Það voru þó nokkur upplýsingatækniverkefni sem þjálfuðu ákveðna hæfni nemenda. Fyrsta verkefnið æfði nemendur í að senda tölvupóst með upplýsingum sem þeir gátu fundið á vefsíðu Brekkuskóla. Annað verkefnið æfði aftur nemendur í að senda tölvupósta en í það skiptið þurftu þeir að finna upplýsingar af upplýsingasíðunni Já.is. Þriðja verkefnið æfði nemendur í að finna upplýsingar um bækur á vefsíðunni Leitir.is. Fjórða og seinasta verkefni æfði nemendur í að finna upplýsingar á Google Maps og skipuleggja dagsferð í erlendri borg.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Unnið var með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem nemendur skoðuðu vefinn um Barnasáttmálann og leystu síðan verkefni. Nemendur kynntust sáttmálanum, tilgangi hans og innihaldi. Einnig var unnið sérstaklega með sáttmálann í samvinnu með vinabekk bekkjarins þar sem áhersla var lögð á tilgang og mikilvægi vatns.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Unnið var út frá markmiðum aðalnámskrár í lífsleikni með grunnþætti menntunar og lykilhæfni að leiðarljósi. Haustið hófst á vinnu þar sem Uppbyggingarstefnan og lífsleiknimarkmið vetrarins voru tekin fyrir. Fyrst var Uppbyggingarstefnan kynnt fyrir nýjum nemendum og rifjuð upp fyrir hinum. Talað var almennt um Uppbyggingarstefnuna og hvernig hún virkar. Því næst var unnið með bekkjarsáttmálann. Það voru umræðuhópar þar sem nemendur ræddu um hvað þeir töldu að þyrfti að vera í bekkjarsáttmálanum. Hópunum var síðan skipt upp í vinnuhópa þar sem nemendur ræddu um bekkjarsáttmálann. Kennarar töku síðan saman umræðupunkta og var kosið lýðræðislega um hvað bekkjarsáttmálinn átti að innihalda. Í framhaldinu fór svo fram umræða um hvernig þeir vildu staðfesta og útfæra bekkjarsáttmálann. Að þessu loknu var unnið með þarfirnar. Nemendum var kynnt vel hvernig þarfirnar virka og greindu þeir síðan sjálfa sig og unnu með sína þörf. Nemendur gerðu sitt tákni og var hengt upp á vegg svo hægt væri að sjá sterkustu þarfir bekkjarfélaga. Því næst var unnið með T - spjöld og að lokum Y - spjöld þar sem bekkjarsáttmálinn var greindur. Nemendur unnu því næst með hlutverk sitt og annarra í skólanum. Nemendur unnu einnig verkefni um skýr mörk. Lífsvagninn var nýttur til að kynna nemendum að hver og einn hefur stjórn á eigin hegðun og geti valið viðbrögð sín. Bekkjarfundir voru nokkuð reglulega þar sem nemendur gátu rætt þau mál sem þeim lá á hjarta og/eða kennarar nýttu fundina í fyrir fram ákveðin málefni. Þá voru bekkjarfundir einnig nýttir til að vinna með lífsleiknimarkmið. Áhersla var lögð á að nemendur tækju afstöðu og hefðu sjálfstæðar skoðanir á bekkjarfundunum og trúnaður væri virtur. Bekkjarfundirnir voru einnig nýttir til að benda nemendum á hvernig hægt er að setja sig í spor annarra og hvernig maður getur tekið málefnalega afstöðu til eigin hegðunar og annarra. Árgangurinn var ýmist allur saman á bekkjarfundum eða honum skipt upp eftir málefnum sem um þurfti að ræða og stundum einnig kynjaskiptur. Undirbúningur fyrir árshátíð og árshátíðarvinna mætti flokka sem lífsleikni þar

sem sú vinna krefst mikillar samvinnu, skipulagshæfni, setja sig í spor, koma fram og spá fyrir um óvæntar aðstæður.

Við teljum mjög mikilvæg að haustdagur fari í að rifja upp og vinna með Uppbyggingarstefnuna en aftur á móti má ekki gleyma að halda þeirri vinnu áfram allan veturinn. Það er mikilvægt að Uppbyggingarstefnan sé sýnileg á göngum skólans. Þá teljum við að sú útfærsla að nota bekkjarfundi til að ræða lífsleiknimarkmiðin hafi komið vel út.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagarnir voru tveir. Í byrjun september var haustútivistardagur þar sem miðstigið fór með rútum að Hrauni í Öxnadal. Þaðan var síðan gengið upp að Hraunsvatni, borðað nesti og gengið til baka. Ferðin gekk vel þó svo það hafi reynst einhverjum erfitt að ganga upp brattar brekkur. Seinni útivistardagurinn var síðan 18. mars en þá fór skólinn saman upp í Hlíðarfjall þar sem nemendur og starfsfólk renndu sér á skíðum, snjóbrettum, sleðum og/eða þoturössum. Skipulagið í kringum skíðaferðina gekk vel. Póstur var sendur til foreldra og gátu þeir sem vildu fengið lánaðan skíðabúnað hjá skíðaleigunni í Hlíðarfjalli. Kennarar fylltu síðan inn í Google skjal upplýsingar og héldu þannig utan um skráningar á skíðabúnaði.

Árshátíð Brekkuskóla var haldin þann 7. nóvember og var 6. bekkur með Ævintýraveröld sem er liður í fjáröflun nemenda fyrir komandi ferð á Reyki í Hrótafirði á næsta skólaári. Áhersla var lögð á samvinnu nemenda, bæði við undirbúning og einnig á árshátíðardaginn sjálfan. Nemendur unnu hörðum höndum að skipulagi og undirbúningi sem fólst m.a. í söfnun fyrir hlutaveltu, búa til þrautabraut, draugahús, andlitsmálun og spákonu. Allir voru með hlutverk í skipulagi og árshátíðarvinnu og reyndi þetta á þrautseigju og seiglu nemenda.

Litlu jólin voru haldin 20. desember. Þá hittust nemendur og kennarar í heimastofum. Hlustað var á jólasögu í rólegheitum inni í stofu áður en farið var inn á sal og dansað í kringum jólatréð við undirleik hljómsveitarinnar Brekkubræður. Nemendur fengu síðan heitt kakó, mandarínur og piparkökur áður en þeir fóru í jólafrí. Dagurinn einkenndist af notalegri samveru og hátíðarbrag.

Í október voru 5. og 6. bekkur með sameiginlegt hrekkjavökuþema. Þemavinnan var samþætt við ýmsar námsgreinar. Það var mikið föndrað og gangurinn skreyttur auk þess sem gerðar voru hurðaskreytingar.

Í desember var unnið með jólaþema. Föndrað var sérur, keðjur, jólasveina og snjókorn ásamt því að búa til jólaþerl og skreyta steina með Posca pennum. Jólaþemað var samþætt við ýmsar námsgreinar. Jólaþemanu lauk með áhorfi á jólamynd. Þar að auki vann 6. bekkur með ljóð og fullveldi samhliða jólaþemanu.

Þemadagar í Brekkuskóla voru 1.-2. apríl og vann skólinn með vatn. Vinabekkir unnu saman og voru því 1. og 6. bekkur saman. Umsjónarkennarar skiptu nemendum í blandaða hópa og fengu nemendur úthlutað félagi úr vinabekk sínum. Nemendur kynntust hringrás vatns, gerð var tilraun með vatn og liti, búin til ljóð um vatn og einnig var unnið með tilgang og mikilvægi vatns út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samvinnan gekk mjög vel, bæði skipulag og undirbúningur hjá starfsfólki og einnig samvinna nemenda, og nemendur voru ánægðir með samvinnu vinabekkjanna. Tengsl og samskipti vinabekkjanna styrktust.

Brekkskólaleikar voru haldnir 9. maí. Þar tóku 1. og 6. bekkur þátt saman í ýmsum leikjum innan- og utandyra. Sú samvinna gekk mjög vel þar sem góð tenging hafði myndast á milli 1. og 6. bekkjar.

Á hverju ári bíður UFA nemendum í 6. bekk á Akureyri á frjálsíþróttamót og fór það fram í Boganum 21. maí. Við hjóluðum í Bogann og tóku nemendur þátt í hinum ýmsu frjálsíþróttagreinum, s.s. hlaupi, boðhlaupi, langstökki og reipitogi. Mikil samheldni var meðal nemenda þar sem þau hvöttu hvort annað og lögðu hart að sér til að safna stigum.

Vorhátíð Brekkuskóla var haldin 5. júní. Þá mættu nemendur í heimastofu kl. 09:00. Breyta þurfti skipulagi dagsins vegna veðurs og var ákveðið að færa stöðvar inn í Íþróttahöll en vanalega hefur verið farið á stöðvar úti á skólalóð. Eftir leikina í Íþróttahöllinni var farið í heimastofu og áttu nemendur þar skemmtilega stund við leik. Dagurinn endaði með pylsuveislu í hádeginu. Vorhátíðin var skemmtilegt uppbrot við lok skólaársins þar sem samvera og leikur var haft að leiðarljósi.

Samvinnan á miðstigi gekk ágætlega en þó hefði mátt gera betur og stuðla að meiri samþættingu og samvinnu meðal árganga. Við vorum með samráðsfund með 5. bekk einu sinni í viku og 4.-6. bekkur hittust til að huga að starfsþróun og þáttum til úrbóta í skólastarfinu, m.a. til að efla skólabrag og seiglu.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Áhugasviðsverkefni voru unnin út frá markmiðum í ýmsum greinum og samþætting námsgreina höfð í huga við útfærslu þeirra. Nemendur höfðu val um hvernig þeir skiluðu af sér verkefnum, s.s. glærusýningar, veggspjöld, ritgerð og fleiri útfærslur sem nemendur lögðu til.

Í vetur fórum við í áhugasviðslestur. Bókasafn skólans vann með okkur og bjó til bókalista eftir áhugasviðum. Nemendur skoðuðu listann, fóru inn á bókasafn og skoðuðu þær bækur sem vöktu áhuga þeirra skv. bókalistanum og völdu eina bók. Krakkarnir bjuggu til lestraráætlun og settu sér markmið út frá námsmarkmiðum á 6. þrepi. Að lestri loknum bjuggu nemendur til bókakynningu og fluttu kynningu sína fyrir framan bekkinn.

Vettvangsferðir

Fyrsta vettvangsferðin sem farin var á skólaárinu var um borð í Húna dagana 28. og 29. ágúst. Þar var tekið vel á móti okkur og fengum við veitingar og fræðslu. Nemendur fengu að veiða á sjóstöng. Það var gott veður og hnísur svömluðu á Pollinum sem gaman var að fylgjast með.

Í byrjun desember fór 6. bekkur á Minjasafnið. Farið var í þremur hópum og fengu krakkarnir að skoða Nonnahús og áttu saman notalega stund í Minjasafnskirkjunni. Starfsmaður Minjasafnsins sagði sögur um gömlu jólasveinana og farið var yfir gamla tíma og jólahefðir.

Í maí var farið á Hælið á Kristnesi. Farið var með rútu og höfðu nemendur með sér nesti til að borða á staðnum. 6. bekk var skipt í þrjá hópa. Einn hópur fór með starfsmanni safnsins og fengu nemendur þar fræðslu um berklahælið, annar hópur fór í hópefli og leiki og þriðji hópurinn fór í göngu upp í skóg þar sem nestið var borðað. Við fengum dásamlegt veður og nutum útiverunnar.

Í sömu viku var farið í Samkomuhúsið á leiksýninguna Orri óstöðvandi. Farið var gangandi og nestistíminn tekinn á flötinni fyrir neðan Samkomuhúsið að sýningu lokinni. Krökkunum fannst

sýningin skemmtileg, enda könnuðust allir við Orra óstöðvandi bækurnar og flestir hafa lesið einhverjar af þeim.

Í lok maí var farið hjólandi á Klappir, æfingasvæði Golfklúbbs Akureyrar. Nestið var tekið með og borðað á golfvöllinum. Nemendur höfðu gaman af ferðinni sem vakti áhuga margra á íþróttinni.

Vettvangsferðirnar gengu vel. Nemendur voru áhugasamir og lögðu sig fram. Við nýttum okkur gott veður til að lengja vettvangsferðir og skoða nærumhverfi skólans.

Samvinna nemenda

Lögð var áhersla á samvinnu nemenda jafnt og þétt allt skólaárið. Nemendur unnu mikið saman í pörum og hópum, í öllum námsgreinum. Skipt var vikulega um sæti í skólastofunni og lögð var áhersla á samvinnu námsfélaga. Skipulag og undirbúningur fyrir árshátíðina reyndi mikið á samvinnu nemenda. Samvinna nemenda fólst m.a. í að taka tillit og virða skoðanir annarra, ræða saman og finna lausnir á ýmsum verkefnum og álitamálum ásamt því að vinna saman að góðum bekkjaranda.

Samvinna við aðra

Það gafst ekki mikill tími fyrir samvinnu með vinabekki en eftir góða samvinnu á þemadögum léku vinabekkirnir oft saman þegar þau hittust úti á skólalóð. Skólabókasafnið átti gott samstarf við 6. bekk yfir allt skólaárið m.a. við undirbúning á áhugasviðslestrinum og að aðstoða nemendur að velja lestrarbækur við hæfi. Farið var á Amtsbókasafnið þar sem nemendur fengu fræðslu um starfsemi bókasafnsins og það sem bókasafnið hefur upp á að bjóða. Nemendur tóku þátt í samstarfsverkefni með RÚV þar sem þau unnu að útvarpsþáttum fyrir Krakkaheimskviður og var sú vinna sambætt við samfélagsfræðigreinar og lífsleikni. Framkvæmd verkefnisins tókst vel og fannst nemendum samvinnan spennandi, skemmtileg og áhugaverð.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs voru foreldrar hvattir til að skipuleggja allavegana þrjá hittinga yfir skólaárið fyrir nemendur og foreldrum var skipt niður í þrjá hópa. Vikulegir póstar voru sendir til foreldra á hverjum föstudegi þar sem farið var yfir helstu atburði og viðfangsefni vikunnar og einnig sagt frá hvað væri fram undan í kennslunni. Einnig var haft samband við einstaka foreldra eftir þörfum. Foreldrasamtöl voru skipulögð tvisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn. Fyrri samtalið var í upphafi skólaársins og var farið yfir með nemendum og foreldrum hvað væri fram undan í skólanum, markmið skoðuð og rætt um skipulag kennslunnar. Seinna samtalið var nemendastýrt og undirbjuggu nemendur sig fyrir fram með verkefnum þar sem þeir völdu sér markmið til að taka fyrir og skrifuðu um námslega stöðu sína. Nemendur gerðu síðan kynningar út frá verkefninu sínu og kynntu fyrir foreldrum í samtölunum. Umsjónarkennari aðstoði svo nemendur í gegnum samtalið þegar við átti. Milli þessara viðtala voru svo nemendaviðtöl, þar sem kennarar ræddu einstaklingslega við hvern nemenda. Að þeim loknum voru niðurstöður teknar saman og haft samband heim.

Grenndarkennsla

Grenndarkennsla fór að mestu fram að vori en þá var farið í göngutúr um innbæinn þar sem farið var yfir með nemendum heiti og sögu ýmissa húsa, kennileita og göngustíga. Einnig var lögð áhersla á

grenndarkennslu í vettvangsferðum og útivistardögum.

7. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð í upphafi af þremur umsjónarkennurum sem sinntu sérgreinakennslu og tveimur öðrum sérgreinakennurum. Auk þess komu að kennslu árgangins 4 listgreinakennarar, 3 íþróttakennarar og ÍSAT kennarar. Einnig hafa komið að nemendum námsráðgjafi, þroskaþjálfari og hjúkrunarfræðingur. Í byrjun var skipulagið á þann hátt að faggreinakennarar skiptu með sér stuðningskennslu nemenda. Á vorönn breyttum við um skipulag í teyminu þar sem umsjónarkennurum árgangins fækkaði úr þremur niður í tvo. Sérgreinakennarar urðu þá alls fjórir en þess í stað bættist sérkennari í teymið. Einnig bættist við stuðningsfulltrúi við teymið á vorönn. Fjöldi nemenda var 48 í upphafi skólaárs en 49 í árslok. Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 306-311 og einnig í stofu 316.

Í byrjun var lagt upp með að fjórir nemendur fengju fasta stoðkennslu/sérkennslu í vetur. Í upphafi vetrar var enginn eiginlegur stoðkennari/sérkennari heldur var stoðkennslu skipt upp á milli kennara innan teymisins. Eftir kerfisbreytingar á vorönn sá sérkennari um alla stoðkennslu. Samtals voru það 11 tímar á viku þar sem nemendur sem á þurfa að halda fengu að fara inn í námsver í kennslustundum og vinna þar með aðstoð sérkennara. Lagt var áherslu á stoðkennslu í íslensku og stærðfræði. Sérkennari var einnig stundum inni í bekk sem auka stuðningur við nemendur sem á þurftu að halda og nýttist sá stuðningur einnig fyrir aðra nemendur í kennslustofunni. Sérkennari lagði fyrir öll lesfimiprófin. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda sem á þurfti að halda í samstarfi við greinakennara. ÍSAT kennarar sinntu nemendum með íslensku sem annað tungumál eftir þörfum.

Samvinna var á milli kennara og stoðkennara um aðlögun á námsefni og leiðum í kennslu en einstaklingsnámskrá var í umsjá umsjónarkennara og sérkennara. Íslenskukennarar sáu um að leggja fyrir Orðarún. Samvinna var meðal teymis og Ísat kennara að meta íslenskukunnáttu ÍSAT nemenda.

Námsumhverfi og skipulag:

Stærðfræði

Markmið með stærðfræðinámi er að efla tölulegan skilning, fá nemendur til að dýpka skilning sinn á hugtökum og geta tengt stærðfræðina við raunveruleikann. Markmiðin miðast við þrep 7 í stærðfræði.

Helstu viðfangsefni í stærðfræðináminu eru tölur og reikningur, forgangsörð aðgerða, rúmfræði og mælingar, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og líkindi. Þessum þáttum var skipt í námslotur og nokkur markmið tekin fyrir í einu. Nemendur fengu áætlun þar sem markmiðin lágu fyrir og áttu þau velja sér leið, hvort þau vildu rétt snerta á yfirborðinu, kafa aðeins dýpra eða sökkva sér í námsefnið. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, frágang og sýna útreikninga.

Hugsandi skólastofa var kynnt til sögunnar í haust þar sem nemendur áttu að ræða saman um ýmis hugtök í stærðfræðinni og finna leiðir til að leysa ýmsar þrautir. Þetta koma að mestu í stað innlagna á nýjum aðferðum. Umræður voru með nemendahópnum í lokin þar sem nemendur útskýrðu fyrir kennara og samnemendum hvernig þeir skildu hugtakið eða hvernig þeir reiknuðu dæmið. Ákveðið var að notast við þessa aðferð til að gefa nemendum tækifæri til að þróa með sér hæfni í að setja fram lausnir, leysa viðfangsefni og ígrunda ólíkar aðferðir við lausn viðfangsefna og leggja svo mat á niðurstöður. Námsleikir eða hópavinna voru stundum kveikjan að námslotum eða til að dýpka skilning nemenda. Nemendur þurftu einnig að kynna hugtök eða aðferð fyrir samnemendum.

Námsbækurnar Stika 3a og Stika 3b voru grunn námsefni vetrarins en æfingarhefti í Stiku, fræðsla á internetinu og fyrirlestrar Gauta Eiríkssonar voru notuð til þess að hnykkja á nokkrum atriðum.

Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið, ýmist í bekk, í hópum eða milli námsfélaga. Nærumhverfið var kannað og notað við að æfa ýmsa útreikninga, átta sig á mismunandi hugtökum en þó aðallega í rúmfræðinni.

Ýmis forrit voru notuð, þó aðallega töflureiknir í Google og Classkick. Flóknari reiknivélar voru innleiddar smátt og smátt yfir veturinn. Mikil áhersla var á rétta notkun á gráðuboga, hringfara og reglustiku.

Fjölbreyttar leiðir voru notaðar við námsmatið s.s. einstaklingskannanir, samvinnukannanir, heimapróf, gagnakönnun, tímaverkefni, skil á vinnubók, skil í töflureikni og verkefni á skólalóð. Allar lotur enduðu með tímaverkefni eða könnun í ýmsu formi. Í flestum námslotum voru fjölbreytt námsmatsverkefni s.s. töflureiknir, skilgreina hugtök, skil á vinnubókum, vinnusemi, kynningar, unnið með hlutbundna vinnu eða verkefni í Classkick.

Nemendur sýndu einhverjar framfarir í vinnubrögðum, sjálfstæði og ábyrgð óx hjá hluta nemenda. Mikil áhersla var á að sýna útreikninga og voru flestir farnir að sýna aðferðirnar sínar í lok árs.

Þeir nemendur sem sýndu því áhuga á að bæta hæfni sína í námsmati var boðið að vinna aukaefni heima og sýna kennara hæfni sína. Nokkrir nemendur völdu þann kost en gott væri að geta gefið öllum nemendum tækifæri til að endurtaka markmið sem ekki hafa gengið nógu vel. Vegna tímaleysis var það ekki hægt á þessu skólaári.

Mikilvægt er að gera ráð fyrir munnlegum könnunum þar sem nemendur þurfa að útskýra hvernig þeir komast að ákveðinni niðurstöðu.

Leiðsagnarnámið var mikið notað þar sem markmið voru rædd, farið fyrir árangur og nemendur hvattir til að skoða hvar þau þurfa að styrkja sig og hvar þeim gengur ekki nógu vel. Námsfélagar voru einnig nýttir við að aðstoða sem og að vinna saman lítil verkefni sem ýtti undir skilning á hugtökunum. Nafnaspýtur voru mikið notaðar þar sem hugtök voru æfð jafnt og þétt yfir veturinn með upprifjun og nemendur þurftu að svara. Áætlun miðaði við hvort nemandi ætlaði að snorkla, kafa eða djúpka.

Upplýsingatækni

Markmiðið var að gera nemendur tölvutæka á ýmis forrit sem unnið er með í skólanum. Skipulag og vinnsla í algengum forritum t.d. skjölum, töflureikni og glærukynningum, myndvinnsla, einföld forritun. Nemendur hafa eigin chromebook til að vinna að markmiðum sínum. Google umhverfið (Gmail, Drive, Sheets, Slides og Classroom), internetið, fingrafimi og ýmiss öpp, t.d. Canva, Scratch og fleira. Canva var app ársins enda mikið notaði í ýmisskonar verkefnavinnu í öðrum fögum.

Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í pörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu leiðsögn í gegnum námsferlið bæði munnlega og skriflega.

Í heildina gekk kennslan vel og nemendur móttækilegir fyrir vinnu í ýmsum forritum. Hins vegar virðast sumir nemendur ekki ráða við að vinna í tölvu og velja oft önnur óæskileg forrit til að leika sér í.

Gervigreindin er einnig farin að ryðja sér til rúms og þarf að hugsa það hvernig hægt er að nýta hana í kennslu í stað þess að banna hana.

Mælt er með að kennsluáætlun sér birt kennurum eða samráð um til þess að þegar verið er að vinna að einhverju ákveðnu t.d. nota leitarvél og gera heimildaskrá að greinakennarar geti lagt fyrir verkefni ef hentar í sínum greinum til að styrkja þau frekar í hæfninni. Hægt væri að vera með samráð á milli greina, hver tekur hvaða verkefni.

Danska

Aðalmarkmið í dönskukennslu sjöunda bekkjar var að nemendur kynntust landinu og tungumálinu á jákvæðan hátt. Nemendur næðu tökum á grunnorðaforða tengdum nemandanum sjálfum og daglegu lífi. Unnið var með orðaforða um algengustu liti, tölur, fatnað, vikudagana, árstíðirnar, fjölskylduna, heimilið og tíma. Hlustun fór fram í gegnum einfaldar hlustunaræfingar, danskt sjónvarpsefni ætlað unglíngum og tónlist.

Það námsefni sem notast var við er *Start lesbók og vinnubók*, þá var notast við ýmis námsforrit svo sem Quizlet, Blooket og heimasíðu *Start* námsbókanna auk annars ítarefnis svo sem spila og leikja á dönsku.

Einnig var lögð áhersla á að nemendur kynntust Danmörku og menningu landsins á sínum forsendum með því að búa til kynningar um danska staði og menningu. Hluti þeirrar framsagnar fór fram á dönsku.

Vel gekk að gera námið áhugavert og voru nemendur áhugasamir að kynnast tungumáli og þjóð. Unnið var með þýðingarforrit og uppflettingu orða.

Lagðar voru fyrir tvær kannanir en að auki unnin ýmis verkefni í Classroom og Canva.

Danskur farandkennari kom inn í bekkinn einu sinni í viku í fimm vikur þar sem unnið var með 120 algengustu orð dönskunnar. Hún vann einnig með litina, kenndi nemendum spil sem stuðla að réttum framburði hljóða og að spila veiðimann á dönsku.

Nokkur áhersla var á að ræða um tungumálið og koma auga á skyldleika þess við íslenska tungumálið.

Vel gekk að ná þeim námsmarkmiðum sem lagt var upp með og flestir náðu hæfniviðmiðum sínum.

Danskan var svolítið út undan í uppbrotsvikum svo sem í kringum árshátíð og þessháttar og hefði kannski mátt huga betur að þeim þáttum í skipulagi.

Enska

Markmiðið í ensku í vetur var að auka orðaforða nemenda til notkunar í almennum samskiptum sem og ritun og að læra ákveðna málfræðiþætti og að beita þeim. Unnið var með orðaforða í tengslum við ensku sem alþjóðatungumál og notkun tungumálsins víða um heim og ýmsan orðaforða tengdan íþróttum. Nemendur æfðu hlustun, þýðingar og ritun, upplestur, lesskilning og samskipti gegnum ýmis verkefni.

Notast var að hluta til við eina kennslubók, *Yes you can 7* (lesbók og vinnubók) en að öðru leyti fór vinna nemenda fram í gegnum fjölbreytt verkefni í Classroom, Canva og ýmis námsforrit á borð við Quizlet og Skólavefinn. Þar sem innihald námsbókar vakti takmarkaðan áhuga meðal nemenda notuðum við námsbókina minna þegar leið á veturinn og unnum þess í stað annars konar verkefni. Áhersla var á valin málfræðiatríði svo sem notkun greinis og tíðbeygingu sagnorða. Til að þjálfa notkun óreglulegra sagna voru lögð fyrir nemendur regluleg sagnapróf.

Námsmat fór að mestu fram gegnum ýmsa verkefnavinnu sem nemendur unnu sjálfstætt eða í samvinnu við aðra og svo sagnakannanir. Nokkuð vel gekk að vinna að markmiðum en efni námsbókar og nemendum þótti sérstaklega gaman að vinna verkefni sem kröfðust samvinnu og sköpunar, svo sem kynningar og umræðuverkefni.

Þar sem mikið af verkefnavinnu fer fram gegnum tölvur nemenda er mikilvægt að þeir noti tölvur sínar rétt. Nokkuð var um það að nemendur leituðu í annað en verkefni sín í tölvuvinnu og að þýðingarforritum eða gervigreind væri misbeitt svo að nemendur fóru á mis við þá æfingu sem felst í að nota slík verkfæri á réttan hátt.

Íslenska

Markmið kennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa og meðvitaða um notkun tungumálsins og að glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Markmiðin sem unnið var í vetur miðast við þrep 7 í íslensku. Áhersla var á lestur og bókmenntir, talað mál, hlustun, áhorf, ritun og málfræði. Unnið var að öllum þessum þáttum jöfnum höndum með fjölbreyttum verkefnum.

Áhersla var á upplestur og málakilning og náði sú vinna hámarki þegar Upphátt upplestrarkeppnin var haldin í febrúar. Tuttugu og tveir nemendur sjöunda bekkjar tóku þátt í innanhúskeppninni sem er frábær þátttaka. Í lokin voru tveir af þeim valdir til að taka þátt í lokakeppninni í Háskólanum á Akureyri, 18. mars. Báðir nemendur Brekkuskóla stóðu sig með mikilli þrýði og fór það svo að Brekkuskóli las til sigurs og hreppti einnig þriðja sæti í keppninni.

Í stundaskrá var gert ráð fyrir yndislestri einu sinni til tvisvar í viku auk þess sem gert var ráð fyrir að nemendur læsu heima reglulega. Til að ýta undir lestur fórum við þá leið að nemendur völdu sér

bækur af bekkjarbókasafni á Padlet síðu. Þar voru valdir bókatitlar til sýnis og var úrvalið sett saman í samvinnu við safnkennara. Valdar voru bækur miðaðar að aldri og lestrarfærni nemenda og gátu nemendur fengið aðstoð kennara við val bóka. Þetta fyrirkomulag reyndist vel þegar nemendur vöndust því. Nemendur útbjuggu síðan eigin lestraráætlun og unnu regluleg og fjölbreytt verkefni úr bókum sínum.

Eftir ferð árgangins á Reyki las árgangurinn saman bókina *Leyndardómur ljónsins* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur. Söguvið bókarnar er einmitt Reykjaskóli og sveitin þar í kring. Nemendur lásu bæði í tímum og heima og unnu ritunarverkefni úr bókinni en einnig stórt samvinnuverkefni sem fól í sér að semja og taka upp bókarýnisþátt þar sem fjallað var um innihald bókarnar.

Ýmis ritunarvinna fór fram yfir veturinn og fór sú vinna að mestu fram í Classroom. Nemendur spreyttu sig á sínum fyrstu ritgerðarskrifum undir handleiðslu kennara og samkvæmt ítarlegum leiðbeiningum. Málfræðiþættir voru þjálfaðir með markvissum innlögnum og fjölbreyttum æfingum. Þar notuðum við námsefnið *Málrækt 3* og *Orðspor 3*. Auk þess nýttum við lesskilningsefnið *Þriðji smellur*. Við nýttum einnig ýmsar gagnlegar vefsíður á borð við *Skólavefinn*, *Málið í mark*, og *beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* og æfðum þar valda þætti málfræði.

Reglulegt námsmat var notað þar sem stök verkefni í tímum voru metin jöfnum höndum auk þess sem við lögðum fyrir reglulegar málfræðikannanir. Orðarún var notuð til að meta lesskilning og lesfímipróf voru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu. Það voru þó nokkur markmið sem vantaði upp á til þess að klára veturinn með stæl og stafsetning er líklega sá námsþáttur sem einna helst varð útundan í markvissri umfjöllun og vinnu í vetur.

Nemendur sýndu framfarir í mörgum þáttum sem unnið var með. Nemendur náðu margir betri tökum á að sýna vönduð vinnubrögð en töluvert þurfti að vinna með viðhorf nemenda t.d gagnvart lestri. Betur má huga að þeim nemendum sem ekki ná vel að fylgja námsáætlun í hefðbundnu námsefni, bæði nemendum með íslensku sem annað tungumál og eins þeim sem eru með lesblindu eða aðrar greiningar sem hafa áhrif á námsfærni.

Náttúrugreinar

Markmiðin voru að efla áhuga og hæfni nemenda í náttúruvísindum. Einnig að þeir tileinkuðu sér vísindaleg vinnubrögð og nákvæmni við athuganir, tilraunir og verkefnavinnu. Hugtakaskilningur og leikni í verklegum æfingum sem tengdust lífvísindum, eðlis- og efnafræði voru meginmarkmiðin og tímarnir einkenndust af umræðum og samvinnuverkefnum.

Náminu var skipt upp í 4 lotur og voru markmið hvernar lotu sýnileg nemendum á námsvegg ásamt hugtakalistum og matskvörðum þegar þeir lágu til grundvallar ákveðnum verkefnum.

Helstu markmið í 1. lotu voru tengd þeim hluta af dýraríkinu sem tilheyrir hryggleysingjum. Farið var yfir helstu einkenni þeirra og flokkun. Mikið var unnið með myndir og myndbönd og nemendur unnu rafrænt hugtakakort (sem að lokum var sett í ferilmöppu).

Viðfangsefni 2. lotu tengdust einnig þáttum dýrafræðinnar en hryggdýrin voru umfjöllunarefnið, helstu einkenni þeirra og flokkun sem og þróun lífvera. Mikið var unnið með myndir og myndbönd.

Stærsta verkefnið var að útbúa veggspjald um einn valinn íslenskan fugl með ákveðnum upplýsingum og taka upp stutt myndband um verkefnið. Fuglaverkefnið var að lokum sett í ferilmöppu.

Í 3. lotu voru markmið tengd kynþroska og æxlunarfærum. Fjallað var um ýmislegt sem kemur því við að vera kynvera svo sem kynheilbrigði, getnaðarvarnir, fjölbreytileikann og mikilvægi þess að þekkja sín eigin mörk. Erfðafræði var kynnt með grunnhugtökum og hvernig erfðaefti erfist milli kynslóða. Ýmis verkefnablöð voru unnin og margar myndir og myndbönd notuð.

Í 4. lotu voru markmiðin tengd jarðvísindum. Fjallað var um samsetningu jarðarinnar, sögu hennar, innri og ytri öfl. Stærstu verkefni sem nemendur unnu voru annars vegar að útbúa kynningu um valið jarðsögutímabil (heimildavinna sem reyndi á að nota náttúruvísindatexta og myndefni og endursegja með eigin orðum, þetta var hópavinna og skapandi skil) og útbúa lítinn bækling um ytri öfl sem vinna á jarðarkúlunni (sem settur var í ferilmöppu).

Í upphafi og lok skólaárs var áhersla á að þekkja lífríki í náttúru Íslands, plöntur og fugla.

Við notuðum verkefni í moodle, Plickers, Quizlet, PearDeck, Quizizz, Nearpod, Kahoot og WordWall. Kennslumyndbönd og aðrar myndir voru notaðar til að auka skilning. Plöntu- og fuglavefir voru notaðir. Nokkur verkefni í vinnubókinni voru einnig notuð. Leiðsagnarverkfærið „Engar hendur á loft“ var alltaf notað.

Verkefni voru metin og einnig var formlegt rafrænt námsmat eftir hverja lotu. Notuð var Moodle-verkefni við námsmatið og fengu nemendur aðgang að Quizlet-verkefnum inni á Classroom til að undirbúa sig auk markmiðs- og hugtakalista.

Það gekk nokkuð vel að fylgja kennsluáætlun en nemendur hefðu þurft í flestum tilfellum meiri tíma til að ljúka verkefnum. Umræður voru ekki alltaf miklar og fór það mikið eftir viðfangsefnum. Í 3. lotu voru ekki miklar umræður til að byrja með en þær jukust mikið þegar á leið.

Framvinda var góð og árangur nemenda óx þegar leið á skólaárið. PearDeck-forritið nýttist vel þar sem allir nemendur geta tjáð sig og valin svör birt nafnlaust. Sérstaklega var það gott í 3. lotunni þar sem sumir eiga ekki auðvelt með að tjá sig munnlega í hópnum. Metnaður nemenda var almennt góður en nokkrir sýndu framúrskarandi árangur og vinnusemi. Tímarnir gengu vel og virkni nemenda og áhugi oftast mikill. Mörg fyrirmyndar verkefni voru unnin. Stuðningur sérkennara hefði þurft að vera meiri og einnig að aðlaga námsefni og námsmat. Hléæfingar voru nánast alltaf notaðar í 80 mínútna lotunum og minntu krakkarnir á þær ef kennari var að gleyma sér í kennslunni.

Samfélagsfræði

Aðalmarkmið í samfélagsfræði var að kynnast Evrópu, bæði landfræðilega og sögulega, með áherslu á 17. og 18. öldina. Hæfniviðmið miðast við 7. þrep í samfélagsgreinum.

Helstu viðfangsefni í landafræði var að vinna með evrópsk landakort í ýmsu formi. Nemendur lærðu að nota kortabók og lesa úr kortum. Nemendur byrjuðu á því að læra um lönd og höfuðborgir Evrópu. Landslag Evrópu var kynnt og þar lærðu nemendur um helstu fjallgarða, fjöll, ár, vötn, höf og eyjar. Auðlindir, gróðurfar, loftslag og atvinnuhættir voru einnig viðfangsefni vetrarins.

Samfélagið í Evrópu á 17. Og 18. Öld var einnig tekið til umfjöllunar. Nemendur lærðu um bændasamfélagið, stéttarskiptingu, upplýsingaölfina, frelsisstríðið í Bandaríkjunum, byltinguna í Frakklandi, Napóleon Bonaparte og svo var sérstaklega tekið fyrir og unnið með hugtakið lýðræði.

Nemendur unnu mikið í hópum, tóku þátt í umræðum og héldu kynningar fyrir samnemendur, ýmist einstaklingslega, í pari eða hópi. Þau bjuggu til sameiginlegt Evrópukort á námsvegginn sinn, fengu úthlutað Evrópuland og gerðu bækling um landið sem átti að innihalda ákveðnar upplýsingar. Bæklingarnir voru svo hengdir upp í kringum Evrópukortið og notaðir spottar til að tengja bæklingana við tilheyrandi land á kortinu. Nemendur kynntu landið sitt fyrir samnemendum. Nemendur bjuggu einnig til Evrópukort í hópum þar sem hver og einn hópur fékk úthlutað ákveðið þema sem átti að birtast á kortinu eins og ár Evrópu, fjallgarðar Evrópu, höf í kringum Evrópu, eyjar og skagar í Evrópu og því um líkt. Nemendur bjuggu til hugtakakort um atvinnuhætti í Evrópu og gerðu tímaverkefni um loftslag, gróðurfar og auðlindir Evrópu. Umræður voru mikið notaðar í söguhlutanum. Nemendur áttu að setja sig í spor persónu sem var uppi á tímum frelsisstríðsins í Ameríku og áttu að kynna sig fyrir beknum sem sú persóna, segja frá sjálfri sér, stöðu sinni og samfélaginu sem persónan lifði í. Nemendur fengu að spyrja hvert annað spurninga sem þau þurftu að svara sem persónan sem þau völdu sér. Þegar fjallað var um Frönsku byltinguna var nemendum skipt í umræðuhópa þar sem hóparnir áttu að ræða ákveðnar spurningar sem þeir fengu úthlutað af kennara og skrá svör sín og segja frá öllu sem kom fram í þeirra samtali. Í lokin var mikið rætt um lýðræði og verið að bera saman samfélagið okkar í dag á móti samfélaginu á 17. og 18. öld.

Stuðst var við námsbækurnar *Evrópa lesbók* og *vinnubók*, *Kortabók handa grunnskólum* og *Lýðræði og tækni*. Heimildaöflun fór mikið fram á internetinu. Á Skólavefnum voru einnig nýtt gagnvirk verkefni um lönd og höfuðborgir. Einnig voru sýnd nokkur skemmtileg myndbönd til að auka skilning og áhuga nemenda á viðfangsefnum vetrarins.

Mikil áhersla var lögð á vinnubrögð, samvinnu, kynningar og umræðir í samfélagsfræði ásamt hugtakaskilningi með þeim hugtökum sem voru mikilvæg fyrir hvert viðfangsefni fyrir sig.

Heilt yfir tókst vinnan vel með hópnum. Góð vinna og umræður sköpuðust í tímum um markmiðin en þó misjafnt milli hópa. Evrópa er áhugaverð og margir nemendur hafa ferðast víða um hana og eiga þar með einhverjar tengingar við námsefnið. Erfiðara var að vekja áhuga nemenda á fortíðinni og samfélagi sem var svo rosalega ólíkt því sem þau þekkja í dag, en það tókst heilt yfir vel á endanum.

Lífsleikni

Markmið með lífsleikni er að undirbúa nemendur fyrir lífið og æfa þau í samvinnu og samskiptum sín á milli í skólanum.

Vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnu byrjaði strax í skólabyrjun með gerð bekkjarsáttmála og greiningu á þörfum. Milliviðtöl voru tekin í nóvember og desember og þeim lokið fyrir jólafrí. Við fengum ýmsa fræðslu frá Félak, svo sem hinsegin fræðslu og nikótínfræðslu. Einnig fræðslu um netheima og notkun þeirra. Ýmsar kannanir voru einnig lagðar fyrir á vegum Brekkuskóla og stór könnun sem heitir Íslenska æskulýðsrannsóknin.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í vetur. Eftir áramót var farið í markvissa vinnu með samskiptaverkefnið Krakkaspjall og árganginum skipt í umræðuhópa. Vegna ýmissa áhrifaþátta varð

sú vinna skammvinn og þurftum við að endurhugsa skipulagið. Ekki náðist því að klára alla fundi á námsárinu og munum við skoða framhaldið í haust.

Námsmat var unnið bæði formlega og óformlega yfir árið. Þátttaka nemenda í ýmsum viðburðum og verkefnum var metin sem og vinna þeirra kringum nemendastýrð samtöl sem voru eftir áramót.

Við sáum framfarir í hegðun og framkomu hjá mörgum nemendum og erum þakklátar fyrir aðkomu þroskaþjálfra, námsráðgjafa, sérkennara og stjórnenda.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Mikið var rætt um kurteisi, að fara eftir fyrirmælum og reglum skólans og að fylgja bekkjarsáttmála, að sýna virðingu og passa orðin sín.

Bekkjarfundir og kennslustundir voru notaðar til að æfa og gefa öðrum hljóð, hlusta og sýna almenna virðingu.

Einnig var töluvert rætt um það hvað einkennir góðan bekkjarfélag og hvernig við getum verið góðar manneskjur í orðræðu og verki

Nokkuð var rætt um sjálfsaga og að hægt sé að sýna öðrum kurteisi þó maður sé ekki á sömu skoðun eða líki ekki endilega við alla.

Inni í lífsleiknimarkmiðum 7. bekkjar inni á Mentor voru markmið sem komu að kurteisi, að geta metið eigin styrkleika og veikleika og umgengni.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Vatnsþema

Sjöundi bekkur vann að heildstæðu þemaverkefni sem allur skólinn tók þátt í með vinabekknum sínum. Umsjónarkennarar beggja vinaárganga auk íþróttakennara og sérkennara tóku höndum saman og skipulögðu þema sem samanstóð af fræðslu, tilraunum og sköpun. Lagt var upp með að skoða sérstaklega mikilvægi vatns og aðgengi að því, bæði hér í bæ sem og annars staðar í heiminum.

Áður en þemað byrjaði hittust vinabekkirnir og áttu saman spilastund. Nemendur voru síðan paraðir saman og unnu saman gegnum þemað.

- Umsjónarstofa 2. bekkjar: tilraunir með vatn og pappírskáta.
- Myndmenntastofa: Sköpun þar sem nemendur bjuggu til sinn persónulega vatnsdropa og skráðu seinna á hann það sem þeir lærðu í þemavinnunni.
- Stofum 310 og 311 fóru nemendur í gagnvirkt nearpod þar sem þeir fræddust um mikilvægi vatns fyrir okkur mannfélag og aðrar lífverur. Þar var einnig fjallað um það hve aðgengi að vatni er ólíkt víða í heiminum og skoðað hvaðan við hér á Akureyri fáum okkar vatn, bæði heitt og kalt.

Þetta þema gekk einstaklega vel og unnu allir mjög vel saman. Bekkirnir smullu mjög vel saman og var sjöundi bekkur mjög áhugasamur og duglegur að hjálpa þeim yngri, bæði í kennslu og frímínútum.

Annað uppbrot:

Við tókum þátt í samkeppninni um Náttúrufræðing Brekkuskóla á Degi íslenskrar náttúru.

Árshátíð var 9. nóvember og við byrjuðum að undirbúa hana mjög snemma þar sem nemendur unnu að handriti leikrits í íslensku áður en hægt var að byrja að æfa og búa til leikmuni og leikmynd.

Föndrað var fyrir jólin og þá voru ýmis verkefni í boði fyrir nemendur s.s. að búa til jólakransa úr ónýtum púsluspilum, að mála á piparkökur, lita og önnur verkefni þar sem nemendur létu sköpunarkrafta sína ráða.

Annan desember var spiluð félagsvist ásamt 8. bekk.

Ýmsar fræðslur frá Félak, t.d. fíknifræðsla þar sem áhersla var lögð á skaðsemi nikótíns og fræðsla um stafrænt ofbeldi.

Sjöundi bekkur tók þátt í frjálsíþróttamóti í Boganum og nemendur spreyttu sig þar á hinum ýmsu frjálsíþróttagreinum og stóðu sig með þryði. Einnig fékk bekkurinn tækifæri til að taka þátt í þríþrautaráskorun á vegum Þríþrautarsambands Íslands. Úr hópnum tóku 12 nemendur þátt og voru samtals í fjórum þriggja manna liðum. Restin af hópnum hvatti þau sem tóku þátt áfram. Þetta reyndist mjög skemmtilegt.

Sameiginlegir uppbrotsdagar í Brekkuskóla voru útivistardagarnir, Brekkuvision, Brekkuskólaleikar.

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Engin eiginleg áhugasviðsverkefni voru á dagskrá í vetur þar sem nemendur velja frá a-ö hvað þeir gera og hvernig. Tilfinning kennara fyrir nemendahópnum var sú að nemendur væri ekki tilbúnir í slíkt verkefni og þyrftu meiri stýringu í vali varðandi verkefni og vinnu. Margir áttu erfitt með að velja út frá eigin áhuga ásamt því að halda sig að vinnu og skila af sér fullkláruðum verkefnum.

Vettvangsferðir

Að hausti var farið í gönguferð á Ystuvíkurfjall á útivistardegi með skólanum. Það var mjög skemmtilegt og gott að vera úti í náttúrunni.

Útivistardagur á vorönn tókst afar vel. Nemendur fengu val milli þess að fara í Hlíðarfjall á skíði/sleða eða á skauta.

Sjöundi bekkur fór í sitt árlega skólaferðalag að Reykjum í Hrutafirði í lok febrúar. Dvalið var þar dagana 24-27. febrúar við leik og störf.

Vorferð sjöunda bekkjar var skipulögð upp á Hamra þar sem nýta átti daginn við leik og gleði. Afar slæmt veður þá viku varð til þess að hætta þurfti við þá ferð og var bekkurinn þess í stað heima í umsjónarstofum við spil og spjall.

Þann 4. júní var Leitinn mikla þar sem nemendur í 7. og 8. bekk fóru í ratleik um miðbæinn, leystu ýmsar þrautir og svöruðu spurningum. Nemendur voru hvattir til að mæta í búningum og fengu þau lið verðlaun sem annars vegar voru í bestu búningunum og hins vegar þau sem voru stigahæst eftir ratleikinn og unnu Leitina miklu.

Samvinna nemenda

Samvinna nemenda var mikið þjálfuð á skólaárinu, bæði í kennslu og öðru námi.

Unnið var með námsfélaga allan veturinn þar sem nemendur fengu nýjan námsfélaga á tveggja vikna fresti.

Byrjað var á samskiptaverkefni á vorönn í samstarfi við Háskólann á Akureyri þar sem hópnum var kynjaskipt og unnið verkefni sem snúa að samskiptum vina og viðbrögðum við samskiptum.

Árshátíðarundirbúningur kallaði á mikla samvinnu sem gekk heilt yfir vel.

Samvinnuverkefni voru í öllum námsgreinum þar sem nemendur þurftu að leysa verkefni saman.

Farið var á Reyki þar sem vel reyndi á samvinnu og samheldni en eftir ferðina voru einnig margir opnari fyrir nýjum vinasamböndum.

Samvinna við aðra

Unnið var með vinabekk, 2. bekk á þemadögunum og unnin ýmis verkefni tengd vatni. Samvinnan gekk vel og nemendur 7. bekkjar stóðu sig vel við að aðstoða vini sína úr 2. bekk og að hjálpa þeim með verkefni sín.

Lítið var um samvinnu nemenda milli árganga í 7. og 8. bekk fyrir utan uppbrotsdaga. Sem dæmi má nefna Leitina miklu þar sem nemendahópar fóru um bæinn og leystu þrautir. Gaman væri að auka samvinnu við nærsamfélagið með frekari heimsóknum. Áhugi er að auka samvinnu bæði við aðra bekki sem og nærsamfélagið.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs fóru fram samtöl milli kennara, foreldra og nemenda. Þar áttu foreldrar að velja sér tíma til að vera í bekkjarráði og skipuleggja viðburð með krökkunum utan skóla.

Í byrjun vorannar voru nemendastýrð viðtöl þar sem flestir nemendur stóðu sig með prýði. Í samtölunum gafst tækifæri til að fara yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og ræða önnur mál eftir þörfum.

Vikulegir póstar voru sendir til heimila með upplýsingum um viðburði og verkefni komandi viku.

Foreldrum var boðið að koma á ýmsa viðburði innan skólans og stóð árshátíðin þar hæst upp úr sem og upplestrarkeppnin. Samskipti hafa að mestu verið í gegnum tölvupóst en einnig símleiðis í vetur en einnig hafa nokkrir foreldrar komið á fund hér í skólanum ýmist bara með umsjónarkennara eða fleiri viðkomandi aðilum. Einnig voru margir teymisfundir vegna barna sem þurfa meira utanumhald. Heilt yfir gengu samskipti við foreldra vel.

Grenndarkennsla

Útivistardagarnir í Brekkuskóla voru nýttir í grenndarkennslu en í haust kynntust nemendur nágrenni Ystavíkursfjalls með því að fara í fjallgöngu. Í vetrarferðinni voru skíði og skautar kynntir fyrir nemendum og í leiðinni aðstaða í Skautahöllinni eða Hlíðarfjalli, allt eftir því sem nemendur völdu. Þessi fræðsla er sérstaklega mikilvæg fyrir nýbúana okkar en einnig aðflutta nemendur til að kynnst bænum sínum betur.

Miðbær Akureyrar var vel nýttur í Leitina miklu þar sem nemendur í 7. og 8. bekk fóru í ratleik um miðbæinn og leystu ýmsar þrautir. Þarna þurfa nemendur að kynna sér ýmsar stytur, húsbýggingar, tala við ókunnuga, biðja um ýmsa hluti og nýta sér lausnarleit í námi. Þetta styrkir þau einnig félagslega að kynnst samnemendum í öðrum aðstæðum.

Skólalóðin var vel nýtt, t.d. á Brekkuskólaleikunum auk þess sem kennarar reyndu að færa kennslu út eftir því sem við var komið, sér í lagi þegar veður hlýnaði.

8. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af tveimur umsjónarkennurum og fjórum sérgreinakennurum. Auk þess kenndu 4 listgreinakennarar, 3 íþróttakennarar og ÍSAT kennarar. Einnig hafa komið að nemendum námsráðgjafi, þroskaþjálfari og hjúkrunarfræðingur. Á vorönn var breytt um kerfi og urðu sérgreinakennara þrír, annar umsjónarkennarinn varð sérkennari hópsins og einn sérgreinakennari tók að sér umsjón. Fjöldi nemenda var 45 í árslok. Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 306-311 og 316.

Lagt var upp með að níu nemendur fengu fasta stöðkennslu/sérkennslu í vetur en minna varð úr því vegna aðstæðna. Tímamagn var 12 stundir á viku en opnir tímar voru fimm. Aðaláherslan var á íslensku og stærðfræði og fór kennslan ýmist fram inni í bekk eða litlum hópi. Stuðningur nýtist einnig fleiri nemendum í stofunni. Stöðkennari/sérkennari lagði einnig fyrir öll lesfimiprófin. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi við greinakennara. ÍSAT kennarar sinntu nemendum með íslensku sem annað tungumál misjafnlega mikið eftir þörfum nemendahópsins.

Stöðkennari/sérkennari og ÍSAT kennarar funduðu þegar þörf var á með umsjónarkennurum til að fara yfir stöðu nemenda og skipulag kennslu. Samvinna var einnig á milli kennara og stöðkennara um aðlögun á námsefni og leiðum í kennslu en einstaklingsnámskrá var í umsjá umsjónarkennara og síðar umsjónarkennara og sérkennara. Íslenskukennarar sáu um að leggja fyrir Orðarún. Samvinna var meðal teymis og ÍSAT kennara að meta íslenskukunnáttu ÍSAT nemenda.

Námsumhverfi og skipulag:**Danska**

Unnið með kennslubókina Smart og vinnubók sem fylgir. Áhersla lögð á orðaforða tengdan mat,

dýrum og skólaumhverfinu. Haustið byrjaði á því að danskur farandkennari dvaldi í skólanum í sex vikur þar sem áhersla var lögð á talað mál. Nemendur voru æfðir í að tala saman upphátt en einnig að svara spurningum um sig á dönsku. Lokaverkefnið var að árgangurinn bjó til sínar eigin verslanir þar sem þau eyddu svo góðum tíma í að fara á milli og æfa sig að kaupa vörur á dönsku. Þetta mæltist vel fyrir og voru nemendur áhugasamir og sinntu verkefninu vel. Unnið var með orðaforða í Quizlet og Kahoot ásamt því sem horft var á danska þætti. Mysteriet på Bornholm. Í desember var námsmat þar sem prófað var úr þeim þáttum sem unnið hafði verið með.

Í janúar tók við nýtt kennarateymi í dönsku vegna skipulagsbreytinga. Áhersla var á orðaforða, talað mál, hlustun og nýta sér orðabækur í bókaformi í stað internetsins.

Lögð var áhersla á að vinna með þekkingu, leikni og hæfni saman en einnig í sitthvorum lagi. Þekkingar var aflað með því að horfa, lesa, hlusta á eða ræða um verkefni. Leiknin var bæði vitsmunaleg og verkleg áherslu var lögð á að nemendur gætu beitt aðferðum og verklagi til að vera sjálfbjarga í daglegu lífi, eins og t.d. í notkun orðabóka sem þjálfaði nemendur einnig í að nýta ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla gagna. Hæfni var síðan þjálfuð með hagnýtingu bæði þekkingar og leikni. Lögð var áhersla á að nemendur búi yfir hæfni til að tjá sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum.

Unnið var út frá orðaforða tengdum heimili, mat, skóla, bæjum og áhugamálum.

Kennslubókin Smart og hlustunarefni sem fylgir henni var til hliðsjónar en nemendur unnu verkefni á ýmsu formi út frá þeim um heimili, mat, skóla, bæjum og áhugamálum. Þetta var ýmist unnið með öðrum greinum (sjá nánar í kaflanum Uppbrot – þemavinna – hefðir) eða sér þemu.

Orðabækur voru kynntar til leiks og vefurinn Norden í skolen nýttur fyrir ýmis verkefni.

Námsfélagar voru notaðir í stuttum tímaverkefnum og umræðum. Þegar spurt var yfir hópinn þá voru nafnaspíturnar reglulega notaðar til að tryggja að allir væru að fylgjast með. Þar sem margir í bekknum eru ekki í dönsku þá var erfitt að nýta námsfélaga til fullnustu þar sem þeir voru oft í öðrum verkefnum eða ekki í kennslustund. Það mætti skoða það að hafa aðra námsfélaga í dönsku.

Nemendur horfðu á stuttmyndina Konfirmation sem fjallar um dreng sem er í kynleiðréttingarferli, umræður voru um myndina og tóku nemendur afstöðu til ýmissa atriða í hópavinnu. Einnig lásu þeir grein um gagnageymslu Tiktok og veltu fyrir sér öryggi þessa samfélagsmiðils.

Lögð var áhersla á skapandi vinnu og námsmat t.d. semja ljóð, gera myndbönd þar sem þau sögðu frá sjálfum sér eða léku kennslustund. Nemendur voru einnig í ratleikjum þar sem þeir þurftu að tala á dönsku við kennara þegar þeir fundu svarið.

Námsmatið var yfirleitt unnið úr skilaverkefnum yfir önnina, bæði munnleg og skrifleg. Tækifæri var gefið undir vor að bæta markmið sem höfðu ekki gengið nógu vel.

Í heildina gekk kennslan vel. Þar sem gervigreindin er orðin þróaðri var ákveðið að takmarka aðgang að þýðingarforritum á netinu og orðabækur voru teknar í notkun sem var áskorun fyrir marga. Mælt er með að leggja áherslu á að nota orðabækur frekar en nota netið þar sem nemendur læra lítið af slíkum þýðingum.

Enska

Unnið var að ýmsum markmiðum tengdum færni í málfræði, orðaforðabekkingu, ritun og munnlegri tjáningu. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni í smáum hópum, pörum og eintaklingslega. Unni voru verkefni í vinnubókum, fjölrit frá kennara, gagnvirk rafræn verkefni tengd málfræði og orðaforða auk fjölbreyttra verkefna í Google umhverfinu eins og ritunarverkefni og verkefna sem æfa orðaforða og upplýsingaöflun.

Til námsins var notast við námsefnið *Spotlight 8*, lesbók og vinnubók, ýmis fjölrit, gagnvirk verkefni af Quizlet, skólavefnum og ýmis verkefni frá kennara á Google classroom. Horft var á fjölbreytt efni svo sem kvikmyndina *Billy Elliot*, þættina *Young Sheldon* og skemmtileg myndbönd af Youtube á ensku til að auka áhuga nemenda á viðfangsefninu. Áhorfið var mikið notað til að skapa umræður á milli nemenda og var haldið eitt stórt umræðuverkefni eftir að hafa horft á myndina *Billy Elliot* þar sem fiskabúrsaðferðin var notuð. Það gekk vel og nemendur létu vel af verkefninu.

Í ensku í vetur tók áttundi bekkur þátt í þemaverkefni um Egilssögu Skallagrímssonar þar sem þau spreyttu sig í ritun og skrifuðu dagbók Egils og ferðasögu hans á ensku.

Notast var við leiðsagnarmat og símat. Prófað var úr málfræðiatríðum og orðaforða og framvinda nemenda metin gegnum vinnu við ýmis verkefni. Framvindan var almennt góð og flestum gekk vel að vinna að sínum markmiðum.

Íslenska

Markmið vetrarins var að gera nemendur sjálfbjarga í vinnu og að nýta nýta sér hjálpartæki á borð við yfirlestur.is, vef Árnastofnunnar með beygingarlýsingar, orðabækur og internetið. Lögð var áhersla á að stuðla að þekkingu sem tengist daglegu lífi nemenda. Unnið var eftir hæfniviðmiðum á 8. þrepi. Flest öll verkefnin voru unnin í Google classroom og lögð mikil áhersla á að verkefnum væri skilað þar inn.

Unnið var út frá fjórum flokkum: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Aðaláherslan var á lestur og ritun. Nemendur unnu að verkefnum sem æfðu fjölbreyttan orðaforða sem þeir gætu notað til að tjá skoðanir sínar og rökstutt þær í rökréttu samhengi. Verkefni nemenda voru notuð í framsögn yfir veturinn. Nemendur þurftu að velja sér bók mánaðarlega til að lesa og unnu svo verkefni úr henni í lokin. Lítil áhersla var á málfræði en reynt að vinna hana á skapandi hátt til að hún festist betur í minni nemenda.

Námsbækurnar Kveikjur og Málvísir voru höfð til hliðsjónar við markmiðavinna nemenda. Egilssaga - endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur var lesin og nemendur höfðu val um kjörbækur. Fyrsti hluti af bókinni Útbrot var notaður fyrir lesskilning ásamt efni á Skólavefnum.

Námsfélagar voru notaðir þegar ný markmið voru kynnt fyrir hópnum og í litlum verkefnum sem ekki voru metin. Nafnaspítur voru notaðar í umræðum og þegar svara átti spurningum. Námsveggurinn í íslensku sýndi nemendum hver staða á markmiðum vetrar væri, hvaða markmið var verið að vinna með, hverju var lokið og hvað var eftir.

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytt námsmat. Nemendur höfðu oft frjálsar hendur með skil á verkefnum. Nemendur unnu í hópum, einir eða pörum og námsfélagar voru óspart notaðir. Orðarún

var lögð fyrir hópinn, lesskilningsverkefni af skólavefnum unnin en einnig voru textar og verkefni úr Útbrot tekin og útfærð. Tímaverkefni voru notuð við námsmat í málfræði og einstaka könnun lögð fyrir.

Reglulega yfir skólaárið fluttu nemendur verkefni sín munnlega fyrir bekkinn þar sem metið var framburður en einnig hvort þeir gætu setið og hlustað á hina. Þau bættu sig verulega í að hlusta á aðra en einnig í framsögn og horfa fram.

Nemendur lásu eina kjörbók á mánuði að eigin vali. Haft var eftirlit með hvaða bækur þau lásu þannig að það væri ekki alltaf sama bókin undir. Skapandi skil voru á verkefnum með mismunandi markmiðum undir.

Eitt stórt þemaverkefni var unnið út frá Egilssögu þar sem nemendur rýndu í textann, áttu að sýna fram á þekkingu á völdum námsmarkmiðum en höfðu val á útfærslu en áttu að skila afurð inn á heimasíðu sem þau bjuggu til (sjá nánar undir þemavinna).

Lítill þemaverkefni voru unnin í kringum söguna Litla stúlkan með eldspýturnar, atvinnuþema og Eurovison (sjá nánar í kaflanum Uppbrot – þemavinna – hefðir). Þetta var mun stýrðari vinna þar sem ekki var eins mikið frjálrsræði í vinnu en þó lögð áhersla á skapandi skil.

Í Eurovison þemanu gerðu nemendur fréttablað en þar höfðu þeir tækifæri til að endurtaka markmið sem höfðu ekki gengið nógu vel. Þeir völdu markmiðið, útbjuggu verkefni til að sýna fram á hæfni og settu í fréttablaðið.

Heilt yfir gekk kennslan vel enda hópurinn að mestu móttækilegur fyrir frjálstri vinnu og verkefnaskilum. Það þurfti þó mikið aðhald og áminningu til hluta af nemendum að skila inn verkefnum á Classroom og vinna eftir eigin skipulagi t.d. í þema. Gott væri að hafa í huga að stýra þemum meira í upphafi og kenna þeim sjálfstæð vinnubrögð en því miður var oft sama reynsla í niðurnjörvaðri verkefnavinnu.

Mánaðarleg kjörbókaverkefni gengu mjög vel enda lagt upp úr að hafa þau fjölbreytt, skapandi og með mismunandi markmiðum. Flestir tóku góðan þátt í þessari vinnu. Oft þurftu nemendur að kynna þessi verkefni fyrir bekkinn. Hluti nemenda var ekki tilbúinn að flytja fyrir alla en oft var búinn til lítill hópur þar sem þau fluttu sín verkefni innbyrðis og gekk það vel. Nemendur voru einnig látnir rökræða sín á milli um málefni að eign vali og gekk það mjög vel þar sem þetta var í fyrsta sinn sem þau tóku þátt í slíku en mælt er með að þetta verði meiri þáttur í kennslunni.

Náttúrufræði

Markmiðin voru að efla áhuga og hæfni nemenda í náttúruvísindum. Einnig að þeir tileinkuðu sér vísindaleg vinnubrögð og nákvæmni við athuganir, tilraunir og verkefnavinnu. Hugtakaskilningur og leikni í verklegum æfingum sem tengdust lífvísindum og eðlisfræði voru meginmarkmiðin og tímarnir einkenndust af umræðum, samvinnuverkefnum, sýnikennslu og verklegum æfingum.

Náminu var skipt upp í rúmlega 4 lotur og voru markmið hvernar lotu sýnileg nemendum á námsvegg ásamt verkefnalýsingum og matskvörðum ef þeir voru lagðir til grundvallar í námsmati lotunnar.

Helstu viðfangsefni í 1. lotu voru tengd lífríki jarðar og vísindalegri flokkun lífvera og uppbyggingu

frumna. Smásjárskoðun og verkefnið tengt kynningu á valinni lífveru voru umfangsmest. Þar höfðu nemendur val og lagt var upp með skapandi skil og fyrirmyndarverkefni sýnt.

Viðfangsefni 2. lotu tengdust einnig þáttum líffræðinnar. Bakteríur, veirur og smitsjúkdómar af þeirra völdum voru tekin fyrir. Stærstu verkefni voru gerð bæklinga um valinn bakteríu- eða veirusjúkdóm (fræðileg vinna með heimildir og bæklingur settur í ferilmöppu). Annað stórt verkefni var unnið en það var tilraun með örveruræktun sem endaði með skýrsluskrifum.

Í 3. lotu voru markmið tengd eðlisfræði og var rafmagnsfræðin tekin fyrir. Mikið var unnið með rafrásir. Markmiðin tengdust líka því hvernig við umgöngumst rafmagn á öruggan hátt og hvernig koma megi í veg fyrir óhöpp. Að lokum voru markmiðin að skoða hvernig breyta megi raforku í önnur orkuform. Tilraunir voru gerðar með stöðurafmagn, hliðtengdar og raðtengdar straumrásir bæði í stofu og einnig rafrænar tilraunir. Verkefni var einnig unnið sem tengdist raftækjauðgangi og þannig samþætt við umhverfismennt.

Í 4. lotu var áfram unnið með eðlisfræðina. Markmiðin tengdust myndun hljóðs og flutningi. Unnið var með eiginleika hljóðs og myndir af hljóðbylgjum. Farið var vel í hvernig hljóðumhverfi getur haft áhrif á heilbrigði fólks. Tilraunir voru gerðar með t.d. herðatré, rör og nemendur mátu tíðnisvið sitt með rafrænni hljóðtilraun.

Í lok skólaárs var svo unnið með markmið sem tengdust massa, rúmmál, eðlismassa og hugtök tengd varma. Gerð var tilraun með að finna eðlismassa nokkurra hluta og þá var einnig sýnitraun gerð af nemendum um hitaþenslu. Einnig unnu nemendur verkefni við að greina fugla og plöntur og fór sú vinna fram á skólalóð. Ekkert formlegt námsmat var lagt fyrir eftir þessa lotu eins og eftir hinar.

Við notuðum Plickers, Quizlet, PearDeck, Nearpod, Kahoot, PHET-forritið. Kennslumyndbönd og aðrar myndir voru notaðar til að auka skilning. Leiðsagnarverkfærið „Engar hendur á loft“ var alltaf notað.

Markmið 1. - 4. lotu voru sett upp á námsvegg en ekki markmiðin sem unnið var með í lokin.

Nemendur útbjuggu rafræn hugtakakort í bæði 2. og 4. lotu. Heimilt var að nota þessi kort í námsmatsverkefnunum. Verkefni voru metin og einnig var formlegt rafrænt námsmat eftir hverja lotu. Notað var moodle-kennslukerfið við námsmatið. Í nokkrum verkefnum fengu nemendur matskvarða til að styðjast við í verkefnavinnu og hann var notaður í námsmati þeirra verkefna.

Það gekk vel að fylgja kennsluáætluninni en árangur var misjafn. Tímarnir gengu vel en virkni nemenda var mismikil og ekki tókst að virkja áhuga og vinnusemi allra. Mörg mjög góð verkefni voru unnin og verklegar æfingar vöktu áhuga flestra en greinilegt var að vísindaleg vinnubrögð í tengslum við skýrsluskrif reyndust mörgum erfið. Margir nemendur náðu mjög góðri hæfni. Meiri stuðningur hefði þurft að koma til og aðlögun. Hléæfingar voru nánast alltaf notaðar í 80 mínútna lotunum og minntu krakkarnir á þær ef kennari var að gleyma sér í kennslunni.

Samfélagsfræði

Markmið vetrarins sneru annars vegar að mannskynssögu og hins vegar að jarðfræði. Í söguhlutanum var áhersla lögð á umfjöllun um iðnbyltinguna og áhrif hennar á þróun samfélags í Evrópu. Einnig var fjallað um heimsvaldatímabilið í Evrópu, þjóðernisbaráttu evrópskra ríkja og

baráttu Íslands fyrir sjálfstæði. Einnig var fjallað um kjarabaráttu og baráttu íslenskra kvenna fyrir jafnrétti í samfélaginu. Þegar kom að jarðfræðihlutunum lærðum við um tilurð heimsins og sólkerfið okkar, uppbyggingu og mótun lands.

Við yfirferðina lásum við námsefnið og ræddum um efnið. Við skoðuðum ýmis myndbönd til skýringar og til að glæða áhuga á efninu. Nearpod var mikið notað því það býður upp á virka þátttöku nemenda jöfnum höndum og farið er yfir efnið. Verkefnavinna nemenda fór fram fram bæði í hópum og einstaklingslega og unnu nemendur ýmis verkefni frá kennurum. Talsverð áhersla var á umræðu í kennslustundum og virka þátttöku. Námsmat fór fram jöfnum höndum gegnum verkefnavinnu nemenda og einnig voru lögð fyrir nokkur tímaverkefni. Í heildina gekk yfirferðin nokkuð vel þó misjafnlega gengi að glæða áhuga nemenda á ólíkum viðfangsefnum.

Stærðfræði

Markmið með stærðfræðinámi er að efla tölulegan skilning, dýpka hugtakaskilning og geta tengt stærðfræðina við raunveruleikann. Markmiðin miðast við þrep 8 í stærðfræði. Lögð var áhersla á að nemendur gætu nýtt þekkingu sína í stærðfræðinni sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi.

Helstu viðfangsefni í stærðfræðináminu eru tölur og reikningur, forgangsroð aðgerða, rúmfræði og mælingar, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og líkindi. Þessum þáttum var skipt í námslotur og nokkur markmið tekin fyrir í einu. Nemendur fengu áætlun þar sem markmiðin lágu fyrir. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð, frágang og sýna útreikninga.

Tekin var upp hugmyndafræði hugsandi skólastofu í haust. Ákveðið var að notast við þessa aðferð til að gefa nemendum tækifæri til að þróa með sér hæfni í að setja fram lausnir, leysa viðfangsefni og ígrunda ólíkar aðferðir við lausn viðfangsefna og leggja svo mat á niðurstöður. Þegar ný markmið voru tekin fyrir þá áttu nemendur að ræða saman í litlum hópum og skiptast á að skrifa niðurstöður niður á töfluna. Nemendur þurftu svo að útskýra hvernig þeir komust að þeirri niðurstöðu sem þeir fengu. Þessi aðferð var oft kveikjan að nýrri námslotu en einnig voru námsleikir eða hópavinna nýtt til þess.

Leiðsagnarnámið var mikið notað þar sem markmið voru rædd, farið fyrir árangur og nemendur hvattir til að skoða hvar þau þurfa að styrkja sig og bæta. Námsfélagar voru einnig nýttir við að aðstoða sem og að vinna saman lítil verkefni sem ýtti undir skilning á hugtökunum. Nafnaspýtur voru mikið notaðar þar sem hugtök voru æfð jafnt og þétt yfir veturinn með upprifjun og nemendur þurftu að svara. Námsveggurinn í stærðfræði sýndi nemendum hver staða á markmiðum vetrar stæði, hvaða markmið var verið að vinna með, hverju var lokið og hvað var eftir.

Námsbækurnar Skali 1 og 2 voru grunn námsefni vetrarins en æfingarhefti í Skala, fræðsla á internetinu og fyrirlestrar Gauta Eiríkssonar voru notuð til þess að hnykkja á nokkrum atriðum.

Nærumhverfið var kannað og notað við að æfa ýmsa útreikninga, átta sig á mismunandi hugtökum en þó aðallega í rúmfræðinni. Ýmis forrit voru notuð, þó aðallega töflureiknir í Google, Classkick og Minecraft. Mikil áhersla var á rétta notkun á gráðuboga, hringfara og reglustiku.

Nemendur unnu einnig að tveimur þemum sem voru samtvinnuð við aðrar námsgreinar. Það fyrra

snéri að Egilssögu en nemendur áttu að búa til húsið hans og hafa rétt hlutföll. Markmið í rúmfræði lágu undir en nemendur höfðu frjálsar hendur við skil á verkefninu. Einnig áttu þeir að gera sjóorustu fyrir Egil. Í atvinnuþemanu var aðallega unnið með prósentur en þar áttu nemendur að reikna út launaseðla, lán og sparnað (sjá nánar í kaflanum Uppbrot – þemavinna – hefðir).

Fjölbreyttar leiðir voru notaðar við námsmatið s.s. einstaklingskannanir, samvinnukannanir, heimapróf, gagnakönnun, tímakannanir, skil á vinnubók, sjálfsmat, hópavinna, kynningar og verkefni á skólalóð, í töflureikni eða Minecraft. Til að byrja með endaði lotan á könnun en þegar leið á veturinn urðu fjölbreyttari skil. Í hverri námslotu voru fjölbreytt námsmatsverkefni s.s. töflureiknir, skilgreina hugtök, skil á vinnubókum, vinnusemi, kynningar, unnið með hlutbundna vinnu og verkefni í Classkick eða Minecraft. Í lok vors gátu nemendur valið sér markmið til að endurmeta, valið námsleiðina við að ná markmiðinu og hvernig námsmatið átti að vera.

Hugsandi skólastofa gekk að mörgu leyti mjög vel, fékk einhverja til að hugsa út fyrir boxið en nemendur sem minna mega sín í stærðfræði fannst þetta erfitt. Gaman væri að þróa þetta frekar og geta gert námsmat út frá umræðum og niðurstöðum nemenda, sjá hvernig þeir hugsa hlutina.

Vel gekk að innleiða ýmiss forrit eða öpp til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum en verr gekk að fá nemendur til að skila verkefnum. Nemendur áttu erfitt með að skilja að verkefni voru notuð í stað prófa upp í námsmat og voru því markmiðin þeirra metin út frá þeim. Nemendur sýndu framfarir í vinnubrögðum, sjálfstæði og ábyrgð óx hjá mörgum nemendum.

Upplýsingatækni

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan hátt.

Lögð var áhersla á að nemendur gætu nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við öflun upplýsinga, verið gagnrýnir á gæði upplýsinganna og geta sett fram einfalda heimildaskrá. Enn fremur að geta farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og geta tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Netinu.

Upplýsingatækni var að mestu unnin samtvinnuð við íslensku og stærðfræði. Innlagnir á nýjum aðferðum voru kennd í upphafi og síðar þurfu nemendur að sýna fram á hæfni með að nýta sér þær í verkefnavinnu.

Nemendur hafa eigin Chromebook til að vinna að markmiðum sínum. Einstaka sinnum voru ípadar notaðir t.d. í stuttmyndagerð. Google umhverfið (Gmail, Drive, Forms, Sheets, Slides, Classroom), internetið, fingrafimi og ýmiss öpp voru kynnt og notið. Hér má nefna Scratch, Twine, Capcut og fleiral. Canva var app ársins enda mikið notaði í ýmisskonar verkefnavinnu.

Markmið var að nemendur gætu sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum og gætu nýtt sér mismunandi tæknibúnað á fjölbreyttan hátt.

Lögð var áhersla á að nemendur gætu nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við öflun upplýsinga, verið gagnrýnir á gæði upplýsinganna og geta sett fram einfalda heimildaskrá. Enn fremur að geta farið eftir reglum um ábyrga netnotkun og geta tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Netinu.

Upplýsingatækni var að mestu unnin samtvinnuð við íslensku og stærðfræði. Innlagnir á nýjum

aðferðum voru kennd í upphafi og síðar þurfu nemendur að sýna fram á hæfni með að nýta sér þær í verkefnavinnu.

Nemendur hafa eigin Chromebook til að vinna að markmiðum sínum. Einstaka sinnum voru ípadar notaðir t.d. í stuttmyndagerð. Google umhverfið (Gmail, Drive, Forms, Sheets, Slides, Classroom), internetið, fingrafimi og ýmiss öpp voru kynnt og notið. Hér má nefna Scratch, Twine, Capcut og fleiral. Canva var app ársins enda mikið notaði í ýmisskonar verkefnavinnu.

Námsmat fór að mestu fram samtvinnuð við önnur verkefni í íslensku og stærðfræði. Undir vor kom annar kennari í upplýsingatækni og meiri aðskilnaður varð á milli og einstök markmið metin í tímaverkefnum.

Nemendur unnu ýmist sjálfstætt eða í þörum og var lögð áhersla á að nemendur hjálpuðust að við verkefnavinnuna. Nemendur fengu leiðsögn í gegnum námsferlið bæði munnlega og rafrænt skriflega í Classroom og Drive og var námsmat birt í Mentor.

Í heildina gekk kennslan vel og nemendur móttækilegir fyrir vinnu í ýmsum forritum. Hins vegar virðast sumir nemendur ekki ráða við að vinna í tölvu og velja oft önnur óæskileg forrit til að leika sér í.

Gervigreindin er einnig farin að ryðja sér til rúms og þarf að hugsa það hvernig hægt er að nýta hana í kennslu í stað þess að banna hana.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Megináhersla í kennslu í lífsleikni var lögð á að þroska sjálfsvitund, samskiptahæfni og gagnrýna hugsun nemenda. Námið styður við það að nemendur verði meðvitaðir um eigin styrkleika, læri að vinna með öðrum, taki virkan þátt í lýðræðissamfélagi og verði betur í stakk búnir til að takast á við áframhaldandi nám og framtíðarstörf. Markmið með lífsleikni er að undirbúa þau fyrir lífið og æfa þau í samvinnu. Þema vetrarins var framtíðin, hvernig persóna ætla ég að vera og við hvað ætla ég að vinna?

Vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnu byrjaði strax í skólabyrjun með gerð bekkjarsáttmála og greiningu á þörfum. Milliviðtöl voru tekin í nóvember og desember og þeim lokið fyrir jólafrí. Við fengum ýmsa fræðslu frá Félak, svo sem stafrænt ofbeldi, sjúk ást og um fíkn. Ýmsar kannanir voru einnig lagðar fyrir á vegum Brekkuskóla og stór könnun sem heitir Íslenska æskulýðsrannsóknin.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í vetur. Haldið var áfram með samskiptaverkefnið, í samvinnu við Háskólann á Akureyri, sem byrjað var með sl. vetur.

Námsbókin Ég og framtíðin - fyrsti hluti lá til grundvallar og unnið var með það efni að mestu í gegnum þemað atvinna (sjá nánar í kaflanum Uppbrot – þemavinna – hefðir). Einnig var stuðst við áherslur uppbyggingarstefnunnar.

Þau verkefni sem nemendur unnu í í tengslum við sjálfan sig voru metin. Hér má nefna þarfaspjaldið sem gert er að hausti, nemendaviðtöl þar sem nemendur meta sjálfan sig í námi, atvinnuþema (sjá nánar í kaflanum Uppbrot – þemavinna – hefðir) og umræða og þáttaka í tímum.

Það gekk mun betur að vinna að markvissum verkefnum með námsbókina Ég og framtíðin til hliðsjónar. Oft er farið um víðan völl en í vetur var lykilatriðið atvinna og nám í framtíðinni. Fyrst byrjuðu nemendur að skoða sjálfan sig og síðan hvaða nám eða atvinna hentar þeim best. Atvinnulífsþemað gekk mjög vel og mælt er með að þessu verði haldið áfram því nemendur óskuðu sjálfir eftir þessu strax í haust og mjög góð þátttaka var í verkefnum og umræðum.

Samskiptaverkefnið gekk einnig vonum framar og enduðum við verkefnið með pálinuboði og vildu nánast allir nemendur halda þessu áfram eða í einhverju formi. Bæði kynin óskuðu eftir að fá að vera stundum aðskilin í svona vinnu.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Í áttunda bekk voru fjögur formleg þemu framkvæmd fyrir utan samþætt þema í öllum skólanum. Þetta voru:

Litla stúlkan með Eldspýturnar

Í desember var unnið með söguna Litla stúlkan með eldspýturnar í íslensku og dönsku. Nemendur hlustuðu og ræddu söguna í dönsku og lásu hana svo í íslensku og unnu verkefni í kringum hana. Nemendum var kennt að gera skapandi skil s.s.hlaðvarp, ljóðagerð og myndlist. Þetta gekk mjög vel og nemendur fóru út fyrir þægindarammann sinn og kom nokkrum nemendum á bragðið í skapandi skilum. Þemað var stutt og hnitmiðað.

Þema í Egilssögu

Í janúar var lagt af stað með að lesa Egilssögu, gera hugtakakort og orðavinnu. Enska, danska, íslenska, stærðfræði og upplýsingatækni voru samtvinnuð og höfðu nemendur frjálsar hendur með skil á verkefnum, þeim átti að skila í einhverju formi á heimasíðu sem nemendur bjuggu til.

- Í íslensku var lögð áhersla á að skoða aðal- og aukapersónur, persónulýsingar, beina og óbeina ræðu og ljóðagerð og velta fyrir sér hver Egill væri.
- Í stærðfræðinni áttu nemendur að hanna hús Egils og nota til þess þau rúmfræðihugtök sem þau áttu að kunna á 8. þrepi. Þau áttu einnig að búa til sjórorustu sem Egill hefði getað lent í á ferðum sínum.
- Í dönsku átti Egill að vera í samskiptum við vini sína í Danmörku og leita að gistingu fyrir ferðir sínar, þeir áttu einnig að semja ljóð á dönsku um Egil og finna dönsku heitin á herbergjum og hlutum í húsi Egils.
- Í ensku gerðu nemendur dagbók Egils og ferðasögu.
- Upplýsingatæknin lagði aðaláherslu á heimasíðugerð en nemendur höfðu frjálsar hendur og margir bjuggu til stuttmyndir, hlaðvörp og minecraft hús.

Í samræðum við marga nemendu er þetta það skemmtilegasta sem þeir hafa gert í vetur og stendur upp úr þegar rætt er um námið. Margir sýndu nýjar hliðar og nokkrir nemendur toppuðu sjálfan sig í skapandi vinnu. Því miður hentaði þetta ekki öllum og hefðu þeir þurft strangari ramma og meiri

mötun til að geta gert verkefnið. Þetta var einnig mjög yfirgripsmikið og kannski hefði verið betra að enda á þessu þema í vor og undirbúa þá betur í vetur með því að taka smærri þemu og stækka svo smátt og smátt og enda á einu stóru. Þemað tók líka langan tíma og hefði kannski mátt brjóta það meira upp, hafa kannski nokkra fasta tíma í viku í þema en halda einhverjum bóklegum tímum í greinunum.

Atvinnulífsþema

Þegar 7. bekkur fór á Reyki var ákveðið að vinna atvinnulífsþema með 8. bekk. Þau voru búin að vera að vinna með námsbókina Ég og framtíðin í lífsleikni og var ákveðið að taka atvinnukaflann í þemavinnu. Lífsleikni, íslenska, stærðfræði og upplýsingatækni voru samtvinnuð í verkefni tengt daglegu lífi.

- Í lífsleikni fóru nemendur inn á við og skoðuðu kosti sína og galla. Þeir gerðu starfskönnun og áttu að finna út draumastarfið og setja saman lista yfir það sem þau vildu sjá í framtíð sinni. Þau kynntu sér einnig ýmis störf og reyndu að máta sig við þau. Þau fóru einnig í vettvangsheimsókn í Samherja. Í lokin skoðuðu þau ýms störf og voru að meta hvort þetta væru karla eða kvennastörf. Við fengum XX í heimsókn en hún er bóndi og keyrir olíuflutningabíl.
- Í stærðfræði reiknuðu nemendur út launaseðla, lán og skoðuðu hve lengi þau þyrftu að vinna í unglingavinnunni til að safna fyrir Apple síma. Lögð var áhersla á prósentureikning.
- Í íslensku og upplýsingatækni gerðu nemendur rafræna kynningu á Samherja og sjálfum sér.

Þetta tókst mjög vel og fékk marga til að hugsa t.d. að það tók þau hátt í fjögur sumur að vinna sér inn síma frá Apple. Við mælum með að þetta verði endurtekið en skoða mætti að fá foreldra til að kynna störf sín og svara spurningum.

Eurovision þema

Í maí var farið hálfa leið í samþættingu í íslensku og stærðfræði um Eurovision. Í stærðfræðinni áttu nemendur að reikna út tölfræðilegar upplýsingar um þátttöku Íslands í Eurovision í gegnum árin og gera síðan sína eigin könnun og túlka niðurstöður fyrir samnemendur. Í íslensku gerðu nemendur fréttablað þar sem þau skrifuðu grein um Eurovision, gerðu auglýsingu og sett inn niðurstöður frá sinni eigin könnun. Þetta gerði skólastarfið meira lifandi og lang flestir nemendur höfðu gaman að þó þeir hefðu ekki mikinn áhuga á keppninni. Þetta var einnið lagað að sauðfjárbændum en þeir máttu reikna út tölfræðilegar niðurstöður út frá sauðfjárbókum heimilanna. Einnig máttu þeir skrifa fréttagreinar út frá lífi bænda. Þetta þema hefði mátt vera stærra og samþætta fleiri greinar. Mælum með að þetta verði endurtekið.

Vatns þema

Áttundi bekkur vann að heildstæðu þemaverkefni sem allur skólinn tók þátt í með vinabekknun sínum. Umsjónarkennarar, sérkennari, náttúrufræðikennari og heimilsífræðikennari tóku höndum saman og skipulögðu þema sem samanstóð af fræðslu, tilraunum og sköpun. Lagt var upp með að taka jökla sérstaklega fyrir.

Áður en þemað byrjaði hittust vinabekkirnir og lásu saman efni um jökla og áttu síðan spilastund. Nemendur voru strax paraðir saman og héldu þeir sínum vini allan tímann.

Í byrjun þemans kom foreldri í þriðja bekk og fræddi hópinn um Vatnajökulsþjóðgarðinn og fleiru tengt jöklum. Farið var með hópinn í ísbrjót þar sem búið var að skipta þeim í hópa eftir nöfnum jöklanna okkar og þeir kepptu svo sín á milli með að flytja vatn á milli staða. Jöklarnir héldu svo áfram að fylgjast að á ýmsar stöðvar.

- Heimilsfræðistofa: tilraun að búa til ís með mjólk, vatni og salti.
- Náttúrufræðistofan: Ýmsar tilraunir með vatn.
- Stofum 306 og 307 voru heimastofur þemans og einnig sköpunarstöðvar þar sem nemendur höfðu frjálsar hendur við að búa til eitthvað sem táknaði jökla. Þetta mátti vera tímalína um vatn og jökla, hringrás vatns, skapa norður eða suðurpólinn eða sýna fram á bráðnun jökla með sköpun.

Þetta þema gekk einstaklega vel og unnu allir mjög vel saman. Bekkirnir smullu mjög vel saman og var áttundi bekkur mjög áhugasamur og duglegur að hjálpa þeim yngri, bæði í kennslu og frímínútum. Þau hafa sýnt áhuga á að vinna frekar með þeim.

Það sem mætti hafa í huga þegar unnið er með þema eru kynningar á þeim fyrir nærsamfélagið. Gaman væri að fá aðra bekki í heimsókn, starsmenn og eða foreldra og sjá afrakstur nemenda.

Annað uppbrot:

Við tókum þátt í samkeppninni um *Náttúrufræðing Brekkuskóla* á Degi íslenskrar náttúru.

Árshátíð var 9. nóvember og við byrjuðum að undirbúa hana mjög snemma þar sem nemendur unnu að handriti leikrits í íslensku áður en hægt var að byrja að æfa og búa til leikmuni.

Föndrað var fyrir jólin og þá voru ýmis verkefni í boði fyrir krakkanna s.s. að búa til púsl jólaskraut og spreypja það, mála á piparkökur, lita og önnur verkefni þar sem nemendur létu sköpunarkrafta sína ráða.

Annan desember var spiluð félagsvist ásamt 7. bekk en einnig voru æfingar innan bekkjar fyrir það.

Ýmsar fræðslur frá Félak t.d. Kynfræðsla, fíknifræðsla og fræðsla um stafrænt ofbeldi.

Sameiginlegir uppbrotsdagar í Brekkuskóla voru Brekkuvision, Brekkuskólaleikar, útivistardagar, þemadagar, vorhátíð og skólaslit

Val á viðfangsefnum / áhugasviðsverkefni

Það hafa ekki verið hrein og bein áhugasviðsverkefni þar sem nemendur velja frá a-ö hvað þeir gera og hvernig. Hins vegar hefur verið reynt að koma til móts við nemendur með skapandi skilum í flestum greinum, val á hvernig verkefni er skilað og hver áhersla nemandans er. Nemendur hafa einnig getað bætt markmið sín í dönsku, íslensku og stærðfræði og hafa fengið frjálsar hendur með að sýna fram á hæfni sína.

Hópurinn hefur einnig fengið að koma með hugmyndir að uppbroti, vettvangsferðum, leikritum á

árshátíð og Brekkuvision. Reynt hefur verið að koma til móts við þau að mestu leiti.

Gaman væri að hafa skipulagt áhugasviðs verkefni þar sem allir kennarar greinar leggja til tíma og aðstoð við nemendur. Þar gætu þeir valið viðfangsefnið, valið markmiðin og kynnt fyrir samnemendum og jafnvel foreldrum.

Vettvangsferðir

Að hausti var farið í gönguferð á Ystavíkur fjall á útivistardegi með skólanum. Það var mjög skemmtilegt og gott að vera úti í náttúrunni. Hefðbundin skíðaferð í Hlíðarfjall og Skautahöllina var í mars og stóðu nemendur sig með þrýði í fjallinu þrátt fyrir lélegt færi.

Þegar fótboltamótið í Boganum var haldið þann 20. september fóru stuðningsmenn saman í pottatíma í sundlauginni ásamt umsjónarkennurum og íþróttakennara. Haldið var síðan með strætó í Bogann og stóðu nemendur sig mjög vel, bæði inni á velli og utan.

Farið var í bókasafnsferð með hópinn í heimsókn á Amtsbókasafnið. Tilgangurinn var að gefa nemendum tækifæri til að kynnst safninu, verja tíma þar og fá aðstoð við val bóka. Sumir völdu sér lesefni og byrjuðu að lesa, aðrir spiluðu eða tefldu og flestir nutu ferðarinnar. Ánægja með ferðina og nemendur báðu um að þetta yrði gert aftur.

Þegar nálgaðist jólin og snjórinn kom þá fóru ensku- og náttúrufræðikennararnir hópinn og fóru í sleðaferð í Skátagilið. Þetta hressti liðið við í skammdeginu þrátt fyrir smá óhöpp vegna mikillar hálfu í brautinni.

Í febrúar heimsótti bekkurinn Samherja þegar þau voru að kynna sér ýmiss störf sem Íslendingar vinna við. Þau stóðu sig mjög vel og voru kurteis. Þetta vakti áhuga, sérstaklega hve tæknin er orðin mikil og því þörf á minni mannskap í þessa vinnu.

Þegar sólin fór að skína í maí var ákveðið að vera með útikennslu á Hömrum. Flestir fóru hjólandi en einhver hluti tók strætó og gekk hluta af leiðinni. Nemendur sömdu ljóð um það sem þau sáu í kringum sig í náttúrunni á dönsku og fóru í smá ratleik á Hömrum í lesskilningi. Nemendur þurftu svo að kynna niðurstöður munnlega fyrir kennara.

Vorferðin var í gönguferð í Vaðlareit og fjöruna þar, þann 3. júní. Fyrst var farið upp í reitinn og nestið borðað á hvalbök með frábæru útsýni. Svo var gengið áfram og farið niður í fjöruna þar sem við þyrfti að styðjast við kaðal til að fara bæði niður og upp úr fjörunni. Í fjörunni syntu sumir nemendur í sjónum, nokkrir renndu fyrir fiski og aðrir fundu sér annað til dundurs. Við grilluðum pylsur fyrir krakkana og svo grilluðu nemendur sykarpúða sem þeir máttu hafa meðferðis.

Þann 4. júní var Leitin mikla þar sem nemendur í 7. og 8. bekk fara í ratleik um miðbæinn og leysa ýmsar þrautir og svara spurningum. Nemendur eru hvattir til að mæta í búningum og fengu þeir verðlaun fyrir besta búninginn og stigahæsta liðið. Þetta var viðburður sem nemendur í 8. bekk tóku sérstaklega fram að þeir vildu gera á vordögum.

Samvinna nemenda

Nemendur unnu saman að ýmsum verkefnum í vetur sjá lýsingar í hverri námsgrein fyrir sig. Unnin

voru mörg paraverkefni í íslensku, ensku, hópverkefni í tilraunum í náttúrufræði, í dönsku, íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði. Þá var einnig gaman að sjá hve hjálpsamir nemendur eru í árganginum.

Mikil áhersla var að vinna hópavinnu í þeim vetrarins. Nemendur voru einnig látnir vinna sjálfsmat og jafningjamat til að meta vinnuframlag allra. Unnið var markvisst með námsfélaga og var skipt reglulega um félag. Undir vor var aðeins farið að dala á að nýta námsfélagana og láta þá hrósa og þakka fyrir samveruna.

Umsjónarmenn voru nýttir yfir veturinn og var hlutverk þeirra að sjá um að tölvurnar væru hlaðnar og tæma flokkunartunnur í kennslustofum í lok viku. Nemendur voru duglegir að sinna þessum verkum og alltaf tilbúnir að aðstoða ef forföll urðu í bekknum.

Mjög góð samvinna myndaðist á milli vinabekkjarins og áttunda bekkjar í vetur, bæði á þemadögum og Brekkuskólaleikum. Þau eiga ennþá í samskiptum þegar þau hittast á göngum sem er mjög gaman að sjá. Það mætti festa fleiri tíma yfir veturinn með vinabekkum t.d. lestrarstundir, spila og leika úti.

Samvinna við aðra

Á vordögum tóku 7. og 8. bekkur saman þátt í ratleiknum Leitin mikla þar sem nemendahópar fóru um bæinn og leystu þrautir.

Mikil og góð samvinna var á milli umsjónarkennara vinabekkar og okkar í þemavinnu. Krakkarnir voru ekki síðri og stóðu sig vel bæði í þemavinnu og á Brekkuskólaleikunum.

Samvinna var á milli sundkennara og umsjónarkennara með reglulegum pottatíma fyrir alla þegar breyta þurfti út af dagskrá á sunddögum. Þetta féll vel í kramið og höfðu flestir gaman af.

Foreldrasamstarf

Í upphafi skólaárs fóru fram samtöl milli kennara, foreldra og nemenda og í byrjun vorannar voru nemendastýrð samtöl þar sem nemendur stóðu sig með þryði enda orðnir vanir þessum aðferðum. Í samtölunum gafst tækifæri til að fara yfir námsframvindu, samskipti og líðan nemenda og ræða önnur mál eftir þörfum. Vikulegir póstar voru sendir til heimila með upplýsingum um viðburði og verkefni komandi viku. Samtöl við foreldra ýmist á fundi, símleiðis eða í tölvupósti. Einnig voru margir teymisfundir vegna barna sem þurfa meira utanumhald.

Grenndarkennsla

Útivistardagarnir í Brekkuskóla voru nýttir í grenndarkennslu en í haust kynntust nemendur nágrenni Ystavíkurs fjalls með því að fara í fjallgöngu. Í vetrarferðinni voru skíði eða skautar kynntir fyrir nemendum og í leiðinni aðstaða í Skautahöllinni eða Hlíðarfjalli, allt eftir því sem nemendur völdu. Þessi fræðsla er sérstaklega mikilvæg fyrir nýbúana okkar en einnig aðflutta nemendur til að kynnst bænum sínum betur.

Útisvæðið á Hömrum var nýtt þegar sólin fór að skína í maí. Flestir fóru hjólandi en einhver hluti tók strætó og gekk hluta af leiðinni og var það hluti af íþróttarkennslunni. Nemendur sátu í náttúrunni og sömdu ljóð um það sem þau sáu og kynntust svæðinu á Hömrum með ratleik. Þeir fengu svo frálisan

leik í leiktækjum á svæðinu.

Miðbær Akureyrar var vel nýttur í Leitina miklu þar sem nemendur í 7. og 8. bekk fara í ratleik um miðbæinn og leysa ýmsar þrautir og svara spurningum. Þarna þurfa nemendur að kynna sér ýmsar stytur, húsbyggingar, tala við ókunnuga, biðja um ýmsa hluti og nýta sér lausnarleit í námi. Þetta styrkir þau einnig félagslega að kynnast samnemendum í öðrum aðstæðum.

Skólalóðin var vel nýtt á Brekkuskólaleikum og vorhátíð. Annars vegar voru þeir að leika sér með vinabeknum og fara á milli staða á skólalóð á Brekkuskólaleikunum og hins vegar að fara á milli hreyfistöðva á skólalóðinni á vorhátíðinni. Farið var með nemendur út á skólalóð í ýmis verkefni í stærðfræði, íslensku, dönsku og náttúrufræði þegar fór að vora. Nemendur tíndu einnig rusl af skólalóðinni þegar komið var að þeirri viku í ruslatíslu.

Vorferð 8. bekkjar var gönguferð yfir fjörðinn í Svalbarðsstrandarhrepp og grillaðar pylsur og leikið sér í vatninu. Ýmsa fræðslu um náttúruna var í boði hjá kennurum á leiðinni.

9. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af tveimur umsjónarkennurum, þremur sérgreinakennurum og einum sérkennara og einum ÍSAT kennara. Árganginum fylgdi einn stuðningsfulltrúi. Auk þess komu að árganginum fjórir listgreinakennarar, tveir íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 38 í lok vetrar.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-314.

Námsumhverfi og skipulag:

Íslenska

Markmið íslenskukennslunnar er að nemendur verði góðir málnotendur sem geti og vilji notað málið á öllum sviðum daglegs lífs. Mikilvægt markmið er að efla málnotkun nemenda og orðaforða ásamt því að styrkja læsi og ritun með áherslu á gagnrýna hugsun og sköpun. Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið vetrarins hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þau vildu læra.

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum. Nemendur kynntu ýmis verkefni t.d. orðaforðaverkefni, kynningu á áhugamálum og fluttu ljóð.

Í 9. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og lesskilningur og orðaforði jafnframt þjálfaður með textum úr bókinni Útbrot. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru

kynningar, hugtakakort, bókaklúbbar, lestrardagbók og ritgerð. Stutt léttlestrarbók fyrir unglingastig, Á rás, var lesin og unnið með orðaforða og umræður. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gunnlaugs saga ormstungu, og voru nemendur upp til hópa hrifnir af henni. Sagan var m.a. notuð til að þjálf hlustunar- og lesskilning og í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali. Sem dæmi um verkefni má nefna teiknimyndasögu, lag og texta, ratleik, kahoot, fréttapátt og stuttmynd.

Nokkur áhersla var lögð á ritun og skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni auk þess sem ritunarpátturinn kom talsvert inn í málfræðikennsluna. Á næsta ári þyrfti að nýta Ritunarrammann frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu til að styðja við og efla ritunarpáttinn.

Í málfræðinni var byggt áfram á þróunarvinnu síðustu ára. Farið var yfir helstu þætti málfræðinnar og stuðst við námsefnið Neista ásamt efni frá kennurum. Lögð var áhersla á að nota mál og ritun nemenda sjálfra sem mest og málfræðispil sem hafa verið útbúin í skólanum voru nýtt.

Hvað námsefni og áætlanir varðar þá var það að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Nemendur fengu námsmat á verkefnum inn á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar sem sýndu viðmið um árangur og nemendur fengu skriflegar umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Classroom. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja þá áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Mikið var um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Dæmi um skapandi skil voru verkefni tengd Gunnlaugs sögu og ýmis ritunarverkefni. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum. Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni frá MMS er af skornum skammti. Námsbækur eins og Neistar og Útbrot eru þó til sem rafbækur en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum.

Upplýsingatækni var samþætt íslenskunáminu og þau markmið sem mest var unnið með tengjast ritvinnslu, notkun Canva vefsins og myndbandsupptökur. Töluverð áhersla var lögð á að nemendur nýttu sér yfirlstrarforrit til að lagfæra stafsetningu og málfar og var síðan Málstaður notuð til þess. Í vetur var fyrsti veturinn sem við vorum símalaus skóli og nemendur notuðu því tæki skólans við upptökur í stað þess að nota eigin síma eins og þeir höfðu oft gert áður. Það kom í ljós að tækjakostur skólans mætti vera betri, það voru oft erfiðleikar varðandi hljóðupptökur og hljóðnemar sem til eru ekki ætlaðir þeim tækjum (ipad/Chromebook) sem ætlast var til að nemendur notuðu. Einnig voru myndgæði verkefnanna lakari sem má hugsanlega rekja til gamalla tækja. Það er því sóknarfæri að efla tæknimennt nemenda með endurnýjun tækjabúnaðar. Það er mikilvægt að skólinn hafi áskrift að síðum á borð við Málstað þar sem nemendur geta nýtt nýjustu máltækni við vinnslu á textum. Það sem þarf að huga að á næstu árum er notkun gervigreindar í kennslu og námi og hvernig best er að kenna nemendum að nýta sér hana til gagns.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Námið fór hægt af stað hjá mörgum en nemendur sýndu góðar framfarir og það náðist að vinna að þeim markmiðum og verkefnum sem lagt var upp með að hausti. Þeir þættir sem þarf að leggja sérstaka áherslu á næstu vetur er ritunarpátturinn og innleiðing Ritunarrámmanns auk þess sem vinna þarf áfram að því að efla orðaforða og læsi nemenda.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, fjármál, almenn brot og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimadæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 3 og 4, Skali 2A og 2B. Einnig var notast við heimadæmi í forritinu Moodle. Námsefni sem notað var í sérkennslu var aðallega Stærðfræði 9+ ásamt Almenn stærðfræði I og II. Alls voru fjórir nemendur sem voru með þetta aðlagða námsefni. Þar að auki voru tveir nemendur sem unnu í námsefni 10. bekkjar. Annar nemandinn útskrifaðist úr námsefni 10. bekkjar að vori með góða einkunn og hefur því lokið sínu grunnskólanámi í stærðfræði. Hinn nemandinn komst nokkuð vel áleiðis og heldur áfram næsta vetur.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimadæmum og kaflapróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Við kennarar erum nokkuð að flakka á milli í námsefni en það er gert til að nýta það besta úr hverjum bókaflökki fyrir sig.

Danska

Markmið dönskukennslunnar er að nemendur öðlist hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Hæfniviðmiðin í dönsku eru sett fram í sex þáttum, þ.e. *hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun og menningarlausni*. Vinnan í haust hófst á því að skoða tungumálið út frá ýmsum sjónarhornum með því að svara spurningunni; hvers vegna lærum við dönsku. Unnið var að viðmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun. Viðmiðin voru alltaf sýnileg í hverri lotu í námsáætlun á classroom sem og á Google screen í stofunni.

Kennsluhættir einkenndust af einstaklings- para- og hópavinnu, félagakennslu með námsefnið bæði á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Nemendur unnu með námsefnið í forritunum Canva, Kahoot, Quizlet, Quizizz, Nearpod og Padlet. Lestur, hlustun, áhorf, leikir og tjáning; munnlegt og skriflegt. Reynt var að leggja meiri áherslu á munnlega tjáningu og kom danski farkennarinn þar sterkt inn.

Námsefnið sem var mest notað var: TAK - lesbók og vinnubók A og B. SMIL - lesbók og vinnubækur. Dejlige Danmark, rafrænir kennslu- og æfingavefir s.s. Den danske ordbog, dansklaeren.dk, dr.dk/ligetil - herognu.dk - <http://fjern-uv.dk/>, lingohut.com, Versló málfræðivefur og tungumálatorg.is. Horfðum á myndina Drømmen og nem unnu verkefni við hana. Horft var á þættina Klassen sem er að finna á dr.dk. Fylgst með fréttum af og til á dr.dk og

kongehuset.dk. ýmist efni frá kennara s.s. smásögur, ljóð, dönsk tónlist af youtube.com, krossgátur, orðaleit [o.fl.](https://www.ordaleit.is/) Einnig gerðum við af og til ýmsa hreyfileiki og heilabrotsæfingar af danska vefnum Ugens øvelse eða fórum í stutta jógaslökun.

Námsmat var einkum þannig að tekin voru kaflapróf úr því efni sem var lesið í námsbókunum, rafræn í google forms, unnin alls kyns verkefni við kvikmynd og TV sérur, þá gerðu nemendur verkefni um Sted í Danmark og höfðu frjálsar hendur með skil. Lesin var smásaga, auk símats á verkefnum, munnleg/skrifleg einstaklings- og hópverkefni. Vorpróf voru í maí þar sem áherslan var á lesskilning og málfræðiefni vetrarins.

Blooket og Diffit eru ný forrit sem ég nýtti í kennslunni ýmist við verkefna- og prófagerð og eða þjálfunartæki fyrir nemendur. Classroom screen er uppi í hverri kennslustund og léttir bæði kennara og nemendum lífið þar sem auðvelt er að koma markmiðum/ hæfniviðmiðum sem og öðrum upplýsingum til skila til allra nemenda. Námsáætlanir, verkefni og próf voru á classroom sem og endurgjöf á vinnu nemenda. Þá voru vikuáætlanir birtar á heimasíðu skólans. Foreldrasamvinna gekk hnökralaust. Langar til að geta nýtt gervigreindina betur við undirbúning og kennslu í framtíðinni og spurning hvort skólinn kaupi premium aðgang að chatgpt sem ég veit að hefur verið ánægja með í sumum skólum. Ekki síst þarf að kenna nemendum að nýta sér kosti og hættur gervigreindarinnar í námi. Ég er eiginlega kominá þann stað að nota blað, blýant og orðabók meira þannig að nemendur hafi ekki möguleika á copy/paste vinnu í ritun t.d.

Veturinn var erfiður því ég var frá kennslu í 11 vikur vegna veikinda sem kom niður á samfellu í náminu. Ljósíð var að við fengum afar góðan og gefandi danskan farkennara á haustdögum sem heitir Tine Møller. Hún náði vel til nemenda og þeir söknuðu hennar er hún hélt annað. Hún var vítamínsprauta inn í munnlegar samskiptaæfingar í tímum og að þjálfva orðaforða ýmist í formi leikja eða uppsettra talæfinga á blaði eða í gegnum spil sem hún gerði og skildi eftir sem við getum notað áfram. Ljóst er að nýr farkennari kemur næsta vetur og er það vel.

Enska

Markmið enskukennslunnar er að nemendur öðlist hæfni í að tileinka sér inntak talaðs og ritaðs máls af ólíkum toga og hæfni til að nýta sér þá þekkingu sem aflað er. Hæfniviðmiðin eru sett fram í sex flokkum: Hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið hófst á verkefnum sem stuðluðu að því að fá nemendur til að tjá sig á ensku í tímum og auka samvinnu. Nemendur leystu ýmsar þrautir saman og tóku þátt í umræðum í litlum hópum.

Áhersla var á lesskilning og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, smásögur, paralestur og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur og smásögur. Í ritun var áhersla á sögugerð og uppbyggingu hennar. Í hlustun var unnið m.a. með tónlist, stuttmyndir, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni. Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna. Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn. Nemendur fengu tækifæri til að koma fram í litlum hópum fyrr á árinu en kynntu síðan ein fyrir öllum bekknum.

Google Classroom var notað mikið en þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans

sem var uppfærð vikulega. Skil á verkefnum fór oftast fram á Google Classroom og var þá notast við matskvarða. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Forms og hljóðskrár notaðar. Lögð var áhersla á að nemendur fengju leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinna og reynt að leggja á það áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinna. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 9 les- og vinnubók, smásögur, bókmenntir, fréttagreinir frá Guardian, breakingnewsenglish.com, lyricstraining.com, readtheory.org, canva.com, google classroom, google forms, wordwall, Drifit, Blooket, One Pager og ljósrituð verkefni frá kennara.

Nemendur notuðu tölvur í mikið í vetur þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Þó notuðu nemendur tölvur aðeins minna en undanfarin ár, fengu verkefni á blaði, þar sem nokkuð bar á að nemendur voru að nota gervigreind til að vinna verkefni, án ígrundunar. Þar sem námsefni frá MMS er af mjög skorum skammti fer mikill tími kennara í að útbúa efni, kynna sér efni frá erlendum kennurum og aðlaga það þannig að það nýtist í kennslu.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Þeir þættir sem þarf að leggja sérstaka áherslu á næstu vetur er að efla orðaforða og læsi nemenda.

Náttúrugreinar

Markmið vetrarins skiptast í líffræði og eðlisfræði. Markmið líffræðinnar snúa að þekkingu á líkama mannsins allt frá minnstu frumum upp í flóknustu líffærakerfi. Fléttað var inn markmiðum um hollar lífsvenjur varðandi næringu, hreyfingu og hvíld og tæpt á helstu sjúkdómum sem herjað geta á líkamann. Í eðlisfræði snúa markmiðin að krafti og hreyfingu, massa og þyngd.

Grunnefni náttúrufræðinnar var bókin Mannslíkaminn en einnig stuðst við myndefni og upplýsingavefi á netinu. Í eðlisfræðinni var grunnbókin Eðlisfræði 2 auk efnis af neti.

Kennslan var að einhverjum hluta verkleg í líffræðinni þar sem gerðar voru tilraunir, skrifaðar skýrslur, smásjár og víðsjár notaðar, krufin brjóstholslíffæri úr svínum og augu úr stórgripum auk smærri verklegra tilrauna. Í eðlisfræðinni voru einnig gerðar tilraunir, notast við tölvu forrit eins og Nearpod og nánasta umhverfi nýtt til skoðunar á eðlisfræðilegum fyrirbærum. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom.

Námsmat var mjög fjölbreytt. Próf voru í lágmarki, hópavinna, einstaklingsverkefni, sjálfsmat, jafningjamat og skapandi skil.

Veturinn gekk vel að flestu leyti en þó náðum við að vinna með færri eðlisfræði markmið en til stóð.

Samfélagsgreinar

Markmið vetrarins skiptast í þekkingarmarkmið og vinnumarkmið. Markmiðin voru flest opin og víðtæk og lá margt að baki hverju þeirra. Þau tóku til stórra viðburða mannkynssögunnar eins og t.d. heimsstyrjaldanna tveggja á fyrri hluta 20. aldar, orsaka þeirra og afleiðinga og stjórnmálastefna sem ríkjandi eru í heiminum.

Í grunninn var stuðst við námsbækurnar *Styrjaldir og kreppa* og *Frelsi og velferð*. Einnig var notast við fjölbreytt efni af netinu og myndbönd. Farið var yfir sögu fyrri hluta 20. aldar með áherslu stóra viðburði á borð við Titanic slysið, fyrri heimsstyrjöldina, upphaf kommúnismans, rússnesku byltinguna, millistríðsárin og kreppuna miklu og svo loks seinni heimsstyrjöldina. Kalda stíðinu voru gerð góð skil og undir vorið tókst að þreifa á hvernig velferðarkefið þróaðist á Íslandi eftir WWII.

Kennslan var að hluta til þematengd þar sem nemendur unnu í hópum og höfðu frjálsar hendur þegar kom að úrlausn verkefna. Einnig voru lögð fyrir spurningaverkefni og tvö próf. Nemendur fengu námsmat fyrir verkefni sín, vinnulag og þátttöku. Upplýsingar um námið, verkefni og markmið var að finna í classroom og í heimavinnuáætlun 9. bekkjar sem var uppfærð vikulega á heimasíðu skólans.

Veturinn gekk vel og nemendur voru flestir áhugasamir um umfjöllunarefnið en ekki tókst að ljúka öllum markmiðum 9. bekkjar þar sem þau ná einnig yfir landafræði og trúarbragðafræði. Áherslan var því að þessu sinni á mannkynssögu 20. aldar, en þar eru umfjöllunarefnin víðtæk og verkefni tóku oft lengri tíma en áætlað var.

Lífsleikni

Markmið vetrarins voru að vinna með hugtök tengd kynvitund og kynlífi, jafnrétti, sjálfsmynd, samskiptum og siðferði. Kennsla fór fram með fyrirlesturum, samtölum, hópavinnu, skriflegum verkefnum og spurningar tímum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar var bókin *Um stelpur og stráka* og nokkur verkefni upp úr námsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir*. Einnig var stuðst við kynningarefni af neti og efni frá landlækni.

Að stórum hluta fór fram umræða um hin ýmsu mál sem brenna á nemendum, stundum í formi bekkjarfunda en einnig í almennu spjalli. Nafnlausar spurningar gefa nemendum færi á að spyrjast fyrir um það sem þeir vilja ekki segja upphátt og fá leiðbeiningar um hvert þeir geti leitað lendi þeir í vanda. Verkefni um hinseginleikann var unnið. Hjúkrunarfræðingur kom inn með fræðslu og einnig voru einstaka fyrirlestrar á vegum Rósenborgar og fyrirlestur um líðan og ofbeldi á vegum Háskólans á Akureyri. Mikið var unnið með samskipti í vetur og var áherslan lögð á samskipti milli jafningja. Í samvinnu við námsráðgjafa var verkefni um draumastarfið unnið og fóru nemendur á vordögum í heimsókn á vinnustaði.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta þætti námsefnisins.

Sérkennsla og stuðningur í 9. bekk

Sex nemendur í 9. bekk fengu skilgreinda sérkennslu í vetur í námsveri, sumir hluta vetrar en aðrir allan veturinn. Mun fleiri nemendur fengu kennslu og stuðning af og til frá sérkennara. Sérkennsla fór ýmist fram inni í bekk eða í námsveri. Sérkennari var með 9. bekk í 10 tímum í vetur í bekk. Tímamagn sérkennslu í námsveri var mjög misjafnt á milli mánaða, eða frá 4 tímum á viku upp í 12 tíma á viku. Stuðningsfulltrúi fylgir, auk þessa, 9. bekk í 30 kennslustundir á viku.

Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í

ensku sneri mest að læsi og orðaforða. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsfni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Uppbygging sjálfsgaga

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Myndin af mér*. Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, Y spjöld og farið var yfir hlutverkaskipan. Haldnir voru bekkjarfundir jafnt og þétt yfir veturinn. Mikið var unnið með samskipti innan árgangsins.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt.

Námsráðgjafar komu frá VMA og MA og kynntu framhaldsnám sinna skóla. Frá Laugaskóla mætti skólameistari með nemendur með sér sem kynntu skólann fyrir nemendum 9. bekkjar.

Þemadagar voru haldnir þar sem unnið var með vatn á fjölbreyttan hátt. Vinabekkir unnu saman í 2 daga og fóru m.a. í heimsókn í Norðurorku.

Árshátíð var haldin í nóvember og var með hefðbundnu sniði. 9. bekkur sýndi leikritið Innra með mér (Inside out) og allir stóðu sig með þryði.

Vettvangsferðir

9. bekkur fór í heimsókn á Amtsbókasafnið á haustmánuðum. Þar fengu nemendur kynningu á starfsemi safnsins, húsnæði þess og safnkosti. Í febrúar var farið á starfamestu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í tengslum við þemadaga fóru nemendur í vettvangsferð í Norðurorku þar sem þeir fengu fræðslu um veitukerfi bæjarins. Í maí fóru nemendur í starfskynningar í fyrirtæki og héldu kynningar í kjölfarið þar sem foreldrum var boðið í skólann. Allt voru þetta mjög áhugaverð verkefni sem tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Árshátíð skólans var að sjálfsögðu á sínum stað. Þar vann 9. bekkur saman að uppfærslu á leikritinu Innra með mér (Inside out).

Í apríl voru þemadagar þar sem unnið var með þemað vatn. Nemendur í 9. og 4. bekk unnu saman í hópum að viðfangsefnum tengdum vatni. Afraksturinn var góður og samvinnan gekk vel. Sjá mátti afrakstur vinnunnar víða um skólann og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist.

Samsöngur var í nokkur skipti í vetur og komu nemendur þá saman á sal og sungu af hjartans lyst.

Vinabekkir unnu líka saman á Brekkuskólaleikum en ekki er heppilegt að hafa of mikinn aldursmun á milli árganga þegar verið er að spila t.d. boltaleiki.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs þar sem kennarar, nemendur og foreldrar settust niður og ræddu komandi skólaár og persónuleg markmið nemenda. Viðtölin í janúar voru svo nemendastýrð og gengu vel. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á árshátíð skólans að horfa á sýningu árgangsins og einnig voru foreldrar boðnir á starfskynningar nemenda í vor á sal skólans. Foreldrar aðstoðuðu við að finna fyrirtæki fyrir nemendur þegar farið var í starfskynningar.

Grenndarkennsla

Grenndarkennsla var samtvinnuð við náttúrufræðikennslu. Einnig fóru nemendur í heimsókn í Norðurorku. Starfskynningar í fyrirtækjum voru í byrjun júní og heppnuðust mjög vel. Starfamesa í HA er hluti af grenndarkennslu 9. bekkjar, sem tengist heimsóknum í fyrirtæki á svæðinu.

10.bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall , fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Teymi vetrarins samanstóð af þremur umsjónarkennurum, tveimur sérgreinakennurum og einum sérkennara og einum ÍSAT kennara. Auk þess komu að árganginum fimm listgreinakennarar, þrír íþróttakennarar, einn námsráðgjafi í hlutastarfi og einn hjúkrunarfræðingur. Fjöldi nemenda var 59 í lok vetrar.

Kennsla bóklegra greina fór fram á efsta gangi í stofum 302-314.

Námsumhverfi og skipulag:**Íslenska**

Markmið íslenskukennslunnar er að nemendur þrói jákvætt viðhorf til íslenskunnar og vilji og geti notað hana á sem flestum sviðum daglegs lífs. Mikilvægt markmið er að efla málnotkun nemenda og orðaforða ásamt því að styrkja læsi og ritun með áherslu á gagnrýna hugsun og sköpun. Markmiðin í íslenskukennslunni skiptust í fjóra flokka; talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið og skarast flokkarnir fjórir í öllum verkefnum íslenskunnar. Skólastarfið hófst á því að nemendur ræddu saman í hópum um eðli og tilgang íslenskunámsins, komu með hugmyndir að verkefnum og hvernig þeir vildu læra. Lögð var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir ábyrgð sinni á tungumálinu og náminu og reynt að vekja áhugavöt þeirra.

Í málfræðinni var byrjað á að rifja upp ýmis málfræðihugtök með leikjum. Byggt var áfram á þeirri vinnu sem unnin hefur verið í sambandi við málfræðikennsluna undanfarna vetur. Lagt var upp með að nota mál og texta nemendanna sjálfra sem mest auk þess sem notuð voru málfræðispil sem útbúin hafa verið undanfarin ár.

Mikil áhersla var lögð á tjáningu og miðlun bæði með einstaklings- og hópverkefnum og fluttu nemendur kynningar á ýmsum verkefnum. Í 10. bekk var mikil áhersla lögð á læsi og völdu nemendur kjörbækur til lestrar. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækurnar og ljóð auk þess sem lesskilningur og orðaforði var þjálfaður með vefefni frá Skólavefnum. Sem dæmi um verkefni sem nemendur gerðu úr kjörbókunum eru kynningar, lestrardagbók, bókabitar og hlaðvarpsþættir. Einnig var munnlegt námsmat þar sem nemendur þurftu að standa skil á ýmsum atriðum varðandi lesið efni í samtali við kennara. Reynt var að fá nemendur til að veita ljóðum meiri áhuga og bent á ljóð vikunnar sem hangir uppi á göngum skólans. Nemendur unnu ljóðaverkefni þar sem þeir áttu að lesa að minnsta kosti fimm ljóð á viku, velja eitt ljóðanna og skila inn verkefni þar sem þeir gerðu grein fyrir ljóðinu. Nemendur höfðu frjálsar hendur um útfærslur á verkefninu og voru skilin afar fjölbreytt. Ein fornsaga var lesin í vetur, Gísla saga Súrssonar og var sagan var notuð til að vinna með siðferðileg hugtök sem tengjast m.a. uppbyggingarstefnunni auk þess að þjálfar hlustunar- og lesskilning. Í lokin unnu nemendur skapandi verkefni að eigin vali og voru mörg verkefnin mjög metnaðarfull.

Mikil áhersla var lögð á ritun og unnu nemendur fjölbreytt verkefni. Í upphafi skólaárs var mikil áhersla lögð á skapandi og frjálsa ritun og stuðst við Ritunarbókina. Í framhaldi af þeirri vinnu skrifuðu nemendur verkefni af ýmsu tagi, t.d. smásögur, pistla og ljóð. Seinni hluta vetrar unnu nemendur heimildaritgerð þar sem unnið var með markmið úr upplýsingatækni svo sem heimildavinnu og skráningu. Nemendur skrifuðu rökfærsluverkefni og skapandi texta og með þeim verkefnum voru stigin fyrstu skrefin við að nota Ritunarrámmann frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Við fyrirlögn ritunarverkefna var leitast við að hafa fyrirmyndarverkefni sýnileg, bæði inn á Google Classroom og hangandi á vegg í kennslustofunni. Matskvarðar fylgdu einnig með þegar verkefnin voru lögð fyrir og gátu nemendur því séð viðmið um árangur. Leiðsagnarmat fór fram samhliða vinnu nemenda í kennslustundum auk þess sem nemendur fengu ítarlegar skriflegar athugasemdir og leiðbeiningar við heimildaritgerðina og gafst kostur á að lagfæra og skila aftur. Skil á öllum ritunarverkefnum fóru fram í gegnum Google Classroom.

Upplýsingar um námsefni og áætlanir var að finna á Google Classroom. Þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á raðbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var áætlun aðgengileg á vikuaætlun á heimasíðu skólans. Skil á verkefnum fóru alla jafna fram á Google Classroom. Nemendur fengu námsmat á verkefnum inni á Google Classroom þar sem notaðir voru matskvarðar sem sýndu viðmið um árangur auk þess sem nemendur fengu umsagnir um verkefni. Auk þess var merkt við á hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með meira vægi á verkefnaskil. Próf voru lögð fyrir á Google Classroom.

Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja áherslu á að nemendur axli ábyrgð á námi og verkefnum. Einnig fengu nemendur skriflegar athugasemdir við ritunarverkefni og gafst færi á að leiðrétta, bæta verkefnin og skila aftur. Sú aðferð skilaði mjög góðum árangri en er hins vegar mjög tímafrek og því gefst ekki tækifæri til að sinna þessum þætti eins mikið og æskilegt væri. Næsta vetur væri rétt að nota Ritunarrámmann meira sem hjálpargagn varðandi leiðsögn í ritun

Töluvert var um skapandi verkefni bæði þar sem nemendur höfðu val um útfærslu og viðfangsefni og einnig þar sem verkefnum var meira stýrt. Sem dæmi um skapandi verkefni má nefna verkefni tengd

Gísla sögu, kjörbókum og ýmis ritunarverkefni. Í vinnu nemenda og námsmati var bæði um einstaklings- og samvinnu að ræða, sem dæmi um samvinnu má nefna ýmis málfræðiverkefni og verkefni tengd kjörbókunum svo sem bókaklúbbsverkefni og hlaðvarpsþætti. Nemendum tókst alla jafna vel að vinna saman í hópum en þó má nefna að miklar fjarvistir nemenda geta valdið erfiðleikum í hópavinnu.

Nemendur nota tölvur í því sem næst hverri kennslustund í íslenskunni þar sem námsefnið er að mestum hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennarar útbúa en rafrænt námsefni er af skorum skammti. Námsbækur eins og Logar og Neistar eru þó til sem rafrænar en nemendur hafa einnig aðgang að prentuðu bókunum. Upplýsingatækni var samþætt íslenskunáminu og þau markmið sem mest var unnið með tengjast ritvinnslu, öflun upplýsinga, heimildavinna og skráning þeirra. Töluverð áhersla var lögð á að nemendur nýttu sér yfirlestrarforrit til að lagfæra stafsetningu og málfar og var síðan Málstaður notuð til þess. Einnig unnu nemendur ýmis skapandi verkefni þar sem þeir tóku upp bæði hljóð- og myndefni og töluvert var um að nemendur notuðu Canva vefinn í skapandi verkefnum. Í vetur var fyrsti veturinn sem við vorum símalaus skóli og nemendur notuðu því tæki skólans við upptökur í stað þess að nota eigin síma eins og þeir höfðu oft gert áður. Það kom í ljós að tækjakostur skólans mætti vera betri, það voru oft erfiðleikar varðandi hljóðupptökur og hljóðnemar sem til eru ekki ætlaðir þeim tækjum (ípad/Chromebook) sem ætlast var til að nemendur notuðu. Einnig voru myndgæði verkefnanna lakari sem má hugsanlega rekja til gamalla tækja. Það er því sóknarfæri að efla tæknimennt nemenda með endurnýjun tækjabúnaðar. Það er mikilvægt að skólinn hafi áskrift að síðum á borð við Málstað þar sem nemendur geta nýtt nýjustu máltækni við vinnslu á textum. Það sem þarf að huga að á næstu árum er notkun gervigreindar í kennslu og námi og hvernig best er að kenna nemendum að nýta sér hana til gagns.

Kennslan í vetur gekk vel og það náðist að vinna að þeim markmiðum og verkefnum sem lagt var upp með í haust. Þeir þættir sem þarf að leggja sérstaka áherslu á næstu vetur er ritunarpátturinn og innleiðing Ritunarrámmanns auk þess sem vinna þarf áfram að því að efla orðaforða og læsi nemenda. Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Nemendur sýndu góðar framfarir, tóku ábyrgð á eigin námi og eru flest allir tilbúnir og vel undirbúnir fyrir nám á framhaldsskólastigi.

Stærðfræði

Markmið vetrarins var að vinna með námsþættina Tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

Unnið var með fyrirlestra, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur unnu saman að lausn dæma og við námsmat í vissum þáttum. Margmiðlun fólst að mestu í að leysa heimaðæmi á netinu og að miðla efni til æfinga fyrir nemendur. Umræður áttu sér stað þar sem nemendur og kennarar ræddu um námsefnið.

Námsefni vetrarins voru bækurnar Átta tíu 5 og 6. Einnig var notast við heimaðæmi í forritinu Moodle og töflureiknir lítillaga notaður. Sérefni fyrir nokkra nemendur voru valdir kaflar úr Almenn stærðfræði I og II. Alls voru fjórir nemendur sem unnu í þessu námsefni. Einn nemandi hafði lokið við námsefni 10.bekkjar árið áður og vann hann í grunnnámsefni framhaldsskóla.

Við námsmat var stuðst við símat í tímum, vinnubrögð, skil á heimaðæmum, kaflapróf og vorpróf.

Veturinn gekk heilt yfir vel. Nemendur sýndu jafnar og góðar framfarir og ættu flest að vera vel undirbúin fyrir nám á framhaldsskólastigi.

Danska

Markmiðin dönskukennslunnar skiptust í fjóra flokka; *talað mál og hlustun, lestur og áhorf, ritun/málfræði og menningarläsi*. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið en mesta áherslan var lögð á talað mál, hlustun og ritun.

Í töluðu máli og hlustun kynntu nemendur sér danska tónlistarmenn, íþróttamenn, fréttir o.fl. og fluttu kynningar eða lásu inn á hljóðfæl og sendu til kennara. Horfðu á kvikmyndir og þætti. (The Rain og Midsommer) og hlustuðu svo á kynningar hjá hvert öðru í sumum tilfellum eftir áhorf. Þá var farið í samskiptaleiki og leikræna tjáningu til að þjálfa nemendur í töluðu máli.

Töluverð áhersla var lögð á *lestur* og lásu nemendur mest valda texta í námsbókinni Smil og Ekko sem og ljóð, smásögur (Den nye lærer) o.fl. og unnu verkefni, einstaklingslega eða í hópi. Einnig var netið óspart notað til að finna lesefni. Próf eða kannanir voru lagðar fyrir, ýmist munnleg, á stafrænu formi eða skrifleg. Þá var símat í gangi allan veturinn.

Ritun var mest stunduð í tengslum við orðaforða hvernar lotu bæði í formi svara úr texta eða skapandi og frjáls ritun. Teknar voru lotur í að skrifa t.d. um veðrið, árstíðir, tölur, mat, liti og klukku til að viðhalda grunnorðaforða. Einnig unnu nemendur ýmis skapandi verkefni í tengslum við kvikmynda- og þáttaáhorf. Canva vefurinn var notaður töluvert í skapandi verkefnum t.d. að búa til auglýsingar um ákveðin efni.

Námsefni: Upplýsingar um námsefni og áætlanir var að finna á Google Classroom. Þar voru námsáætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var vikuáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans. Unnið var með efni úr bókunum Smil og Ekko með vinnubókum. Lesnar voru rafbækur af atlantbib.org sem eru stuttar rafbækur á öllum Norðurlandamálunum þar sem gott er að tengja saman tal og texta.

Málfræðikennsla fór fram í textavinnu, með innlögnum og verkefnavinnu. Stuðst var við Grammatik og ýmsa málfræðivefi (Versló vefinn) og verkefni á netinu og nem unnu málfræðiheftið Ordklassekursus, ásamt efni og verkefnum héðan og þaðan. Einnig unnið með málfræði í gegnum texta úr námsefninu. Notaðar voru málfræði innlagnir af vef Versló sem er mjög skýr og vel uppsettur málfræðivefur.

Menningarläsi: Nemendur fylgdust með fréttum á dr.dk og unnu af og til með fréttir. Á tímabili völdu nem. frétt vikunnar af DR og greindu frá þeim. Þeir kynntu sér Efterskoler í Dk og útbjuggu kynningu um skólana sem þeir völdu.

Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi. Hluti af námsefninu var inni á Google Classroom. Heimavinnuáætlun var birt á classroom og skil inni á classroom. Próf voru lögð fyrir með rafrænum prófum í Google Forms. Einnig munnlegt mat í formi kynninga og annarra verkefnaskila.

Kennsluaðferðir: Kennslan fer fram á dönsku að hluta til. Mikilvægt er að hlusta á og lesa dönskuna, svo auðveldara sé að skrifa og tala hana þegar þess er krafist. Nemendum eru kenndar helstu reglur

og undantekningar í málfræði og framburði og þeir byggja upp orðaforði, sem gerir þeim kleift að skrifa lengri ritun, halda kynningar af öryggi og geta unnið eðlileg samtöl. Auk þess á nemandinn að tileinka sér atriði um Danmörk og Danina. Við vorum svo heppin að hafa danskan farkennara hjá okkur í fimm vikur sem lét nemendum líða þannig að þeim fannst þeir skilja dönsku mjög vel. Hún (Tina Møller) var mjög skapandi og góður kennari og vann mikið með munnlega þáttinn í gegnum spil og leik, sem féll í góðan jarðveg. Einnig gerðum við af og til ýmsa hreyfileiki og heilabrotsæfingar af danska vefnum Ugens øvelse.

Í heildina var veturinn erfiður vegna óvætra veikinda sem urðu að 11 vikna fjarveru minni frá vinnu. Þetta kom niður á náminu og í vor var ýmislegt sem vantaði upp á að komast í gegnum miðað við fyrri ár, sem er ekki góð tilfinning.

Enska

Markmið enskukennslunnar er að nemendur öðlist hæfni í að tileinka sér inntak talaðs og ritaðs máls af ólíkum toga og hæfni til að nýta sér þá þekkingu sem aflað er. Hæfniviðmiðin eru sett fram í sex flokkum: Hlustun, ritun, lesskilningur, málfræði, frásögn og samskipti. Unnið var að öllum markmiðum jafnt og þétt yfir árið. Skólastarfið hófst á að ræða markmið vetrarins og nemendur komu með tillögur að verkefnum/viðfangsefnum. Áhersla var á að byrja á verkefnum sem stuðluðu að því að fá nemendur til að tjá sig á ensku í tímum og auka samvinnu.

Í lesskilningi og unnu nemendur t.d. með fréttatexta, fræðslutexta og kjörbækur. Unnið var með bókmenntahugtök í tengslum við kjörbækur og ný verkefni notuð þar sem áhersla var á að kafa dýpra í eina persónu í bókinni og skapandi skil í gegnum One Pager verkefni. Í ritun skrifuðu nemendur fjölbreytt verkefni m.a. 5 mínútna ritun, sögu, ljóð og rökfærsluritanir. Sérstaklega vel var farið í að kenna hvernig ætti að byggja rökfærsluritan og sögur. Kennari las a.m.k. þrisvar yfir hverja ritun í ferlinu og leiðbeindi nemendum á meðan á skrifunum stóð. Í sögugerðinni unnu nemendur með þemað „Fake“ en það var þemað í smásagnakeppni FEKÍ sem er haldin árlega fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Sendar voru þrjár sögur í keppnina. Í hlustun var unnið m.a. með stuttmynd, tónlist, fræðslumyndbönd, kvikmyndir og að nemendur hlustuðu á hvert annað flytja verkefni. Málfræðikennsla fór fram með innlögnum og verkefnavinnu. Gagnvirk verkefni á netinu voru notuð til að styðja við kennsluna. Nemendur kynntu verkefni sín fyrir bekkjarfélögum til að æfa frásögn bæði í litlum hópum og ein fyrir framan bekk.

Google Classroom var notað mikið en þar voru áætlanir, heimavinna, verkefni, glósur og glærur ásamt tenglum á rafbækur og annað gagnlegt efni. Einnig var opin vinnuáætlun á heimasíðu skólans sem var uppfærð vikulega. Skil á verkefnum fór oftast fram á Google Classroom og var þá notast við matskvarða. Auk þess var merkt við hæfnikort nemenda á Mentor. Námsmat fór fram jafnt og þétt yfir veturinn og var sambland af prófum og verkefnaskilum af ýmsu tagi með mjög lítilli áherslu á prófin sem voru lögð fyrir á Google Forms og hljóðskrár notaðar. Lögð var áhersla á að nemendur fengu leiðbeinandi aðstoð í kennslustundum við verkefnavinnu og reynt að leggja á það áherslu að ábyrgð hvers og eins á náminu og verkefnunum skipti miklu máli. Verkefni voru unnin í einstaklings- og hópvinu. Hjálpargögn og leiðir voru m.a. Spotlight 10 les- og vinnubók, bókmenntir, fréttagreinar frá Guardian, breakingnewsenglish.com, ted-ed, lyricstraining.com, readtheory.org, canva.com, google classroom, google forms, Wordwall, Blooket, Drift, One Pager og ljósrituð verkefni frá kennara.

Nemendur notuðu tölvur í því sem næst hverri kennslustund í ensku þar sem námsefnið er að mestu hluta rafrænt. Það eru þau gögn sem kennari útbýr en námsefni frá MMS er af skornum skammti. Mikill tími kennara í að útbúa efni, kynna sér efni frá erlendum kennurum og aðlaga það þannig að það nýtist í kennslu.

Heildarmat á kennslunni og námi nemenda er að veturinn hafi gengið vel. Þeir þættir sem þarf að leggja sérstaka áherslu á næstu vetur er að efla orðaforða og læsi nemenda.

Náttúrugreinar

Helstu markmið vetrarins tengjast ljóstillífun, mengun, loftslagsmálum, orkunotkun, erfðum og þróun mannsins, grunn efnafræði og himingeimnum.

Námsefni sem lagt var til grundvallar er annars vegar *Maður og náttúra* og hins vegar *Eðlisfræði 3* auk efnis af netinu. Ýmsar fræðslumyndir voru sýndar sem ýmist voru útgefnar eða á youtube.

Unnið var ýmist einstaklingslega eða í hópum. Vísinda síður á netinu voru nýttar ýmist sem heimildir í verkefnavinnu eða til almennrar fræðslu. Hluti námsefnisins var unnin í Nearpod forritinu. Námið var kennt í lotum og fóru markmið og áætlanir inn á google classroom.

Símat var í gangi allan veturinn. Formlegt uppgjör fór fram eftir hverja lotu, ýmist í formi prófa, verkefna, hópavinnu, kynninga, skapandi skila eða á annan einstaklingsmiðaðan hátt. Nemendur fengu áætlanir inn á google classroom fyrir hverja lotu þar sem fram kom hverju þyrfti að ljúka til að klára lotuna og hvaða markmið lágu til grundvallar.

Veturinn gekk í heild mjög vel en tækifæri til úrbóta felast í útfærslu á og frekari þjálfun í leiðsagnarmati.

Samfélagsgreinar

Markmið vetrarins snúa að félagsmótun, siðferði, alþjóðastofnunum, mannréttindum, uppbyggingu stjórnkerfis á Íslandi og heimsálfunum.

Í grunninn var stuðst við námsbækurnar *Á ferð um samfélagið* í þjóðfélagsfræðinni og *Um víða veröld* í landafræðinni en einnig var notast við fjölbreytt efni af netinu svo sem efni úr fjölmiðlum, trúarbragðavefinn, heimasíðu Alþingis og ungmennavef Alþingis. Notast var við myndbönd þar sem því var við komið og áhersla lögð á umræður og þátttöku nemenda.

Nemendur unnu ýmist í hópum, pörum eða einstaklingslega. Verkefnin voru að ýmsum toga með áherslu á hugtakaskilning og voru nemendur hvattir til að skila á skapandi hátt. Nemendur fengu heimsókn frá fulltrúum af skrifstofu alþingis þar sem settar voru upp aðstæður líkt og á þingfundi til að kynna fyrir þeim störf alþingis.

Námsmat var símat þar sem tekið var tillit til markmiða verkefna, vinnuframlags, vandvirkni og þátttöku. Námsáætlanir, verkefni og markmið var að finna í classroom og í heimavinnuáætlun 10. bekkjar á heimasíðu skólans sem var uppfærð vikulega.

Veturinn gekk vel og nemendur voru almennt áhugasamir um umfjöllunarefnið en ekki tókst að ljúka öllum heimsálfunum.

Lífsleikni

Helstu markmið vetrarins voru að vinna með góð samskipti, sjálfstraust, heilbrigði, fjármálalæsi, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, barnasáttmálann og almenn mannréttindi.

Grunn bækurnar voru *Fyrstu skref í fjármálum*, *Kynlega klippt og skorið* og *Margt er um að velja*. Einnig voru ýmis blöð og verkefni fengin héðan og þaðan þegar tilefni var til.

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi í lífsleikni tímum og reynt á ýmsa hæfni nemenda. Umræður, upplestur, skapandi vinna og heimsóknir frá sérfræðingum einkenndi þessa tíma. Fjármálalæsi var ráðandi þáttur og fjölbreytt verkefni um réttindi, skyldur og framtíðaráætlanir. Í tengslum við verkefni um að stofna fyrirtæki komu foreldrar í heimsókn og kynntu sín fyrirtæki og gáfu nemendum tækifæri til að spyrja spurninga. Í framhaldinu unnu nemendur verkefni um að stofna fyrirtæki að eigin vali. Í vetur var samstarf um starfsfræðslu milli kennara og námsráðgjafa varðandi kynningar á störfum tengdum námi sem hægt er að velja. Námsráðgjafi kynnti námsframboð og heimasíður um áhugasvið.

Ekki er formlegt námsmat í lífsleikni en unnið var út frá grunnþáttum menntunar. Vel tókst til með flesta námsþætti.

Sérkennsla og stuðningur í 10. bekk

11 nemendur í 10. bekk fengu skilgreinda sérkennslu í vetur í námsveri. Mun fleiri nemendur fengu stuðning af og til frá sérkennara. Sérkennsla fór ýmist fram inni í bekkjum eða í námsveri. Sérkennari var með 10. bekk í 6 tímum í vetur í bekk. Tímamagn sérkennslu í námsveri var 9 tímar og skiptust á þessa nemendur frá 1 tíma á viku upp í 5 tíma á viku.

Áhersla í námsveri var á læsi í víðu samhengi, ritun og málfræði. Í stærðfræði var farið í grunnaðgerðir stærðfræðinnar með áherslu á hugtök, reglur, aðferðir og vinnubrögð. Stuðningur í ensku sneri að læsi og orðaforða. Einnig var samræða í kringum líðan, hegðun, námstækni, einbeitingu og vinnusemi út frá markmiðum námsins og námsáætlunum. Námsefni var aðlagð að hverjum nemenda í samstarfi greinakennara og sérkennara.

Uppbygging sjálfsaga

Unnið var með uppbyggingarstefnuna jafnt og þétt yfir veturinn. Hún var fléttuð inn í námsgreinar t.d. í lífsleikni þar sem unnið var með sjálfstraust, dyggðir og gildi. Á alþjóðlegum degi gegn einelti sýndum við þáttaröð sem nefnist *Hip hip hora*. Eftir myndina voru umræður. Gerður var bekkjarsáttmáli, Y spjöld og farið var yfir hlutverkaskipan. Haldnir voru bekkjarfundir eftir þörfum.

Uppbrot – þemavinna – hefðir

Útivistardagar voru haust og vor og tókust með ágætum eins og endranær. Í ferðunum höfðu nemendur val og var það mjög jákvætt.

Nemendur fóru í heimsókn í VMA og MA og kynntu sér námsframboð skólanna.

Þemadagar voru haldnir þar sem unnið var með vatn á fjölbreyttan hátt. Vinabekkir unnu saman í 2 daga og fóru m.a. í heimsókn í Norðurorku.

Árshátíð var haldin í nóvember og var með hefðbundnu sniði. 10. bekkur sýndi söngleikinn Footloose og allir stóðu sig með þrýði.

Vettvangsferðir

Í febrúar var farið á starfamessu í HA þar sem nemendur fengu fræðslu og kynningu á ýmsum störfum og fyrirtækjum á Eyjafjarðarsvæðinu. Í tengslum við þemadaga fóru nemendur í vettvangsferð í Norðurorku þar sem þeir fengu fræðslu um veitukerfi bæjarins. Á vordögum fóru nemendur í eftirminnilega útskriftarferð suður á land og enduðu ferðina síðan í Skagafirði. Allt voru þetta mjög áhugaverð verkefni sem tókust mjög vel.

Samvinna nemenda

Árshátíð skólans var að sjálfsögðu á sínum stað. Þar vann 10. bekkur saman að uppfærslu á söngleiknum Footloose.

Í apríl voru þemadagar þar sem unnið var með þemað vatn. Nemendur í 10. og 5. bekk unnu saman í hópum að viðfangsefnum tengdum vatni. Afraksturinn var góður og samvinnan gekk vel. Sjá mátti afrakstur vinnunnar víða um skólann og var það samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi til tekist.

Samsöngur var í nokkur skipti í vetur og komu nemendur þá saman á sal og sungu af hjartans lyst.

Vinabekkir unnu líka saman á Brekkuskólaleikum en ekki er heppilegt að hafa of mikinn aldursmun á milli árganga þegar verið er að spila t.d. boltaleiki.

Foreldrasamstarf

Hefðbundin viðtöl voru í byrjun skólaárs þar sem kennarar, nemendur og foreldrar settust niður og ræddu komandi skólaár og persónuleg markmið nemenda. Viðtölin í janúar voru svo nemendastýrð og gengu vel. Foreldrar voru boðnir í heimsókn á árshátíð skólans að horfa á sýningu árgangsins. Í tengslum við lífsleikni mættu foreldrar í heimsókn til að kynna fyrirtæki sín og svara spurningum nemenda um stofnun fyrirtækja.

Grenndarkennsla

Grenndarkennsla var samtvinnuð við náttúrufræðikennslu. Einnig fóru nemendur í heimsókn í Norðurorku. Starfamessa í HA er hluti af grenndarkennslu 10. bekkjar. Nemendur fóru einnig í heimsóknir í framhaldsskólana í bænum.

Íþróttir og sund

Bekkur: 1.-10. bekkur

Teymið, fjöldi kennara og stöðuhlutfall, fjöldi nemenda, og stuðningsaðilar ef þeir eru til staðar:

Íþróttakennarateymið, Arna Benný Harðardóttir, Jóhannes Gunnar Bjarnason og Kári Ellertsson, öll í 100% stöðu.

- Í 1. bekk voru 33 nemendur og þeim árgangi fylgdu yfirleitt tveir stuðningsfulltrúar, annar fylgdi eftir ákveðnum nemanda og hinn stuðningur við hópinn. Þegar leið á seinni önnina bættist við þriðji stuðningsfulltrúinn sem fylgdi ákveðnum nemanda.
- Í 2. bekk voru 39 nemendur og tveir stuðningsfulltrúar sem fylgdu ákveðnum nemendum.
- Í 3. bekk voru 31 nemandi og tveir stuðningsfulltrúar sem fylgdu ákveðnum nemanda.
- Í 4. bekk voru 42 nemendur og einn stuðningsfulltrúi sem fylgdi ákveðnum nemanda.
- Í 5. bekk voru 42 nemendur og tveir stuðningsfulltrúar sem fylgdu ákveðnum nemendum.
- Í 6. bekk voru 60 nemendur.
- Í 7. bekk voru 48 nemendur og einn stuðningsfulltrúi sem stuðningur við hópinn.
- Í 8. bekk voru 46 nemendur.
- Í 9. bekk voru 41 nemandi og einn stuðningsfulltrúi sem fylgdi ákveðnum nemanda.
- Í 10. bekk voru 60 nemendur.

Námsumhverfi og skipulag:

Í íþróttakennslunni höfðum við alla íþróttahöllina til afnota mánudaga til fimmtudaga en tvö bíl á föstudögum þar sem við kenndum 10. bekk eina kennslustund. Allur árgangurinn mætti saman í íþróttir og voru tveir íþróttakennarar með 1.-5. bekk og 7.-9. bekk en allir þrír íþróttakennararnir voru með 6. og 10. bekk. Á fimmtudögum komu stakir 9. bekkir og voru með einn íþróttakennara. Á föstudögum fengu nemendur í 10. bekk val um hvort þeir mættu í höllina í skólaíþróttir eða í sund. Skilyrðin fyrir því að geta valið skólaíþróttir fram yfir sund voru þau að nemendur höfðu mætt í að minnsta kosti 80% sundtíma í 9. bekk og lokið markmiðum 10. bekkjar í sundi. Við buðum nemendum að velja milli sunds og íþróttar mánuð fram í tímann og voru yfirleitt í kringum 15 nemendur sem völdu sundið.

Stundataflan var nokkuð vel sett upp en hefðum viljað fá 1.-5. bekk á mánudögum en ekki 7. bekk því það myndi bæta samfelluna í kennslunni. Að öðru leyti raðaðist stundataflan ágætlega niður. Hópastærðirnar í íþróttahöll voru hæfilegar og nauðsynlegt að það voru þrír kennarar með 6. og 10. bekk því það voru stærstu hóparnir. 1. bekkur fékk 2x 60 mínútna íþróttatíma en 2.- 9. bekkur fékk 2x 40 mínútur. Nemendur í 10. bekk fengu einu sinni 80 mínútur og þeir sem völdu íþróttir í föstudagstímunum fengu einn 40 mínútna tíma í íþróttasal að auki. Á haustdögum settum við upp kennsluáætlun fram að jólum sem var birt inni á heimasíðu skólans. Við höfðum þema fyrir hverja viku með það að leiðarljósi að kynna sem flestar íþróttagreinar fyrir nemendum, hafa fjölbreytt viðfangsefni og þjálf ákveðna færni tengda markmiðum. Á mánudögum settum við salinn alltaf upp fyrir stöðvabjálfun, 5-8 stöðvar þar sem nemendur unnu í fámennum hópum í stutta stund. Við tengdum 2-3 stöðvar þema vikunnar og aðrar stöðvar til að þjálf á ýmsa færni tengda hæfnimarkmiðunum. Hina daga vikunnar unnum við með tví- eða þrískiptan sal þar sem

viðfangsefnin tengdust þemanu og gafst meira rými til kennslu og færnipjálfunar. Haust og vor kenndum við útiþróttir og þar nýttum við nærumhverfið við kennslu, samtals voru þetta 9 vikur. Svæðin sem við nýttum var skólalóðin, Hamarskotstún, MA-völlurinn, Listigarðurinn, Sundlaugargarðurinn, KA-völlurinn, leikvellir í nágreninu og gangstéttir í kringum skóla- og íþróttamannvirki.

Sundkennslan fór fram á mánudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum. Einn íþróttakennari sá um hvern árgang nema allir þrír íþróttakennararnir komu að sundkennslu í 10. bekk. Íþróttakennarar gerðu kennsluáætlun fyrir hvern árgang þar sem sett var niður viðfangsefni hverrar viku tengdum lykilhæfni menntunar og hæfnimarkmiðum. Í haust var ráðist í framkvæmdir við innilaugina og fór því kennsla yngstu barnanna fram í lendingarlauginni og kennsla hjá þeim eldri í báðum 25 m. sundlaugunum. Mjög góðar aðstæður voru til sundkennslu en í fyrsta skipti þurftum við að fella niður þó nokkra sundtíma hjá yngri börnunum vegna kulda. Kvennaklefinn lokaði vegna framkvæmda í desembermánuði og þurfti að gera skipulagsbreytingar hjá sundhópum þannig að stúlkur fengu íþróttatíma í höllinni á meðan drengirnir héldu sundtímunum sínum. Hópastærðir voru hæfilegar í sundkennslunni frá 10-16 nemendum í flestum árgöngum en rétt um 20 nemendum í 9. bekk.

Hæfnimarkmiðin fyrir hvern árgang eru unnin út frá Aðalnámskránni, taka mið af lykilhæfni og grunnþáttum menntunar og eru mismunandi eftir aldri og færni nemenda. Allt frá grunn-hreyfifærni eins og að ganga á leikfimisbekk, grípa bolta og yfir í flóknari líkamsæfingar eins og stökk í fimleikum. Eins í sundkennslunni þá byrjum við á grunninum í vatnsaðlögun, öðlast öryggi í vatninu, förum síðan að einbeita okkur að sunaðferðum og í elstu bekkjunum kemur inn björgunarsund og meiri áhersla á nýtingu sunds sem almennrar heilsubótar. Sund markmiðin eru byggð á sundstigunum 10 sem gefur góða samfellu í náminu og hefur reynst vel í langan tíma. Auk þessara hæfnimarkmiða höfum við lagt áherslu á að kenna nemendum hreinlæti og góða umgengni á sundstöðum.

Ekki eru öll markmiðin tengd líkamlegri getu því einnig eru markmið um leikskilning, reglur í íþróttagreinum, samvinnu, framkomu við náungann, framlegð og að tileinka sér heilbrigðan lífstíl. Við kennum 1.-10. bekk og eru því markmiðin mörg og mismunandi. Undanfarin ár höfum við unnið að því að fækka og skýra hæfnimarkmiðin í námsmatinu en á sama tíma aukið áherslu á virkni og þátttöku í tímum. Við höfum það að markmiði að kenn og kynna nemendum fyrir sem flestum íþróttagreinum og fléttum inn í þær ýmsum leikjum, þrautum og verkefnum sem eru hluti af markmiðunum. Við notum fjölbreyttar kennsluáðferðir til að nálgast þessi markmið og teljum að nemendur upplifi sig ekki endilega vera að æfa eða endurtaka sömu færni heldur sé hún falin í leiknum.

Við setjum kennsluáætlunina upp með ákveðið þema fyrir hverja viku og getur þemað verið íþróttagrein til dæmis handbolti eða frjálsar íþróttir en einnig eru þemu eins og skotboltaleikir, eltingaleikir, þrek og útivist haust og vor. Nemendur þjálfast í að vinna í hóp en einnig sem einstaklingar. Við nýttum okkur mest stöðvavinnu í námsmati þar sem við útskýrðum vel hæfnimarkmiðin fyrir nemendum svo þeir vissu til hvers var ætlast og einnig vorum við með sýnikennslu. Við byrjuðum á haustönn að meta ýmis markmið og unnum að námsmatinu jafnt og þétt yfir skólaárið og lukum á vordögum.

Við teljum að íþróttakennslan hafi gengið vel á þessu skólaári. Teymið vann vel saman og var samstíga. Það gekk vel að fylgja kennsluáætlun og skipulagi en vissulega vorum við tilbúin í að vera

sveigjanleg, grípa inn og breyta ef þörf var á. Síðast liðin ár hafa komið inn afar krefjandi árgangar og einstaklingar sem sett hefur mark sitt á kennsluna. Viljum við geta undirbúið okkur og mætt nemendahópnum eins og best er á kosið og teljum því nauðsynlegt að vera alltaf að meta okkur og okkar kennsluhætti sem og bæta við okkur meiri þekkingu. Hluti af því er að tileinka okkur aðferðir leiðsagnarnámsins sem við höfum verið að gera og nýta í kennslunni. Að miklu leyti hefur íþróttakennslan einkennst af leiðsagnarnámi í gegnum tíðina hjá okkur en nú með meðvitaðri hætti. Við teljum það sóknarfæri hjá okkur að nemendur hafi meiri áhrif á framvindu námsferils síns, komi með sínar hugmyndir og hafi meira val um viðfangsefni.

Uppbygging sjálfsaga / lífsleikni

Við notuðum Uppbyggingarstefnuna í íþróttakennslunni og var mikil áhersla lögð á jákvæð samskipti, samvinnu og liðsheild í íþróttunum. Einnig lögðum við áherslu á að nemendur sýndu ábyrgð á námi sínu, væru með jákvætt viðhorf, sýndu þrautseigju og legðu sig fram. Við nýttum líka leiðsagnarnámið og hugarfar vaxtar til að efla þessa þætti hjá nemendum. Árekstrar og kappsemi eru algengir fylgifiskar í íþróttunum sem getur verið erfitt að glíma við. Við höldum áfram á sömu braut með öflugri teymisvinnu, bætum við okkur þekkingu og fáum þannig fleiri verkfæri til að leysa úr ágreiningi og mæta þörfum nemanda. Þetta er vinna sem aldrei lýkur svo við þurfum að sýna þrautseigju, prófa okkur áfram og sýna eftirfylgni.

Uppbrot – þemavinna – hefðir – vettvangsferðir – grenndarkennsla

Útivistardagar og aðrir uppbrotsdagar skipa stóran sess í skólastarfinu og eru mjög mikilvægir. *Útivistardagur* var í upphafi skólaársins sem var skipulagður af stjórnendum og á stigsfundum.

- bekkur fór í gönguferð í nærumhverfi
- 2.bekkur tók strætó í Naustahverfi og gengu um Naustaborgir.
- bekkur tók upp kartöflur sem þau settu niður síðasta vor
- bekkur hjólaði í Kjarnaskóg og gengu upp í Gamla
- 5.- 6. bekkur gekk upp að Hraunsvatni
- 7.- 10. bekkur gengu á Ystuvíkurfjall.

Fótboltamót fyrir 8.- 10. bekk fór fram í Boganum eins og undanfarin ár og gekk vel. *Útivistardagur* á vorönn var um miðjan mars og fóru allir árgangar upp í Hlíðarfjall, 7.-10. bekkur hafði þó tækifæri á að velja milli Hlíðarfjalls og Skautahallar. Við teljum það afar mikilvægt að allur skólinn fari saman í Hlíðarfjall og styðji þannig við skíðamenningu bæjarins. Það þjappar einnig nemendahópnum saman og stórir sem smáir geta leikið saman og notið útivistar. *Brekkskólaleikar* voru haldnir í byrjun maí þar sem vinabekkir komu saman og fóru á 5 stöðvar sem voru bæði á skólalóð og upp í Íþróttahöll. Þetta gekk vel en tíminn á hverri stöð var í það lengsta.

Frjálsíþróttamót UFA var með hefðbundnum hætti fyrir 4. – 7. bekk. Skólarnir og UFA sáu um skipulagningu og mönnun mótsins. Það gekk mjög vel alla dagana og hefur þetta skapað sér sess í skólahaldi á Akureyri. *Þríþraut* fyrir 7. bekk fór fram á svæði Glerárskóla í umsjón Þríþrautarsambands Íslands og var þetta í fyrsta sinn sem við tókum þátt.

Vorgrill var síðasta dag fyrir skólaslit eins og hefð er fyrir. Því miður léku veðurguðirnir okkur grátt og við þurfum að færa leikjastöðvarnar inn í skóla og Íþróttahöll sem tókst vel. Nær allir þessir dagar

hafa nán tengsl við hreyfingu og útvíst og upplagðir til að kenna nemendum á nærumhverfið og náttúruna frá fjöru til fjalls. Allir þessir viðburðir voru vel heppnaðir enda komin rík hefð fyrir framkvæmd svona viðburða þó alltaf þurfi að yfirfara og gera breytingar eftir þörfum. Eftir Brekkuskólaleikana komum við með ábendingu um prófa að færa þá yfir á haustönn næsta skólaár, til dæmis í lok september eða mánaðarmótin sept./okt. vegna fjölda viðburða á vorönn.

Samvinna nemenda

Í íþróttakennslu er mikil áhersla á íþróttir og leiki sem reyna á samvinnu nemanda. Nemendur þjálfast í að vinna með mismunandi hópum, stórum og smáum. Þeir læra að skilja hlutverk sitt sem einn hlekkur í keðjunni.

Samstarf

Foreldrasamstarf gekk vel og vorum við bæði í samskiptum við foreldra í gegnum umsjónarkennara og beint við foreldra. Eitthvað var um að foreldrar kíktu í íþróttatíma til að fylgjast með og eru þeir ávallt velkomnir. Gott samstarf var á milli íþróttakennara í grunnskólunum á Akureyri og nágrennis. Við boðuðum til fundar fyrir áramót sem var vel sóttur. Samstarfssíða íþróttakennara var ágætlega virk og voru nokkrir Zoom fundir vegna skipulags á Þríprautarkeppninni. Við eigum í ágætis samstarfi við UFA, KA, Þór, Skákfélagið, SA og GA. Þessi félög hafa komið hér og kynnt sitt starf fyrir nemendum sem og boðið til sín í kennslu eða á mót. Nauðsynlegt er að halda góðu samstarfi við íþrótt- og tómstundafélög í nærumhverfinu því flestir nemenda okkar hafa tengsl við félögin utan skólatíma.

List- og verkgreinar

Textílmennt.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Námsumhverfi og skipulag:

Veturinn 2024-2025 kenndi ég 3. - 10. bekk ásamt einum hópi í vali í fatahönnun á hvorri önn. Kennslan fór nánast öll fram í textílstofunni en einstaka daga reyndi ég að brjóta það aðeins upp með útikennslu þegar það gat gengið á góðum dögum. Ég notaði engar kennslubækur en studdist alfarið við markmiðin. Símat fór fram í öllum hópunum í vetur.

3.bekkur var 1 klst. á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum. 3. bekkur var að koma í fyrsta skipti í textílstofuna og byrjuðu þau því á að læra á stofuna, umgengni um hana og að nota einföldustu tæki og tól við textílmennt.

Markmið 3. bekkjar eru að læra á ýmis tól og tæki, nota áhöld, klippa í pappír og efni, velja saman liti og form og læra að sauma saman hluti og gera mismunandi spor ásamt því að kynnst aðeins saumavélinni.

Viðfangsefnin voru nokkur þ.e.a.s. krossaumsmynd, lítill hlutur saumaður með þræðispori, og veski þar sem þrykkt var á efni þeirra eigin hönnun og litaval fékk að njóta sín í fingraþrykki og saum í saumavél.

Þessi verkefni gengu mjög vel og má segja að nemendur hafi almennt unnið af kappi í verkefnunum og við uppfyllt markmiðin á þennan hátt.

Stuðningur í 3. bekk var í einum hóp og þá með einum nemanda.

4. bekkur var 2x 80 mín. kennslustundir á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmið 4. bekkjar var að rifja upp notkun áhalda og bæta við þekkingu á því sviði.

Læra að þrjóna slétta lykkju og þrjóna lítið stykki sem jafnvel gat orðið að bolta eða öðrum litlum hlut.

Kynnast saumavélinni betur og æfa sig í að sauma sjálfstætt með því að gera saumaæfingu í blöð. Þau klipptu út snið og sniðu og saumuðu bangsa og hönnuðu á hann andlit og fót sem þau saumuðu sjálf. Að lokum mátu þau eigin verk. Þessi vinna fyllti inn í okkar markmið.

Stuðningurinn sem við fengum í 4. bekk var frá nemanda í 8. bekk sem kom og aðstoðaði okkur.

5. bekkur var 2x 80 mín. kennslustundir á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmið 5. bekkjar var uppfyllt með því að hanna sjálfsmynd fyrir krosssaum og sauma hana í java. Síðan gerðu þau lítinn púða/nálapúða úr því. Þau klipptu svo í tvöfalt efni mynd og bakstykki sem þau síðan saumuðu í saumavélinni (beinan og sikk sakk saum) og handsaumuðu fyrir gatið. Þau lærðu að fitja upp á þrjón og þrjónuðu slétt stykki og gerðu mismunandi hluti úr því. Ekki náðu allir að byrja á þrjónastykkinu. Nemendum gekk í heildina nokkuð vel og voru flest jákvæð fyrir verkefnunum.

Stuðningur í 5. bekk var til staðar (sameiginlega fyrir verk og listgreinar) ef á þurfti að halda en engin þörf var á því þar sem þeim gekk almennt vel að vinna verkefni.

6. bekkur var 2x 80 mín. kennslustundir á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmiðin þeirra voru almennt uppfyllt en þau voru að læra að hekla loftlykkju og fasta hekl og náðu flestir að gera það og bættu sumir jafnvel við sig fleiri aðferðum í hekli.

Stóra verkefnið þeirra var að hanna og sauma púða, sem innihélt þau markmið sem við stefndum að eins og að rifja upp saumavélakunnáttu, þræðingu og notkun spora, klippa nákvæmt í efni og fara eftir einföldum leiðbeiningum. Einnig völdu þau sér efni og liti í verkefnið sem innihélt hand og vélsaum.

7. bekkur var 2x 80 mín. kennslustundir á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmiðin voru að nemendur lærðu enn frekar á saumavélina svo sem spóla upp á spólu, þræða og að stilla á mismunandi spor og kunna almennt að nýta sér saumavélina. Einnig áttu nemendur að

geta sniðið og saumað sér einfalda flík úr endurunnu efni, en þau saumuðu öll náttbuxur. Þetta verkefni gekk mjög vel og voru allir sáttir við það og fylltu þau með þessari vinnu upp í markmiðin.

8. bekkur fékk 80 mín. á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmið var að geta hannað og saumað og valið liti og form á sinn poka, valið skreytingar, efni og saumað sjálfstætt bæði hand og vélsaum. Nemendur náðu öllum markmiðum í þessu eina verkefni.

9. bekkur fékk 80 mín. á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmiðið var að bæta við sig þrjónakunnáttu sem varð afar mismunandi. Nemendur náðu misjafnlega langt í þeim markmiðum og verður að segjast eins og er að þar sem þrjónið er tímafrekt og tímarnir fáir hjá hverjum og einum hóp náðu margir ekki að fylla upp í markmiðin nema að sumu leyti.

10. bekkur fékk 80 mín. á viku í rúllu á móti öðrum list og verkgreinum.

Markmiðin voru að læra mismunandi aðferðir í taulitun og hanna sinn eigin púða sem þau þurftu að skreyta með handsaum eftir sinni eigin teikningu. Í þessu verkefni var öllum markmiðum náð og nemendur voru mjög jákvæðir og duglegir að vinna þetta verkefni.

Fatahönnun - valgrein

Nemendur fengu sem nemur 80 mín. á viku en við höfum þau 120 mín. á viku þar sem tímarnir hafa nýst betur þannig og því höfum við hætt fyrr á önninni sem þessu nam.

Markmiðin í fatahönnun voru eingöngu að bæta eigin kunnáttu þar sem nemendur úr 8. 9. og 10. bekk eru saman í hóp og sumir búnir að vera nokkrum sinnum í fatahönnun og aðrir eru nánast byrjendur í að sauma flíkur. Verkefnin gengu almennt vel og nemendur saumuðu sér fínar flíkur svo sem hettupeysur og buxur.

Í öllum hópum er að mestu einstaklingsvinna og hef ég lagt áherslu á að þau styðji hvert annað ef þörf er á, skilji ekki út undan og hjálpist að ef þörf er á. Nemendur læra að ganga vel um hlutina og nýta allt efni vel. Almennt hef ég reynt að notast við uppbyggingarstefnuna og leiðsagnarnámið í minni kennslu. Ég hef reynt að vera jákvæð, hrósa og hvetja nemendur til að vera jákvæð og reyna betur þó stundum gangi hlutirnir ekki nógu vel. Það hefur oftast gengið vel og ég hef almennt átt í góðum samskiptum við nemendur mína.

List og verkgreinateymið hefur unnið vel saman þegar á þarf að halda og við höfum reynt að vera stuðningur hvert við annað þegar þess er þörf. Við höfum unnið saman á uppbrotsdögum og að undirbúningi árshátíðar, þemavinnu (vatnið), og gengið mjög vel og öll samvinna okkar mjög þægileg og góð.

Grænfanaverkefnið hefur gengið vel en ég hef verið mjög ánægð að vinna í því verkefni undir frábærri stjórn.

Þessi vetur hefur gengið mjög vel í kennslunni.

Hönnun og smíðar

Námsumhverfi og skipulag:

Hver lota var 80 mínútur í öllum árgöngum og skipulag kennslustundar yfirleitt keimlíkt. Í upphafi safnaðist námshópurinn saman og farið var yfir hvert markmið kennslustundarinnar væri og hvernig nemendur skyldu vinna að því að ná því. Þetta tók stundum stutta stund og en stundum var tekinn góður tími í að ræða við nemendur um tilgang og markmið og aðferðir. Hér voru verkfæri leiðsagnarnáms oft notuð. Til að mynda vaxandi hugarfar, áhersla á samvinnu og námshringurinn. Þessi atriði voru bæði rædd í námshópnum sem heild og einnig við einstaka nemendur eftir því sem tækifæri gáfust. Þetta gafst vel og nemendur yfirleitt móttækilegir. Það var sérstök áhersla á námshringinn.

Þegar ný verkefni voru lögð fyrir var farið yfir tilgang og markmið hvers verkefnis. Fyrirmyndarverkefni voru notuð til að sýna hvaða hæfniviðmið var ætlast til að nemendur næðu. Flest verkefni eru þannig að nemendur geta útfært þau frá sínum áhugasviðum að einhverju leyti. Þannig geta húsín sem nemendur í 7. bekk smíða tekið á sig ýmsar myndir og stundum fengu nemendur frjálssar hendur til að finna algjörlega út úr því hvaða þeir vildu búa til.

Í lok kennslustundar var áhersla lögð á ábyrgð nemenda á frágangi í stofunni og hópurinn fékk endurgjöf. Flest verkefni voru einstaklingsverkefni en í vetur var unnið með námsfélaga. Það er hentugt við uppsetningu stofunnar að tveir hefilbekkir liggja saman og yfirleitt voru tveir til þrír nemendur að vinna á sama svæði. Það gaf gott tækifæri fyrir þá að hjálpast að. Bæði við úrlausn verkefna og þegar einfaldlega vantaði auka hendur. Þannig gátu nemendur lært hversu gagnlegt það er að vinna saman, þó það sé jafnvel unnið að einstaklingsverkefni. Þetta gaf góða raun en sumir nemendur kusu helst að vinna sjálfir og nýttu sér ekki námsfélaga.

Í sjöunda bekk og fimmta bekk unnu nemendur að verkefni í litlum hópum þar sem reyndi á færni þeirra til að skipuleggja hópavinnu.

Í vetur var lögð aukin áhersla á lausnarleit. Markmiðið var að auka sjálfstraust og sjálfstæði nemenda og fara frá námi þar sem nemendur einfaldlega fylgja fyrirmælum kennara. Þetta átti sérstaklega við eldri nemendur sem höfðu tileinkað sér ýmskonar hæfni áður. Til að mynda voru nemendur látnir setja sig í spor eiganda verkstæðis sem er beðinn að smíða ákveðinn hlut eftir teikningu. Nemendur fengu efnivið og verkfæri en þurftu að ræða saman um hvernig best væri að útfæra smíðina sjálfa. Hlutverk kennara var að standa á hliðarlínunni og veita bjargir ef nemendur höfðu spurningar eða voru á leið langt út af sporinu. Annað dæmi um lausnarleit var verkefni sem unnið var á þemadögum. Það var unnið út frá áherslum STEM Ísland¹ um þróunarhring verkefna. Nemendur fengu verkefni (sigla vindknúnum bát tvo metra) og efnivið og höfðu algjörlega frjálssar hendur. Með þessari aðferð þróuðu nemendur smám saman ýmsa parta sem nútíma bátar hafa.

¹ www.stemisland.is

Samvinna og þemaverkefni

Sameiginlegt jólafondur var haldið af list- og verkgreinakennarateymi. Nemendur á miðstigi fengu að velja sér jólafondur og allur árgangurinn vann saman í þremur stofum. Þetta var skemmtilegt uppbrot og nemendur tóku vel í það. Hins vegar náðu margir nemendur ekki að klára verkefni svo mögulega væri hægt að gera þetta aftur og taka fleiri kennslustundir og/eða einfalda verkefni. List- og verkgreinakennarateymið tók ríkan þátt í þemadögum, þar sem kennarar sáu um vinnu á mismunandi stigum. Einnig sá teymið um vinnu á Brekkuskólaleikum og vorhátíð en sú vinna heppnaðist með ágætum.

Kennt eftir markmiðum og námsmati

Við val á verkefnum, efnivið og kennsluaðferðum voru hæfniviðmið aðalnámskrár, eins og þau birtast í hæfnikortum, höfð að leiðarljósi. Þau eru í þremur flokkum: Handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Út frá þessum hæfniviðmiðum höfðu hæfnikort verið búin til. Sum viðmiðin voru mjög víð, svo sem að geta valið aðferð, efni og verkfæri við hæfi á meðan önnur voru þröng, svo sem að kunna að nota borvél og geta skipt um bor. Þetta gaf tækifæri til að útbúa fjölbreytt verkefni sem innihéldu þá ákveðna verkþætti.

Stigskipt kennsla og skipulögð framvinda

Áhersla var lögð á að byggja góðan grunn í upphafi og byggja svo skipulega ofan á þá hæfni sem nemendur öðluðust

Á yngsta stigi voru nemendur kynntir fyrir flestum einföldum verkfærum og teiknaðferðum. Nemendur fengu þjálfun í að saga út í krossvið og MDF, efna með handsög, líma með trélími, nota vatnsmálningu á ábyrgan hátt og negla nagla. Þeir æfðust í að teikna grunnmynd, draga upp form með kalkípappír og mæla einfaldar stærðir í niðurefnun.

Á miðstigi bættist við meiri teikning og sjálfstæð hönnun. Sömuleiðis bættist meiri tenging við stærðfræði. Nemendur lærðu að finna miðju á efni og búa til 45° horn með vinkli, hliðsetja línu til að gera ramma, nota málband og vinkil til að gera nákvæma skurði með handsög og saga línur á ská. Nemendur fengu frjálstari hendur til að hanna sín eigin verkefni. Til dæmis bjó 5. bekkur til módel af bæ eftir eigin höfði, nemendur í 6. bekk hönnuðu sinn eigin bát og í 7. bekk hönnuðu nemendur hús og teiknuðu það upp áður en vinna hófst. Ásamt því að fá flóknari verkefni með einfaldari verkfærum kynntust nemendur nýjum verkfærum og fengu að nota tifsög og pússivél. Í 6. bekk fengu nemendur kennslu í samsetningu með skrúfum. Þeir lærðu að nota bæði bor- og skrúfvél og allt það helsta sem þarf að vita til að geta skrúfað saman efni með árangursríkum hætti og þurftu að sína fram á þá hæfni í verkefni.

Á efsta stigi héldu nemendur áfram að teikna upp verkefnin sín. Kistur, myndarammar og hillur urðu til í ýmsum stærðum. Einnig fengu nemendur verkefni þar sem þeir þurftu lesa teikningar til að ljúka verkefninu á réttan máta. Meiri áhersla var sett á nákvæm og vönduð vinnubrögð og reynt var að bjóða upp á verkefni sem nýttust á heimilinu. Nemendur kynntust flóknari samsetningum sem eru mikið notaðar í smíðavinnu eins og geirungsskurði. Einnig kynntust nemendur flóknari efnismeðferðum svo sem bæsi og lakki.

Námsmat

Nemendur voru metnir reglulega yfir það tímabil sem þeir sóttu tíma. Þeir voru metnir eftir frammistöðu í tímum og eftir því hvort verkefnavinna þeirra uppfyllti hæfniviðmið. Í námsmati var það haft til hliðsjónar að meta hvern nemenda út frá hans eigin persónulegu vegferð í gegn um námið. Nemendur fengu sérstaka endurgjöf ef þeir höfðu sýnt framfarir. Áhersla var á að draga úr gildishlöðnu námsmati til að lágmarka líkur á því að nemendur litu á námsmat sem mat á þeim sem manneskjum. Þess í stað var áherslan á að hlutverk nemenda væri að gera sitt besta í að læra og æfa sig og hlutverk kennara væri að fylgjast með og merkja við hvenær nemandi hefði náð tökum á ákveðnum atriðum. Þannig gæti nemandi alltaf haft kost á því að leggja sig fram til að ná tökum á viðfangsefnum.

Dans

Kennari: Varvara Voronina Starfshlutfall: 70%

Bekkur: 5.-10. Bekkur

Námsumhverfi og skipulag:

- Í 5. bekk voru 42 nemendur Í 6. bekk voru 60 nemendur
- Í 7. bekk voru 48 nemendur Í 8. bekk voru 46 nemendur
- Í 9. bekk voru 41 nemandi
- Í 10. bekk voru 60 nemendur

Námsumhverfi: Tónmenntastofa og salur (á þriðjudögum)- rýmið er stórt og gott. Á miðstigi nutu nemendur fleiri kennslueininga í dansi en nemendur á elsta stigi. Kennsluefnið og verkefni var aðlagð aldri hvers hóps, þar sem farið var misdjúpt í viðfangsefnin og áherslur lagðar á mismunandi þætti eftir getu og þörfum hvers hóps. Hæfniviðmið fyrir hvern árgang voru mótuð út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hjá 5.-7. bekk var stefnt að því að nemendur öðluðust færni í að nota líkamann markvisst við dans og hreyfingu, gætu skapað og flutt einföld dansverk, komið með eigin tillögur í sköpunarferlinu, tileinkað sér góðar samskiptareglur og gætu bæði gefið og þegið uppbyggilega endurgjöf og nýtt hana til framfara. Í 8.-10. bekk voru svipaðar áherslur, en að auki var unnið að því að nemendur sýndu öryggi sem hluti af danshópi, gætu tekið virkan þátt í sköpunarferli og þróað eigin hugmyndir í skapandi dansi.

Viðfangsefnin voru margvísleg. Flestir árgangar, að 5. bekk undanskildum, unnu verkefni þar sem Barnasáttmálinn var lagður til grundvallar. Einnig var nýtt tækni eins og gervigreind til að skapa dansa sem nemendur þurftu að læra og flytja. Meðal annarra verkefna voru liðleikaæfingar, jóga, myndun stafa með líkamsstöðum, Just Dance og skapandi vinna með ýmis áhöld eins og tennisbolta, húlahringi og borða. Nemendur í 5. og 8. bekk kynntust íslenskum þjóðdönsum, en 9. og 10. bekkur æfði skipulagða göngu eftir fyrirfram ákveðnu mynstri. Við kennsluna nýttu nemendur sér margvísleg hjálpartæki eins og YouTube, gervigreind, hreyfispil og ýmislegt lesefni. Í námsmati var horft til samvinnuhæfni, lausnaleitar og sköpunarkrafts. Nemendur þjálfuðust bæði í sjálfstæðum vinnubrögðum og hópvinnu. Í kennslunni voru notaðar aðferðir leiðsagnarnáms. Lögð var áhersla á

að mistök væru eðlilegur hluti af námsferlinu, hugarfar vaxtar var eft og verkefni voru kynnt með skýrum leiðbeiningum um vinnuferli til að styðja við sjálfstæði nemenda. Tæknin var virkjuð í náminu þar sem nemendur notuðu rafræn tæki til að afla upplýsinga um tónlist og hreyfingar og til að öðlast innblástur við sköpun eigin dansverka. Í kennslunni var lögð rík áhersla á sjálfsaga og félagsfærni með því að rækta jákvæð samskipti, efla samvinnu, styrkja ábyrgðartilfinningu gagnvart eigin námi, og stuðla að jákvæðu viðhorfi, seiglu og ástundun.

Nemendur tóku þátt í Barnamenningarhátíð á Akureyri þar sem Brekkuskóli og Tónlistarskóli Akureyrar unnu saman. Þrettán stúlkur úr 6.-8. bekk tóku þátt í dans- og tónlistarsýningu sem heppnaðist einstaklega vel. Í skapandi verkefnum fengu nemendur tækifæri til að fylgja eigin áhugasviði með því að hanna dansverk þar sem þeir höfðu val um tónlist, útfærslu, búninga og fleira. Í gegnum önnin var lögð áhersla á samvinnu í fjölbreyttum verkefnum eins og danssköpun, mynsturgöngu og jógaæfingum. Námið gekk vel fram og tóku allir nemendur þátt á sínum forsendum, með jákvæðu viðhorfi til að tileinka sér nýja færni.

Heimilisfræði

Námsumhverfi og skipulag:

Á skólaárinu var heimilisræði kennd í eftirfarandi hópum:

- 3. bekkur: 3 hópar
- 6. bekkur: 5 hópar
- 10. bekkur: 5 hópar
- Valhópar á unglingastigi: 3 hópar á hvorri önn

Auk þess komu nemendur úr 10. bekk og hjálpuðu til við að baka fyrir árshátíð nemenda í vikunni fyrir árshátíð.

Stundaskrá og tímamagn

Hver nemendahópur hefur fengið 80 mínútna kennslutíma í hvert sinn, sem hefur reynst heppilegt tímabil fyrir bæði verklega og bóklega vinnu. Nemendur í valáföngum hafa fengið 120 mínútur vikulega sem hefur gert kleift að vinna að umfangsmeiri verkefnum.

Áherslur í kennslu

Umhverfisfræðsla sem þverfagleg áhersla

Í öllum árgöngum höfum við innleitt markvissa umhverfisfræðslu sem rauðan þráð í gegnum kennsluna. Helstu áherslupættir hafa verið:

1. Flokkun úrgangs
 - Kynning á flokkunarkerfi og mikilvægi þess
 - Sérstök flokkunarílát í kennslueldhúsi

2. Barátta gegn matarsóun

- Fræðsla um umhverfisáhrif matarsóunar
- Kennsla í nýtingu afganga (soðpoki sem allir nemendur söfnuðu í og nemendur nýttu í matargerð)

Kennsla eftir aldurstigum

3. bekkur

Kennsla í 3. bekk hefur verið sérlega ánægjuleg þar sem nemendur sýna mikinn áhuga og eru móttækilegir fyrir nýrri þekkingu. Sérstök áhersla var lögð á:

- Frágang í kennsluheldhúsi, sérstök áhersla lögð á uppvask
- Gerð einfaldra uppskrifta

6. bekkur

Í 6. bekk höfum við byggt ofan á fyrri þekkingu nemenda og aukið við flækjustig verkefna. Helstu áhersluatriði:

- Einfaldir aðalréttir með áherslu á hollustu
- Fjölbreyttar eldunaraðferðir (suða, steikja, baka)
- Kennsla í mælingum og uppskriftarlestri
- Einnig var kennslan samþætt við markmið í ensku þar sem nemendur áttu að fara eftir leiðbeiningum á ensku

10. bekkur

Morgunmatarþema: Nemendur voru spurðir hverjir borðuðu morgunmat og hvað var borðað og voru upplýsingarnar teknar saman fyrir allan veturinn. Hver hópur fékk 6 kennslustundir. Sérstök áhersla var lögð á:

- Nemendur átti sig á mikilvægi holls mataræðis
- Nemendur kynnist fjölbreyttum uppskriftum

Valhópar á unglingastigi

Valhóparnir fengu 120 mínútur í hvert skipti með að fá 40 mínútur lánaðar seinna af önninni. Nemendur í vali kláruðu því fyrr á hvorri önn.

Í hverjum tíma voru að jafnaði 3 verkefni, 1 eldamennsku, 1 baksturs og 1 eftirréttar og unnu nemendur 2-3 saman og voru oft 2 hópar með eins verkefni. Nemendur fengu að velja sig í hópa eftir áhugasviði gegn því að öll verkefni væru gerð.

Nemendur kynntust mismunandi aðferðum og fóru í ferðalag um heiminn í matreiðslu ásamt því að áhersla var lögð á íslenska matargerð. Hóparnir buðu einnig starfsfólki skólans í mat og gáfu þeim afgang af matnum.

Nemendur fengu einnig að koma með hugmyndir að verkefnum og velja á milli mismunandi verkefna.

Nemendur í vali hjálpuðu einnig við að undirbúa bakkesli fyrir árshátíð nemenda.

Kennsluhættir og námsmat

Í allri kennslu var lagt áherslu á fjölbreytta kennsluhætti með jafnvægi milli verklegar og bóklegrar kennslu:

1. Verkleg kennsla
 - Sýnikennsla í litlum hópum
 - Verklegar æfingar undir leiðsögn
 - Jafningjafræðsla þar sem nemendur kenna hver öðrum
2. Bókleg kennsla
 - Umræður og ígrundun
 - Verkefnavinna tengd næringarfræði, umhverfisnefnd og sjálfbærni

Námsmat

Námsmat hefur verið fjölbreytt og endurspeglar margvíslega hæfni nemenda: Símat

- Skráning á virkni og framförum í hverjum tíma
- Mat á samvinnu og vinnubrögðum

Árangur

Heilt yfir tel ég að kennslan hafi gengið vel og markmið námsins náðst:

Aukin færni nemenda

- Framfarir í verklegri færni við matreiðslu og bakstur
- Aukinn skilningur á næringarfræði og mikilvægi heilsusamlegs mataræðis
- Vitundarvakning varðandi umhverfismál tengd matargerð

Myndmennt

Sérkennsluteymi Brekkuskóla

Teymið skipaði Guðrún Íris Valsdóttir, Halla Kristín Tulinius, Lovísa H. Jónsdóttir, Þórdís Gísladóttir, Þorgerður Guðmundsdóttir, Sigrún Héðinsdóttir, Helga Ester Snorradóttir og Rósa Mjöll Heimisdóttir. Rósa Mjöll var verkefnastjóri sérkennslu hluta vetrar.

Fundir í sérkennsluteymi voru einn fimmtudag í mánuði kl. 15:00 - 16:00.

Sameiginleg fræðsla

Sérkennarar fengu fræðslu frá nokkrum aðilum í vetur. Bergmann kynnti fyrir teyminu nokkur forrit sem gott er að nota í kennslu. Við höfum verið að æfa okkur í að nota nokkur, þá helst Wordwall þar sem orðaforði, lesfimi og lesskilningur er þjálfaður. Einnig höfum við notað Canva við námsefnisgerð, t.d. fyrir stuðningsspjöld með orðaforða og reglum. Nokkrir sérkennarar hafa notað Classkick til að setja inn verkefni og geta þar haft yfirsýn yfir verkefnavinnu nemenda. Við erum einnig að læra á Viskubrunn. Svo erum við að fíkra okkur áfram með Helperbird sem er gott tæki fyrir nemendur með lestrarörðugleika, íslensku sem annað tungumál og aðra sem þurfa stuðning í lestri.

Við fengum kynningu á Neista, stærðfræðiefni fyrir yngri bekki sem áætlað er að nota í skólanum, vonandi á næsta skólaári.

Maggý og Natalía kynntu fyrir okkur hugsandi skólastofu í stærðfræði. Aðferð sem hvetur nemendur til að hugsa og ræða saman og erum við alltaf með aukna áherslu á þá þætti í kennslunni.

Sérkennarar tóku einnig þátt í Utis-Online síðastliðið haust. Íris og Halla fóru á námskeiðið Samræðufélagar - Talking partners secondary. Ætlunin er að innleiða það á mið- og unglingastig á næsta skólaári. Halla, Rósa og Íris sátu Vorráðstefnu RGR Fötluð börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Þórdís fór á námskeið frá DAM teyminu um nemendur með tilfinningavanda. Rósa fór á námskeiðin; Langar þig að byggja upp jákvæða menningu í kennslustofunni og Sálræn áföll, áfallamiðuð nálgun og þjónusta. Einnig hafa sérkennarar setið fyrirlestra og námskeið varðandi PALS og KPALS í vetur ásamt ýmsum öðrum netfyrirlestrum og öðru því sem hefur staðið sérkennurum til boða.

Verkefni sem unnið var að á fundum í vetur:

Við byrjuðum á því að gera starfsáætlun fyrir veturinn og leggja línur fyrir verkefni vetrarins.

Áhersla hefur verið á kennsluaðferðir og námsefni. Við höfum sagt hver annarri frá því sem við erum að gera og nýtist vel og reynt að auka að deila með okkur verkefnum og aðferðum svo við lærum hver af annarri.

Við fengum verkefni frá gæðaráði til að yfirfara og betrubæta verkferil um skimanir og hvað gera á út frá niðurstöðum. Eru það umbætur út frá umbótaþætti 2.4 í umbótaáætlun skólans en hann fjallar um að niðurstöður samræmdra könnunarprófa séu nýttar með markvissum hætti. Því er lokið og er verkferillinn á starfsmannavefnum á heimasíðu skólans undir flípanum Handbók.

Við fengum einnig verkefni frá læsisnefndinni um að lesa yfir textann sem snýr að sérkennslu í læsisstefnu skólans og koma með ábendingar og er því lokið.

Einnig unnum við með starfslýsingar sérkennara, hvað felst í þeim og hvernig hægt er að betrubæta þær. Ábendingum varðandi starfslýsingar sérkennara hefur verið komið á framfæri við stjórnendur.

Við vinnum ávallt að því að færa það sem við lærum og þjálfumst í yfir til annarra; nemenda og samkennara.

Hugleiðingar á vordögum

Í vetur kom upp sú hugmynd að reyna að hafa nokkurs konar lausnateymi næsta vetur þar sem hægt væri að ræða ýmis nemendamál sem koma inn á borð sérkennara. Upp hefur komið hugmynd að hafa áfram fundi með sama sniði, einu sinni í mánuði. Að auki myndum við hittast tvisvar í mánuði á lausnateymisfundum. Þeir þurfa að vera stuttir og markvissir. Mikilvægt er að umsjónarkennarar beri raunverulega ábyrgð á öllum sínum nemendum, líka þeim sem þurfa á miklum stuðningi að halda. Umsjónarkennari myndi hugsanlega mæta á lausnateymisfundi þegar taka á fyrir hans nemanda.

Guðrún Íris, Halla Kristín, Helga Ester, Lovísa, Rósa Mjöll, Sigrún, Þorgerður og Þórdís.